



NAUSTASKÓLI

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Ársskýrsla



9. starfsár 2017 – 2018



Inngangur

Hér má sjá ársskýrslu Naustaskóla fyrir níunda starfsár Naustaskóla, 2017-2018. Skólinn gefur árlega út rit af þessu tagi, markmiðið með því er að taka saman og miðla upplýsingum um skólastarfið, kynna þau verkefni sem unnið er að hverju sinni og skrá þannig um leið sögu skólans frá upphafi. Jafnframt er útgáfa ársskýrslu þáttur í formlegu sjálfsmati skólans enda ætlunin að koma á framfæri mati á því hvernig til hefur tekist með ýmsa þætti starfsins, og hugmyndum að úrbótum. Skýrslan er birt á heimasíðu skólans og dreift til starfsmanna, skólaráðs, skólanefndar og skóladeildar Akureyrarbæjar.

Bryndís, skólastjóri

Stefna Naustaskóla

Stefna skólans er sett fram sem leiðarljós fyrir skólastarfið, þ.e. hvert hlutverk skólans er, hvaða framtíðarsýn við höfum fyrir skólann okkar og hvaða markmið við viljum helst hafa í huga með starfinu. Stefnan var mótuð í samvinnu við fulltrúa foreldra í upphafi skólastarfsins, á grunni undirbúningsvinnu sem fram fór fyrir stofnun skólans. Hún byggir einnig á skólastefnu Akureyrarbæjar sem samþykkt var í bæjarstjórn árið 2005 en þá stefnu má finna á heimasíðu skóladeildar Akureyrarbæjar <http://skoladeild.akureyri.is>. Skólaárið 2013-2014 fór fram endurskoðun á áherslum skólans með hliðsjón af nýrri Aðalnámskrá grunnskóla og voru þá áherslur í stefnu skólans settar fram sem markmið og viðmið um starfshætti eins og sjá má hér á eftir. Skólaárið 2017-2018 vann starfshópur að endurmati á stefnu skólans sem skilaði sér í áherslubreytingum sem taka gildi frá og með næsta skólaári. Þær breytingar fela t.d. í sér að umsjónarhópar verða „hreinir“ og stefnt er að því að kennarateymi fylgi árgöngum í 2-3 ár.

Hlutverk

Hlutverk skólans er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda, að mennta ábyrga og hæfa þjóðfélagsþegna sem geta tekið virkan þátt í þróun samfélagsins og stundað frekara nám. Allir skulu öðlast alhliða menntun og fá hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga. Skólinn er mennta- og þjónustustofnun sem sinnir hlutverki sínu í náinni samvinnu við heimilin með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.



**Framtíðarsýn**

Naustaskóli verði framsækinn 500 nemenda grunnskóli, kunnur fyrir kraftmikið og vel heppnað skólastarf með sérstakri áherslu á að koma til móts við hvern og einn nemanda. Nemendur skólans verði lífsglaðir, sjálfstæðir og sjálfsöruggir. Skólinn eigi gott samstarf við heimilin og samfélagið.




Áherslur skólans

Námsaðlögun

Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Skólinn mæti þörfum nemenda í námi.**
 - Til staðar eru ætíð nákvæmar og ítarlegar starfs- og námsáætlanir sem eru aðgengilegar fyrir nemendur og foreldra
 - Nemendur eiga jafnan val um mismunandi leiðir til þess að ná markmiðum sínum
 - Einstaklingsáætlanir eru til staðar fyrir nemendur eftir þörfum
 - Teymiskennsla er nýtt til að nýta styrkleika starfsmanna og til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda
 - Nemendur fá tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt og starfshætti í skólanum
 - Allir starfsmenn fylgja starfsþróunaráætlun sem endurskoðuð er árlega
- **Nemendur verði vel læsir á hvers kyns upplýsingar og á umhverfi sitt**
 - Áhersla er á lestur og hvers kyns læsi á öllum stigum skólans
 - Allir nemendur lesa á hverjum degi
 - Kennarar og nemendur nota upplýsingatækni á ábyrgan og skilvirkan hátt
- **Nemendur rækti sköpunarhæfileika sína**
 - Áhugasvið nemenda eru virkjuð sem hluti af starfinu
 - Nemendur fá tækifæri til að nálgast viðfangsefni sín á skapandi hátt
 - Leikur er nýttur sem kennsluáðferð
 - Kennsluhættir eru fjölbreyttir og áhersla á verk- og listgreinar
- **Nemendur verði sjálfstæðir, taki ábyrgð á námi sínu og taki stöðugum framförum**
 - Allir nemendur þekkja þau markmið sem unnið er með hverju sinni
 - Námsmat gefur upplýsingar um inntak námsins, tengist settum markmiðum og er leiðbeinandi fyrir nemendur
 - Á mið- og unglingastigi fylgja nemendur námsáætlunum sem byggja á sjálfstæði þeirra og hafa val um leiðir í náminu
 - Nemendur þekkja og skilja hugtök grunnþátta menntunar, og kennsluteymi temja sér notkun þeirra



Athvarf

Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Nemendum líði vel í skólanum**
 - Starfsfólk er glaðlegt, umhyggjusamt og vingjarnlegt við nemendur



- Allir hafa skýr hlutverk og finna fyrir öryggi
- Viðmið um hegðun eru skýr og sýnileg á viðeigandi stöðum í skólanum
- Líðan og félagstengsl nemenda eru könnuð reglulega og brugðist við niðurstöðum
- **Aðstaða og umhverfi í skólanum sé aðlaðandi og hvetjandi**
 - Hugtök, markmið, námsgögn og verk nemenda eru sýnileg og aðgengileg í skólanum
 - Námsgögn eru skipulögð með tilliti til mismunandi námsstíla nemenda
 - Námsgögn allra aldurs hópa innihalda m.a. bóka/lestrarkröka, þankakrika, stærðfræðisvæði, lausnastað, rólegt svæði, hópavinnusvæði o.s.frv.
 - Sjónrænar leiðbeiningar eru nýttar til að sýna skipulag skóladagsins
 - Skólinn og umhverfi hans er ætíð snyrtilegt og þrífalegt
 - Allir taka þátt í að halda umhverfinu í skólanum snyrtilegu
- **Forráðamenn og nemendur eigi aðgang að ráðgjöf og stuðningi**
 - Foreldrar eru upplýstir um þá ráðgjöf og þjónustu sem þeir eiga kost á
 - Skólinn hefur milligöngu um að útvega ráðgjöf eða sérfræðiaðstoð eftir því sem tæk eru á
 - Nemendur fá jákvæða og uppbyggilega leiðsögn
- **Skólinn sé miðstöð fyrir íbúa hverfisins**
 - Skólinn stendur fyrir viðburðum fyrir íbúa hverfisins og veitir aðstöðu fyrir slíka viðburði
 - Skólinn og hverfisnefnd eiga með sér gott samstarf

Umhyggja og virðing

Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Öll samskipti í skólasamfélaginu byggist á virðingu, umhyggju og jafnrétti**
 - Fræðsla um jákvæðan aga er veigamikill þáttur í skólastarfinu
 - Starfsfólk beitir aðferðum jákvæðs aga af öryggi
 - Nemendur og starfsfólk þekkir og fylgir skólasáttmála
 - Nemendur og starfsfólk nýta tíma sinn vel og eru stundvís
 - Nemendur og starfsfólk kunna og nýta mismunandi leiðir til að leysa úr ágreiningi
 - Tekið er tillit til jafnréttissjónarmiða í öllum ákvörðunum og áætlunum
 - Allir starfsmenn eru ábyrgir ef taka þarf á óæskilegri hegðun hjá nemendum
- **Nemendur læri að bera virðingu og umhyggju fyrir sjálfum sér og öðrum**
 - Gæðahringir með dagskrá eru haldnir a.m.k. þrisvar í viku í öllum námshópum
 - Hlutverkaleikir eru nýttir til að gefa innsýn í aðstæður og tilfinningar annarra
 - Aldursblöndun nemenda og sveigjanleiki í hópaskiptingum nýtast til að ýta undir umburðarlyndi og umhyggju
 - Starfsfólk hvetur nemendur og hvert annað



- **Nemendur öðlist skilning á sjálfbærni í umhverfislegu, félagslegu og efnahagslegu tilliti**
 - Fræðsla um umhverfismál er veigamikill þáttur í kennslu nemenda
 - Skólinn vinnur markvisst að því að öðlast / endurnýja Grænfánann

Samvinna

Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Skólasamfélagið einkennist af samvinnu, lýðræði og mannréttindum**
 - Allir starfsmenn skólans vinna í teyllum
 - Allir meðlimir í skólasamfélaginu hafa tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir
- **Starfsmenn, foreldrar/forráðamenn og nemendur taka þátt í ákvörðunum**
 - Nemendur og foreldrar/forráðamenn geta haft áhrif á sett námsmarkmið nemenda
 - Skólaráð, nemendaráð og Foreldrafélag starfa skv. settum áætlunum
 - Nemendaviðtöl umsjónarkennara og nemenda eiga sér stað a.m.k. þrisvar á ári og oftast eftir þörfum
- **Foreldrar/forráðamenn eru virkir þátttakendur í námi barna sinna**
 - Í tengslum við foreldraviðtöl fá foreldrar/forráðamenn upplýsingar um nám og líðan nemandans
 - Nemandi og foreldrar/forráðamenn taka þátt í að meta vinnu og árangur nemandans
 - Viðeigandi starfs-, kennslu- og námsáætlanir eru ætíð aðgengilegar á vef
- **Skólinn lýtur markvissri stjórnun sem byggir á kunnri stefnu**
 - Ákvarðanir eru teknar með hliðsjón af stefnu skólans og fyrirliggjandi gögnum
 - Starfsmenn, foreldrar og nemendur eru upplýstir um stefnu skólans
 - Skólinn gefur út mánaðarleg fréttabréf og heimasíða er virk til upplýsingaveitu
 - Umsjónarkennarar senda út vikulega upplýsingapósta
 - Kennsluteymi taka sameiginlega ábyrgð á nemendahópnum og nýta þann sveigjanleika sem felst í teymiskennslunni
- **Nemendur læra markvisst að vinna saman**
 - Kennsluhættir einkennast af samvinnu nemenda
 - Nemendaráð er virkt og stendur fyrir skólaþingi eldri nemenda árlega

Táp og fjör

Markmið / viðmið um starfshætti



- **Nemendur og starfsmenn séu glaðir við störf sín innan skólans og líði vel**
 - Söng og tjáningu er beitt markvisst í náminu
 - Hver skóladagur inniheldur fjölbreytt viðfangsefni
 - Samverustundir með fjölbreyttum atriðum frá nemendum eru a.m.k. vikulega
 - Fjölbreyttir félagslegir viðburðir eru í boði fyrir nemendur t.d. félagsmiðstöð, dansleikir, bekkjarkvöld og fl.
- **Skólinn stuðlar að heilbrigði og velferð**
 - Hreyfing og leikir eru markvisst notuð í starfinu
 - Útikennsla og útivist eru fastir liðir í námi
 - Skólinn stuðlar að hollu fæði nemenda
 - Nemendur fá fræðslu um heilbrigða lífshætti

Allir með!

- Í námi
- Í starfi
- Í leik
- Í ákvörðunum
- Til góðra verka

Naustaskóli 2017-2018

Heimilisfang: Hólmatún 2, 600 Akureyri

Kennitala 530109-0110

Sími: 460-4100, sími í Frístund: 460-4111

Netfang: naustaskoli@akureyri.is

Heimasíða: <http://naustaskoli.is>

Skólastjóri: Bryndís Björnsdóttir

Deildarstjórar: Aðalheiður Skúladóttir og Þorgeir Rúnar Finnsson

Fjöldi nemenda: 395

Fjöldi starfsmanna: 75



Húsnæðismál

Naustaskóli er nýjasti grunnskóli Akureyrarbæjar og hóf skólinn starfsemi haustið 2009. Skólinn er staðsettur í Naustahverfi, við hlið leikskólans Naustatjarnar sem var fyrsta húsið sem reis í hverfinu og tók til starfa haustið 2003.

Á fyrsta starfsári skólans voru nemendur um 150 í 1.-7. bekk, fyrstu árin bættust við einn árgangur, um 50 nemendur á ári. Skólaárið 2012-2013 voru nemendur tæplega 300 í 1.-10. bekk, en þá var Naustaskóli í fyrsta sinn heildstæður grunnskóli. Nemendum í skólanum fjölga enn og voru á liðnu skólaári, 2017-2018, tæplega 400 talsins. Í skólahúsnæðinu hafa verið auk grunnskólastarfsins, tvær deildir frá leikskólanum Naustatjörn frá haustinu 2012 en ein deild



árin 2009-2012. Leikskóladeildirnar bera nöfnin Fífilbrekka og Sunnuhvoll og þar eru að störfum rúmlega 50 leikskólabörn samanlagt.

Haustið 2009 var tekinn í notkun fyrri áfangi skólahúsnaðisins og hafði hann að geyma heimasvæði 1.-7. bekkjar, Frístund, tónlistarstofu og heimilisfræðistofu. Haustið 2012 var hluti af öðrum áfanga tekinn í notkun, var þar um að ræða heimasvæði unglingastigs, verkgreinastofur, miðrými (samkomusal, bókasafn og matsal) og eldhús. Stjórnunarálma var tekin í notkun haustið 2015 og íþróttahús skólans haustið 2016. Þá er skólalóð Naustaskóla loks að verða tilbúin en áætlarnir gera ráð fyrir að hún verði kláruð nú í sumar. Talsvert rask hefur fylgt þessari miklu uppbyggingu en nú er skólinn fullbyggður sem er mikið fagnaðarefni.

Vorið 2015 var tekin ákvörðun um að hýsa framangreindar leikskóladeildir í húsnaði Naustaskóla til frambúðar og slá þannig af um óákveðinn tíma fyrirhugaða byggingu annars leikskóla í hverfinu, en fram að því hafði vera leikskóladeildanna verið hugsuð sem tímabundið úrræði. Vegna þessa var farið í nokkra endurskipulagningu innanhúss í skólanum á vordögum og um sumarið 2015, frístund og tónmenntastofa flutt o.fl.

Á heimasíðu skólans er að finna ársskýrslur sem gefa greinargóðar upplýsingar um starfið í skólanum ár hvert frá stofnun hans.



**Skólinn í tölum**

Eftirfarandi tölur lýsa úthlutuðum stöðuheimildum og stöðu mála við upphaf skólaárs.

	10-11	11-12	12-13	13-14	14-15	15-16	16-17	17-18
Fjöldi nemenda	200	241	295	328	335	372	370	395
Fjöldi almennra kennslustunda	378	445	589	620	654	672	696	720
Fjöldi almennra kst. pr. nem.	1,890	1,846	1,996	1,890	1,952	1,806	1,881	1,827
Fjöldi sérkennslustunda	84	86	91	80	105	115	111	95
Fjöldi sérkennslust. pr.nem.	0,420	0,357	0,308	0,244	0,313	0,309	0,3	0,24
Fjöldi umsjónarkennara	12	15	17	17	17	20	20	21
Meðaltal nemenda pr.umsj.kennara	16,67	16,07	17,35	19,29	19,71	18,60	18,50	18,81
Fjöldi barna í Frístund	71	76	81	86	89	95	92	80
Fjöldi stöðugilda við stjórnun	1,61	1,81	1,88	1,88	2,63	2,63	2,63	2,94
Fjöldi stöðugilda í kennslu	17,76	20,42	26,15	26,92	29,19	30,27	30	33,3
Kynjahlutföll starfsmanna kvk/kk %	74 / 26	75 / 25	80 / 20	82 / 18	79 / 21	76 / 24	55/15	81/19
Stöðugildi stuðningsfulltrúa	2,93	2,58	4,58	3,90	3,80	3,23	3,33	8,2
Stöðugildi skólaliða	3,64	3,82	5,23	6,09	6,34	6,78	8,85	8,5
Stöðugildi vegna námsráðgjafar	0,40	0,40	0,55	0,55	0,75	0,75	0,65	0,65
Stöðugildi vegna Frístundar	2,24	2,81	2,81	2,81	2,43	2,85	2,85	2,39
Stöðugildi vegna bókasafns	0,50	0,80	0,80	0,80	0,80	1,0	1,0	1
Stöðugildi vegna eldhúss	1,74	1,50	1,50	1,50	1,50	1,5	1,50	2,21
Stöðugildi vegna húsvörslu	1	1	1	1	1	1	1	1
Stöðugildi vegna ritarastarfa	0,80	0,80	0,80	0,80	0,80	0,8	1	1
Tölvur alls	50	61	128	128	130	163	163	ca. 200
Tölvur fyrir nemendur	30	33	87	87	87	114	114	ca. 150



Nemendur pr tölvu	6,67	7,30	3,39	3,77	3,85	3,26	2,26	1,98
Tölvur í stjórnun og kennslu	20	28	41	41	43	49	52	50
Hlutfall nemenda í mötuneyti	97%	96%	89%	89%	93%	93%	82%	82%
Hlutfall nemenda í ávaxtaáskrift	79%	74%	74%	75%	76%	73%	57%	47%
Meðaltal samr.pr. í 4.b. (mt. ís/stæ)	26,55	29,70	23,30	24,25	30,17	27,3	29,6	27,8
Meðaltal samr.pr. í 7.b (mt. ís/stæ)	24,15	24,20	28,75	27,22	32,05	30,5	28,97	27,65
Meðaltal samr.pr. í 10.b(mt. ís/stæ) (9. b. f.o.m. 17-18).	-	-	29,83	29,77	23,81	27,6	27,03	-
Stærð húsnæðis	2338m ²	2338 m ²	4500 m ²	4500 m ²	4500 m ²	4800 m ²	5860 m ²	5860 m ²

**Nemendur**

Þessar tölur eiga við lok skólaársins. Þeir nemendur sem eru fluttir eða sótt hafa um flutning í aðra skóla teljast ekki með í þessum lista.

Umsjónarhópar:	Drengir:	Stúlkur:	Alls:	Umsjónarkennari
1. BB	5	7	12	Berglind Bergvinsdóttir
1. LÞ	6	8	14	Lilja Þorkelsdóttir
1. SA	5	6	11	Annalou Abellar Perez
2/3. EHE	11	9	20	Elín Hulda Einarsdóttir
2/3. GBH	9	8	17	Gréta Björk Halldórsdóttir
2/3. KS	12	9	21	Kristín Sigurðardóttir
2/3. SJI	9	11	20	Sigríður Jóna Ingólfssdóttir
4. HI	10	5	15	Helga Ingadóttir
4. PMP	7	8	15	Paula Maria Pálsdóttir
4. VBH	6	9	15	Vala Björt Harðardóttir
5. SSJ	16	9	25	Stefán Smári Jónsson
5. SM	13	12	25	Særún Magnúsdóttir
6/7. KJP	10	9	19	Katrín Júlía Pálmadóttir
6/7. KMG	10	8	18	Kristín Margrét Gísladóttir
6/7. SF	10	8	18	Sunna Friðþjófsdóttir
6/7. ÞYS	8	10	18	Þóra Ýr Sveinsdóttir
8/9/10. AKG	10	10	20	Ása Katrín Gísladóttir
8/9/10. ASS	13	6	19	Andri Snær Stefánsson
8/9/10. BBB	11	9	19	Björn Benedikt Benediktsson
8/9/10. IBCJ	7	13	20	Íris Berglind C. Jónsdóttir
8/9/10. SI	5	15	20	Sigurlaug Indriðadóttir
	193	189	382	

Árgangaskipting:	Drengir:	Stúlkur:	Alls:
Árg. 2002 (10.b.)	17	14	31
Árg. 2003 (9.b.)	18	23	41
Árg. 2004 (8.b.)	11	16	27
Árg. 2005 (7.b.)	18	13	31
Árg. 2006 (6.b.)	20	22	42
Árg. 2007 (5.b.)	29	21	50
Árg. 2008 (4.b.)	23	22	45
Árg. 2009 (3.b.)	20	18	38
Árg. 2010 (2.b.)	21	19	40
Árg. 2011 (1.b.)	16	21	37
	193	189	382

**Starfsmenn**

Nafn	Starfsheiti	Meginstarfssvið
Aðalheiður J. Friðfinnsdóttir	stuðningsfulltrúi	4. bekkur
Aðalheiður Skúladóttir	deildarstjóri	stjórnun
Agnes Þorleifsdóttir	stuðningsfulltrúi	8.-9.-10. bekkur
Alma Björg Almarsdóttir	skólaliði	mötuneyti
Andrea Laufey Hauksdóttir	skólaliði	
	gæsla/ræsting/frístund	
Andri Snær Stefánsson	kennari	8.-9.-10. bekkur
Anna Margrét Helgadóttir	bókavörður	bókasafn
Annalou Abellar Perez	kennari	1. bekkur
Ágústa Ósk Guðnadóttir	aðstoðarmatráður	mötuneyti
Árni Hrólfur Helgason	kennari	í leyfi
Ása Katrín Gunnlaugsdóttir	kennari	8.-9.-10. bekkur
Áslaug Hallbjörnsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Berglind Bergvinsdóttir	kennari	1. bekkur
Björn Benedikt Benediktsson	kennari	8.-9.10. bekkur
Björn Hanan Abed	stuðningsfulltrúi	1. bekkur
Bryndís Arnardóttir	kennari	forfallakennsla
Bryndís Björnsdóttir	skólastjóri	stjórnun
Bryndís Indíana Stefánsdóttir	kennari	stoðkennari 6.-7. bekk
Brynjar Hermannsson	umsjónarmaður	húsvarsla
Daníel Smári Magnússon	stuðningsfulltrúi	6.-7. bekkur
Díana Ósk Leifsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting/frístund
Dögg Stefánsdóttir	kennari	stunda- og forfallakennsla
Elín Hulda Einarsdóttir	kennari	2.-3. bekkur
Elva Rósa Helgadóttir	skólaliði	í leyfi
Emilía Jóhanna Guðjónsdóttir	kennari	heimilisfræði
Erla Hrunn Friðfinnsdóttir	stuðningsfulltrúi	2.-3. bekkur
Ester Jóhanna Magnúsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Eva Björg Skúladóttir	námsráðgjafi	ráðgjöf
Eva Björk Hermannsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Faney Margrét Karlsdóttir	skólaliði	frístund
Gréta Björk Halldórsdóttir	kennari	2.-3. bekkur
Gunnar Örvar Stefánsson	stuðningsfulltrúi	5. bekkur
Guðrún Valdís Eyvindsdóttir	stuðningsfulltrúi	8.-9.-10. bekkur
Hafdís Björg Bjarnadóttir	þroskaþjálfari	stoðkennari 4.-5. bekk
Halla Jóhannesdóttir	kennari	í leyfi
Haraldur Björnsson	tölvuumsjónarmaður	
Harpa Hilmarsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Harpa Mjöll Hermannsdóttir	stuðningsfulltrúi	1. bekkur
Heiðar Brynjarsson	st.fulltr. / stundakennari	6.-7. bekkur



Heiðar Freyr Leifsson	stuðningsfulltrúi	4.-5. bekkur/frístund
Heimir Örn Árnason	kennari	íþróttakennsla
Helga Ingadóttir	kennari	4.-5. bekkur
Helgi Valur Harðarson	kennari	hönnun og smíði
Hrafnhildur Stefánsdóttir	forst.m. frístundar	umsjón með frístund
Hulda Davíðsdóttir	þroskaþjálfari	stoðkennari 2.-3. bekk
Inga Heiða Snorradóttir	stuðningsfulltrúi	2.-3. bekkur / frístund
Inga Vala Magnúsdóttir	stuðningsfulltrúi	4.-5. bekkur
Íris Berglind C Jónasdóttir	kennari	8.-9.-10. bekkur
Jóhanna Kristín Gunnlaugsdóttir	kennari	forfallakennsla
Jóna Sigurdís Svavarsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Karen Dögg Gunnarsdóttir	stuðningsfulltrúi	2.-3. bekkur
Karítas G. Thoroddsen	skólaliði	gæsla/ræsting
Katrín Eymundsdóttir	skólaliði	íþróttahús
Katrín Júlía Pálmadóttir	kennari	6.-7. bekkur
Kolbrún Sigurðardóttir	skólaliði	gæsla/ræsting/frístund
Kolbrún Sigurgeirsdóttir	kennari	í leyfi
Kristín Aðalsteinsdóttir	skólaliði	í leyfi
Kristín Margrét Gísladóttir	kennari	6.-7. bekkur
Kristín Sigurðardóttir	kennari	1. bekkur
Kristjana Sigurgeirsdóttir	skólaritari	
Lena Rut Gunnarsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting/frístund
Lilja Þorkeldsdóttir	kennari	1. bekkur
Linda Björk Snorradóttir	skólahjúkrunarfræðingur	
Paula Maria Pálsdóttir	kennari	4.-5. bekkur
Safaa Almamou	skólaliði	mötuneyti
Sahar Abdel Bari Alshayeb	skólaliði	mötuneyti
Salóme Ýr Svavarsdóttir	stuðningsfulltrúi	í fæðingarorlofi
Sandra Dís Leifsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Sigmundur Birgir Skúlason	kennari	íþróttakennsla
Sigríður Jóna Ingólfssdóttir	kennari	2.-3. bekkur
Sigurgeir Ólafsson	matreiðslumaður	mötuneyti / starfsmaður
Naustatjarnar		
Sigurlaug Indriðadóttir	kennari	8.-9.-10. bekkur
Sigurlaug J Jóhannesdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Sindri Vésteinsson	stuðningsfulltrúi	6.-7. bekkur
Stefán Smári Jónsson	kennari	4.-5. bekkur
Steinar Logi Þórðarson	skólaliði	íþróttahús
Sunna Alexandersdóttir	kennari	í leyfi
Sunna Friðþjófsdóttir	kennari	6.-7. bekkur
Svanbjörg Sverrisdóttir	kennari	myndmennt
Svandís Þóroddsdóttir	skólaliði	frístund
Særún Magnúsdóttir	kennari	6.-7. bekkur
Vala Björt Harðardóttir	kennari	4.-5. bekkur



Valborg Inga Guðjónsdóttir	aðstoðarmatráður	í leyfi
Valdís Rut Jósavinsdóttir	kennari	textílmennt
Þorgeir Rúnar Finnsson	deildarstjóri	stjórnun
Þóra Ýr Sveinsdóttir	kennari	6.-7. bekkur
Þórey Sjöfn Sigurðardóttir	kennari	íþróttakennsla

Breytingar á starfsfólki

Töluverðar breytingar urðu á starfsmannahópnum á þessu skólaári.

Þosteinn Marinósson hætti störfum sem íþróttakennari í október og var Ásdís Sigurðardóttir ráðin í hans stað. Hún hætti svo störfum í desember og var Heimir Árnason þá ráðinn til starfa. Þá sinntu þær Birna Baldursdóttir og Ragnheiður Runólfssdóttir afleysingakennslu í íþróttum þegar á þurfti að halda. Sunna Alexandersdóttir fór í leyfi um áramót og var Annalou Abellar Perez ráðin til starfa í hennar stað.

Valborg Inga Guðjónsdóttir aðstoðarmatráður var í leyfi í vetur og voru skólaliðar fengnir til að aðstoða í eldhúsi í hennar stað. Þá voru þær Safaa Almamou og Sahar Abdel Bari Alshayeb ráðnar í eldhúsið og Ágústa Ósk Guðnadóttir kom svo og leysti af sem aðstoðarmatráður á vordögum. Linda Björk Friðriksdóttir hætti sem stuðningsfulltrúi í september og leysti Sunneva Ósk Guðmundsdóttir hana af. Sunneva hætti svo í desember og þá var Daníel Smári Magnússon ráðinn. Roland Smelt var ráðinn sem tölvuumsjónarmaður síðastliðið haust en hann hætti störfum í febrúar. Haraldur Björnsson var ráðinn í hans stað.



Fjármál

Fyrir fjárhagsárið 2017 voru niðurstöðutölur Naustaskóla eftirfarandi:

Lyklar	Raun 2017	Áætlun 2017	Mismunur	Notað (%)
Tekjur	-48.778.074	- 39.860.000	8.918.074	122,37
Laun og launatengd gjöld	402.300.215	382.961.000	- 15.471.561	105,05
Vörukaup	36.327.157	32.622.000	-3.409.209	111,36
Þjónustukaup	197.394.835	202.186.000	-3.409.000	97,62
Styrkir og framlög	-750.000	0	- 750.000	
Samtals:	586.494.133	577.909.000	- 9.335.134	101,49

Nokkur frávik voru frá fjárhagsáætlun en heildarniðurstaðan varð neikvæð um rúmar níu milljónir eða ca. 1,5%. Launakostnaður var hærri en áætlað var en skýrist t.d. það af langtímaforföllum vegna veikinda sem og almennra forfalla og afleysingakennslu af þeim sökum. Á móti voru tekjur umtalsvert hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir og þá voru þjónustukaup undir áætlun.

Samþykkt fjárhagsáætlun ársins 2018 er sem hér segir, áætlun 2017 til samanburðar:

Lyklar	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Staða eftir fyrstu 6 mánuði ársins
Tekjur	-39.860.000	-40.114.000	-23.411.445
Laun og launatengd gjöld	382.961.000	413.132.000	182.531.661
Vörukaup	32.622.000	36.556.000	17.903.788
Þjónustukaup	202.186.000	209.062.000	117.265.819
Styrkir og framlög	0	0	
Samtals:	577.909.000	618.636.000	294.289.824

Niðurstaða eftir fyrstu 6 mánuði ársins er ekki að fullu marktæk þar sem óvíst er hvort búið er að bóka allt sem á við fyrstu 6 mánuðina.



Ýmsir viðburðir í skólstarfinu

Í september var útivistardagur þar sem nemendur fóru t.d. upp á Hamra, út í Kjarnaskóg og í Lystigarðinn og skemmtu sér í góðu veðri.

Dagur íslenskrar tungu var haldin hátíðlegur með samveru á sal skólans, en þann dag hófst formlegt lestrarátak innan skólans. Einnig var efnt til ljóðasamkeppni þennan dag.

Í október var íþróttahús Naustaskóla formlega vígt, en það var tekið í noktun haustið 2016.

Litlu jól voru haldin í skólanum þann 21. desember og að þeim loknum héldu nemendur í jólafrí.

Í janúar var nemendadagur haldinn í skólanum. Þá mættust nemendur og starfsfólk í nokkrum íþróttagreinum og að því loknu fór fram hæfileikakeppni nemenda og voru hvorki meira né minna en 30 atriði á dagskránni.

Í lok janúar fóru nemendur og starfsfólk skólans í Hlíðarfjall á skíði, bretti og sleða.

Nemendur í 4. bekk tóku þátt í Litlu upplestrarkeppninni og nemendur í 7. bekk tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni í vetur. Salka Sverrisdóttir úr Naustaskóla bar sigur úr býtum í lokakeppninni sem fram fór í mars.

Úlfur Úlfur kom í heimsókn í skólann á vorönn og tók nokkur lög.

Nemendur í 1.-7. bekk fóru tvívegis í vetur á risasöngsal í Hofi, en þetta var hluti af verkefninu Söngvaflóði. Í fyrra skiptið kom Friðrik Dór og söng með og fyrir nemendur og í síðara skiptið kom Salka Sól.

Haldin var brunaæfingar fyrir starfsfólk og nemendur á skólaárinu, við tókum þátt í degi gegn einelti, hlupum norræna skólahlaupið og söfnuðum góðri upphæð til styrktar UNICEF – á unicefdeginum.

Einstökum árgöngum skólans var boðið á ýmsar uppákomur á vegum MAK í Hofi – sem við þáðum með þökkum. Einnig fór 6. bekkur í siglingu og veiðiferð með Húna.

Árshátíð skólans var haldin með glæsibrag í mars og stóðu nemendur sig með mikilli þrýði.

Nemendur í 10. bekk fóru í fjögurra daga útskriftarferð í lok maí.

Ýmislegt fleira dreif á daga okkar í Naustaskóla í vetur og reynum við að segja frá því flestu á heimasíðu skólans.

**Skóladagatal 2017-2018****Skýringar með skóladagatali;**

Á skóladagatali koma fram þeir dagar sem nemendur eiga að sækja skóla, hvaða daga er vikið frá venjulegum skóladegi og hvaða daga nemendur fá leyfi.

- 10.-21. ágúst unnu starfsmenn að undirbúningi skólastarfsins og sóttu námskeið og fræðslufundi.
- 22. ágúst hófst skólastarfið með skólasetningu og viðtölum umsjónarkennara við foreldra og nemendur 1. bekkjar.
- Kennsla skv. stundaskrá hófst þriðjudaginn 23. ágúst. Kennsla hjá 1. bekk hófst miðvikudaginn 24. ágúst.
- Föstudaginn 1. september var útivistardagur. Nemendur fóru í gönguferðir, hjólaferðir, veiðiferðir, í leiki á Hömrum o.fl.
- 28. september var skólafærninámskeið fyrir foreldra 1. bekkinga.
- 21. og 22. september voru samræmd próf hjá 7. bekk.
- 28. og 29. september voru samræmd próf hjá 4. bekk.
- Vikuna 9.-13. september var opin vika í skólanum. Þá voru foreldrar sérstaklega hvattir til þess að koma í heimsókn og kynna sér starfið í skólanum.
- 26. október voru foreldrar og nemendur boðaðir til viðtals við umsjónarkennara og var unnið að markmiðssetningu fyrir veturinn.
- 27.-30. október var vetrarfrí.
- 17. nóvember, 3. janúar, 29. janúar, 20. apríl og 22. maí voru starfsdagar í skólanum.
- Vikuna 27. nóvember til 1. desember voru nemendur 7. bekkjar í skólabúðum á Reykjum.
- 15. desember var jólaþemadagur þar sem nemendur fóru á fjölbreyttar stöðvar, t.d. í jólaföndri og fleiru.
- 21. desember vor litlu-jólin og jólafrí nemenda hófst.
- 4. janúar hófst kennsla að loknu jólafrí.
- 12. janúar var nemendadagurinn en þá var haldið íþróttamót milli starfsfólks og nemenda og einnig fór fram hæfileikakeppni nemenda.
- 25. og 26. janúar voru foreldrar og nemendur boðaðir til viðtals við umsjónarkennara.
- 14.-18. febrúar var vetrarfrí.
- 7. mars fór fram lokahátið Stóru upplestarkeppninnar í Menntaskólanum á Akureyri.
- 8. og 9. mars voru samræmd próf hjá 9. bekk. Vegna tæknilegra vandamála tóku nokkrir nemendur próf að nýju í byrjun apríl.
- 22. mars var árshátið Naustaskóla.
- 23. apríl var bíó og snakkdagur og þá héldu nemendur einnig í páskafrí. Kennsla að loknu páskafrí hófst 3. apríl.
- Nokkrir dagar voru eins konar „uppákomudagar“ s.s. bangsadagur, litadagur o.fl.
- „Smiðjuskil“ voru nokkrum sinnum yfir veturinn. Þá urðu breytingar á smiðjuhópum hjá 2.-7. bekk þ.e. að hópar færðust milli verkgreina.
- 29. maí-1. júní var 10. bekkur í útskriftarferðalagi.
- 31. maí og 1. júní voru vorþemadagar.



- 6. júní var Naustaskóla slitið.
- Frístund var opin alla virka daga frá skólaárinu til skólaslita, nema 17. nóv., 3. jan. og 20. apríl.

Skóladagatal Naustaskóla fyrir skólaárið 2017-2018 má sjá á næstu blaðsíðu.



2017-2018

Naustaskóli


Skóladagatal

Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	Júní
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 S	1 Þ	1 F
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 F	2 M	2 M	2 L
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 L	3 Þ	3 F	3 S
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 S	4 M	4 F	4 M
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 M	5 F	5 L	5 Þ
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 F	6 Þ	6 Þ	6 F	6 S	6 M
7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 M	7 L	7 F	7 F
8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 S	8 Þ	8 F
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 F	9 M	9 M	9 L
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 L	10 Þ	10 F	10 S
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 S	11 M	11 F	11 M
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 M	12 F	12 L	12 Þ
13 S	13 M	13 F	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 Þ	13 F	13 S	13 M
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 M	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F
15 Þ	15 S	15 F	15 M	15 Þ	15 M	15 F	15 F	15 S	15 Þ	15 F
16 M	16 L	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 F	16 M	16 M	16 L
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 L	17 Þ	17 F	17 S
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 S	18 M	18 F	18 M
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 M	19 M	19 M	19 F	19 L	19 Þ
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 Þ	20 F	20 S	20 M
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 M	21 M	21 F
22 Þ	22 S	22 M	22 F	22 F	22 M	22 F	22 F	22 S	22 Þ	22 F
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 F	23 M	23 M	23 L
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 L	24 Þ	24 F	24 S
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 S	25 M	25 F	25 M
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 M	26 M	26 F	26 L	26 Þ
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 Þ	27 F	27 S	27 M
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F
29 Þ	29 M	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 S	29 Þ	29 F
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 F	30 M	30 M	30 L
31 F	31 Þ	31 M	31 S	31 M	31 L	31 L	31 L	31 F	31 F	31 M
170	7	19	21	14	17	17	15	18	18	3
5	1	1	1	1	2	2	2	1	1	2
10	1	1	1	1	2	2	2	1	1	2
8	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5
180										



Stjórnun og skipurit

Skólastjóri er forstöðumaður skólans og ber ábyrgð á starfi hans. Hann stjórnar skólanum ásamt deildarstjórum og í sameiningu veita þeir skólanum faglega forystu. Frá hausti 2014 jókst stjórnunarhlutfall við Naustaskóla og frá þeim tíma bættist við staða deildarstjóra og eru því stjórnendur skólans orðnir þrír talsins. Gengið var út frá eftirfarandi skipuriti en stjórnendur skiptu síðan með sér verkum á ýmsan hátt t.d. varðandi samskipti við og umsjón með starfsmannateyminum.





Skólaráð

Skólaráð starfar við skólann skv. grunnskólalögum. Ráðið er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahaldið. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Það fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Að auki starfar með ráðinu fulltrúi grenndarsamfélagsins og er það fulltrúi hverfisnefndar Naustahverfis.

Skólaráð fundaði mánaðarlega yfir skólaárið og var stuðst við fundaplan sem birt var í starfsáætlun og stóðst það í grófum dráttum. Alls urðu fundir skólaráðs 7 talsins og voru fundargerðir birtar á heimasíðu skólans.

Í skólaráði 2017-2018 sátu Bryndís Björnsdóttir skólastjóri, Aðalheiður Skúladóttir deildarstjóri, Hildur Betty Kristjánsdóttirdeildarstjóri, Þóra Ýr Sveinsdóttir og Bryndís Indiana Stefánsdóttir fltr.kennara, Andrea Laufey Hauksdóttir fltr.starfsmanna, Anna Steinunn Þengilsdóttir fltr. hverfisnefndar, Borghildur Ína Sölvadóttir og Ingibjörg Þórðardóttir fltr. foreldra.

Teymi - fundir

Starfsmenn skólans störfuðu í teymum. Kennarar og stuðningsfulltrúar 1. bekkjar mynduðu eitt teymi, einnig kennarar og stuðningsfulltrúar í 2.-3. bekk, kennarar og stuðningsfulltrúar í 4.-5. bekk, kennarar og stuðningsfulltrúar í 6.-7. bekk og kennarar og stuðningsfulltrúar í 8.-10. bekk. Íþróttakennarar mynduðu teymi, sömuleiðis verkgreinakennarar. Þá er litið á starfsmenn Frístundar sem eitt teymi og skólaliða sem eitt teymi.

Í vetur funduðu að stjórnendur vikulega eða aðra hvora viku með hverju teymi. Stjórnendur skiptu teymunum á milli sín og höfðu umsjón með sömu teymunum allan veturinn, einnig boðuðu stjórnendur teymismeðlimi reglulega í „óformlegt spjall“ einstaklingslega. Teymin unnu samkvæmt verklagsreglum um vinnubrögð í teymum og ætlast var til að teymi kennara fylgdu þeim á fundum. Var þar m.a. gert ráð fyrir að hvert teymi héldi þrenns konar fundi í hverri viku, skipulagsfund (skipulagning og útfærsla kennslu), nemendafund (rætt um málefni nemenda) og trúnaðarfund (rætt um teymisvinnuna, samskipti og starfsþróun. Lögð var áhersla á að stjórnendur sætu trúnaðar- og nemendafundi og gekk það eftir. Skipulögð var áætlun yfir umræðuefni vetrarins á trúnaðarfundum, kennarar voru ánægðir með aðkomu stjórnenda og töldu setu þeirra á fundum hafa skipt máli og veitt teymunum mikinn stuðning. Kennarafundir voru á þriðjudögum kl. 14.45 – 16.45. Þessir fundir voru með hefðbundnu sniði þar sem fjallað var um stefnumótandi málefni og ýmis skipulagsmál, ákvarðanir kynntar



og teknar og fram fór ýmis hópvinna og samræður, ásamt því að þeir voru nýttir til endurskoðunar á námsmarkmiðum og skólanámskrá skólans.

Starfsmannafundur voru á föstudögum kl. 13:15-13:45. Þeir hófust jafnan á hróshring þar sem starfsmenn koma á framfæri hrósi og þökkum fyrir það sem vel er gert en síðan var gengið til dagskrár sem samanstóð að mestu af ýmsum málum frá starfsmönnum sjálfum, sem þeir skráðu á dagskrá með þar til gerðu skráningarblaði sem lá frammi á kaffistofu, en einnig var fundurinn nýttur til upplýsingamiðlunar t.d. um málefni einstakra nemenda, og fræðslu um jákvæðan aga. Á þessu skólaári voru formlegir fundir stjórnenda með skólaliðum, aðra hvora viku á miðvikudagsmorgnum.

Á fimmtudögum kl.15:00-16:00 var gert ráð fyrir ýmsum fræðslufundum eða samráðsfundum á milli teyma og kennara innan skólans.

Nemendaráð

Nemendur í 4.-10. bekk kusu nemendaráð vetrarins á formlegum kjörfundi. Eftirtaldir nemendur voru kjörnir: Vilhjálmur Tumi Vídalín Jónsson og Breki Mikael Adamsson fyrir unglingadeild, Hildur Sigríður Árnadóttir 7. bekk, Tinna Malín Sigurðardóttir 6. bekk, Aron Daði Stefánsson 5. bekk og Atlas Núi Einvarðsson 4. bekk.

Varamenn í nemendaráði voru: Thelma Ósk Þórhallsdóttir og Ævar Freyr Valbjörnsson fyrir unglingadeild, Eyþór Logi Ásmundsson 7. bekk, Dagbjartur Búi Davíðsson 6. bekk, Hekla Himinbjörg Bragadóttir 5. bekk og Frosti Orrason 4. bekk.

Nemendaráð starfar skv. starfsreglum sem birtar eru í starfsáætlun skólans hverju sinni.

Nemendaráð fundaði reglulega yfir veturinn og lét ýmis mál til sín taka. Má þar nefna að ráðið kom með hugmyndir að ýmsum uppákomum. Þá kom nemendaráð með ábendingar um ýmsa þætti s.s. um æskileg búnaðarkaup fyrir nemendur, breytingar á skipulagi fyrir fótboltavöll o.fl. Einnig skipulagði ráðið nemendadaginn og hæfileikakeppnina.

Kennsluskipan

Hér er að finna nokkur almenn orð varðandi kennsluskipan í skólanum en að öðru leyti er vísað í greinargerðir kennsluteyma sem finna má aftur í skýrslunni en þar má finna greinargóðar lýsingar á kennsluháttum og skipulagi hvers hóps fyrir sig þetta skólaárið.



Skipulag og kennsluhættir Naustaskóla markast af stefnu og markmiðum skólans. Áhersla er á **námsaðlögun** en við skilgreinum hana sem „**viðleitni til að koma til móts við þarfir, áhuga og getu hvers og eins nemanda.**”

Við höfum skilgreint nám sem „**ferli sem leiðir til breytinga á færni/hæfni og viðhorfum. Einstaklingur eða hópur uppgötvar, skynjar og tileinkar sér nýja þekkingu, viðhorf eða leikni. Það hefur í för með sér framsýni og frumkvæði um að þróa þessa þætti enn frekar. Nám byggir á fyrri reynslu, þekkingu og viðhorfum viðkomandi. Það á sér stað í samfélagi við aðra með virkri þátttöku hvers og eins.**”

Kennslu skilgreinum við þannig: „**Kennsla er ferli, athöfn eða samskipti sem ýta undir eða leiða til þess að nám eigi sér stað. Í kennslu er hægt að nota ýmis verkfæri til að stuðla að námi, s.s. samræðu, skýr markmið, viðmið um árangur, spurningar, sköpun námsumhverfis og tengingu við fyrri reynslu.**”

Kapp er lagt á fjölbreytni í kennsluaðferðum og endurmenntun kennara og annars starfsfólks miðast við þjálfun og hvatningu til fjölbreytni.

Leitast er við að leggja viðfangsefni í hverri grein fram á fjölbreyttan hátt þannig að þau höfði til allra nemenda. Áhersla er lögð á skapandi viðfangsefni og að sérhver nemandi noti þá hæfileika sem hann býr yfir og að kennsluaðferðir efla skilning nemenda á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með hæfni til að gegna hlutverkum sínum í flóknu samfélagi. Markvisst er stuðlað að því að auka sjálfstæði nemenda, samvinnu þeirra á milli og þekkingu á vinnubrögðum í samfélagi nútímans, þar með talið nýtingu upplýsingatækninnar. Aðalnámskrá grunnskóla er lögð til grundvallar námsmarkmiða fyrir nemendur og tekið er mið af hinum sex grunnþáttum menntunar við skipulag kennslu og námsumhverfis. Lagt er upp með að tímafjöldi nemenda í hverjum árgangi og í hverri námsgrein sé í samræmi við viðmiðunarstundaskrá menntamálaráðuneytisins en kennarar hafa svigrúm til að skipuleggja kennslu sína þannig að áherslur á námsgreinar og viðfangsefni séu mismunandi eftir vikum og tímabilum skólaársins.

Leitast er við að mæta þörfum nemenda á kennslusvæðum með námsaðlögun eins og framarlega er kostur. Nemendur eru ekki teknir út af heimasvæðum sínum til stuðningskennslu nema í algjörum undantekningartilfellum, þess í stað er lögð áhersla á fyrirbyggjandi starf með samvinnu kennara og teymisvinnu. Kennarar, stuðningsfulltrúar, iðjupjálfi, þroskapijálfi og skólástjórnendur vinna saman að því að skipuleggja hvetjandi námsumhverfi, leita lausna, veita ráðgjöf og leita sér ráðgjafar utan skólans þegar þess gerist þörf.

Frá og með 2. bekk er nemendum kennt í aldursblönduðum hópum, til að leggja áherslu á að allir eru einstakir, að það sé eðlilegt að nemendur séu á mismunandi stöðum í náminu og til að efla félagsþroska þeirra, auka umburðarlyndi og auka sveigjanleikann í skólastarfinu.

Skipta má vikulegu skipulagi/stundaskrá í nokkra flokka:

a) Umsjónartími / fundir / samverustundir. Flestir dagar hefjast með því að umsjónarkennari fundar með sínum umsjónarhópi um það sem efst er á baugi hverju sinni, a.m.k. þrjá daga í viku



eru gæðahringir (bekkjafundir) þar sem umsjónarhópurinn ræðir saman og nemendur æfa m.a. samskiptahæfni sína, einu sinni í viku er samverustund þar sem nemendur leika og syngja saman.

b) Vinnustundir. Flestar kennslulotur á stundatöflum nemenda heita einfaldlega vinnustundir en þá vinna nemendur og kennarateymi hvers aldurshóps saman að náminu. Mikið er byggt á aðferðunum „Byrjendalæsi” og „Orð af orði” í kennslunni en þessar aðferðir stuðla að samþættingu námsgreina. Í eldri bekkjum vinna nemendur einnig stundum skv. einstaklingsáætlunum sem þeir búa til í samráði við sinn umsjónarkennara, þar er megináherslan á íslensku og stærðfræði en einnig er að hluta unnið í öðrum greinum s.s. náttúru- og samfélagsfræði, tungumálum o.fl. Í vinnustundum vinna nemendur að hluta einir, að hluta í hóp, stundum á ákveðnum námsstöðvum, stundum úti o.s.frv., allt eftir því sem verkefni krefjast og hvað hentar hverjum og einum. Notast er talsvert við svokallað hringekjuform í kennslunni og stöðvavinnu, en einnig er nemendum skipt upp í litla námshópa eftir viðfangsefnum og einstaklingsþörfum hverju sinni. Lögð er áhersla á að nemendur nýti sér upplýsingatækni í náminu, hvort heldur við upplýsingaleit, við ritun eða úrlausn á ýmsum verkefnum. Nemendur fá einnig tækifæri til að vinna að áhugasviðsverkefnum að eigin vali. Með áhugasviðsverkefnum er átt við að nemendur velja sér viðfangsefni til að kynna sér eða dýpka þekkingu sína á og gera samning um þá vinnu við kennara og í sumum tilfellum við foreldra.

c) Smiðjur. Verklegar greinar eru kenndar í svokölluðum „smiðjum” þar sem kennarar með sérþekkingu á list- og verkgreinum annast kennsluna. Í smiðjunum fá nemendur því kennslu í heimilisfræði, smíðum, textílmennt, myndmennt, tónmennt, upplýsingatækni, dansi og leikrænni tjáningu.

d) Þemavinna. Með þemavinnu er átt við verkefni sem unnin eru út frá einu ákveðnu viðfangsefni þar sem námi í samfélagsgreinum, náttúrufræði, upplýsingatækni, lífsleikni og listgreinum er fléttað saman. Í þess konar vinnu gefast tækifæri til fjölbreyttra vinnubragða og mismunandi nálgunar fyrir hvern og einn. Í þemavinnunni vinna oftast saman sömu árgangar og venjulega, þ.e. 2./3., 4./5., 6./7. og 8./9/10., hvert kennsluteymi skiptir vetrinum í nokkur tímabil og á hverju tímabili eru ákveðin þemu í gangi. Nokkra daga yfir veturinn eru svo tekin fyrir ákveðin þemaverkefni yfir allan skólann, þá er nemendum blandað enn meira, jafnvel öllum aldurstigum saman í vinnuhópa.

e) Íþróttir og sund. Sund er kennt í Sundlaug Akureyrar, hver nemandi fer vikulega í sund. Nýtt íþróttahús var tekið til notkunar í skólanum að hausti og öllum nemendum kenndar íþróttir þar. Að auki er svo miðað við að nemendur fái hreyfingu og þjálfun að hluta til með samþættingu námsgreina með útikennslu undir stjórn umsjónarkennara.





Valgreinar

Nemendur í 8.-10. bekk áttu kost á að velja sér valgreinar, var þar um að ræða um 22% af námstíma nemenda. Hluti valgreinanna var kenndur innan skólans en einnig gafst nemendum kostur á að velja valgreinar sem kenndar voru í samstarfi við aðra skóla bæjarins. Veturinn 2017-2018 voru nemendur í eftirfarandi valgreinum: Í Naustaskóla: Áætlun/námstækni, heimilisfræði, bakstur, myndmennt, tauprykk, skartgripagerð, hönnun og smíði, veiðihnífur, félagsmiðstöðvarval og skólahreysti. Í samstarfi allra grunnskóla bæjarins: Félagsmiðstöðvaval, boltaíþróttir, flugunýtingar og stangveiði, franska, spænska, hársnyrtiiðn, heimspeki, iðnir tækni og Slippurinn, stjörnu- og jarðfræði, körfuboltaskóli, líkamsrækt, margmiðlun, jóga, spaðaíþróttir, sjónlist, fatasaumur og endurnýting, rafiðnir, raungreinar verklegt og tréiðnir. Auk þess áttu nemendur þess kost að fá íþróttaiðkun, félagsstörf eða nám í sérskólum metið í stað valgreina og nýttu margir nemendur sér þann kost að einhverju marki.

Þá voru nemendur 2 kennslustundir á viku í smiðjum þar sem unnið var með margskonar viðfangsefni.

Námsmat

Við formleg skil á námsmati vorið 2018 var nemendum afhent vitnisburðarskjal með nokkuð ítarlegri almennri umsögn um nemendur ásamt tilvísun inn á námsmarkmiðasafn Naustaskóla á fjölskylduvef Mentor. Námsmarkmiðin sem merkt er við á fjölskylduvef Mentor eru unnin upp úr hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla sem gefin var út árið 2013. Í Aðalnámskránni er að finna hæfniviðmið fyrir lok 4., 7. og 10. bekkjar en á grunni þeirra höfum við sett niður námsmarkmið sem varða eiga leiðina að hæfniviðmiðunum. Námsmarkmiðin skiptast á svokölluð þrep.

Þannig má segja að algengasta námsframvinda hjá nemendum sé þannig að nemandi í 1. bekk sé að vinna að markmiðum á þrepi 1, nemandi í 4. bekk sé að vinna á þrepi 4, nemandi í 7. bekk að vinna á þrepi 7 o.s.frv. en hafa þarf í huga að þetta er ekki einhlítt því mikilvægt er að nemendur fari á eigin hraða í gegnum námið. Á þessu er líka að finna undantekningar varðandi list- og verkgreinar þar sem nemendur í 2. bekk geta verið að vinna á 2.-3. þrepi, nemendur í 7. bekk á 6.-7. þrepi o.s.frv.

Námsmöppur voru einnig sendar heim reglulega yfir veturinn og virtist sú leið gefast ágætlega til að miðla upplýsingum um námsstöðu og viðfangsefni nemenda. Nú í vor var foreldrum síðan boðið að koma og skoða námsmöppur barna sinna á skólaslitadaginn. Að öðru leyti vísast til skrifna kennarateyma síðar í skýrslunni um námsmat í hverjum námshóp fyrir sig.

Mötuneyti

Sem fyrr annaðist Naustatjörn rekstur eldhússins en Naustaskóli lagði einnig til starfsmenn í eldhús. Eins og áður var gert ráð fyrir að allir nemendur myndu kaupa mat í mötuneytinu, foreldrar voru því ekki beðnir um að skrá nemendur heldur gefinn kostur á að skrá þá úr mat.



Niðurstaðan þetta árið varð að um 82% nemenda voru skráðir í mötuneytið og er það svipuð nýting og á fyrra ári. Boðið var upp á ávaxtaáskrift og nýttu 47 % nemenda þá þjónustu.

Frístund

Að lokinni kennslu gafst 6 – 9 ára nemendum kostur á að vera í Frístund til kl. 16:15.

Þar geta börnin leikið við félagana, verið úti, lesið, fönðrað, hvílt sig og margt fleira. Frístund er opin alla daga sem skólinn starfar, og auk þess í fríum á starfstíma skólans og flestum starfsdögum. Foreldrar greiða fyrir vistun nemenda í Frístund skv. gjaldskrá. Forstöðumaður Frístundar er Hrafnhildur Stefánsdóttir. Sl. vetur voru milli 70 og 80 nemendur mestan part vetrar.

Bókasafn

Áfram hefur verið haldið með að auka við bókakost bókasafns skólans, keypt var inn dálítið af bókum og stöku sinnum hafa borist bókagjafir frá velunnurum skólans. Safnið var með aðstöðu í rými við sal skólans í vetur. Anna Margrét Helgadóttir var í vetur í 50% stöðu við safnið og annaðist hún umsjón með safninu og útlán.

Samstarf við Naustatjörn

Naustaskóli og leikskólinn Naustatjörn hafa með sér nána samvinnu og hafa gert með sér sérstaka samstarfsáætlun þar um. Elstu deildir leikskólans (Fífilbrekka og Sunnuhvoll) eru til húsa innan veggja Naustaskóla og deila starfssvæði með 1. bekk. Stofnanirnar samnýta eldhús/mötuneyti, húsvörður þjónar báðum skólunum, nokkurt samstarf er milli Frístundar/1. bekkjar og Fífilbrekku/Sunnuhvols, skóladagatal er samræmt að hluta o.fl.

Samstarfsáætlun skólanna má nálgast á heimasíðu Naustaskóla.



Ársskýrsla 1. bekkjar

Teymi og nemendur 1. bekkjar

Haustið 2017 byrjuðu 39 börn í 1. bekk, 22 stúlkur og 17 drengir. Eftir tvær vikur af haustönninni hætti einn drengur og við páskafrí á vorönninni hætti ein stúlka sem þýðir að 1. bekkur taldi 37 nemendur, 21 stúlkur og 16 drengi við skólalok í vor. Umsjónarkennarar 1. bekkjar voru Lilja Þorkelsdóttir (100% starf), Berglind Bergvinsdóttir (80 % starf) og Sunna Alexandersdóttir (75% starf). Sunna fór í veikindaleyfi um áramótin. Annalou Perez var ráðinn í hennar stað og hóf störf 12. febrúar. Skólaliði brúaði bilið. Harpa Mjöll Hermannsdóttir var stuðningsfulltrúi í 75% starfi og Björn Hanan Abed var stuðningsfulltrúi í 60 % starfi.

Í upphafi annar var lagt upp með að Berglind, Lilja og Sunna væru allar með 13 nemendur í umsjón. Umsjónarnemendur Sunnu urðu svo fljótlega 12 talsins og umsjónarnemendur Lilju urðu 14 eftir áramót.

Námsumhverfi og skipulag

Námshópar/umsjónarhópar

Þegar við skiptum í námshópa í upphafi annar var stuðst við niðurstöður Hljóm prófa frá leikskólum barnanna. Reynt var að hafa dreifingu í umsjónarhópum þannig eins jafna, þarfalega séð, til að fá sem jafnasta mynd af hópnum. Nemendur voru lítið í umsjónarhóp, ef frá voru skildir nestistímar og sérstakir umsjónarhópatímar þar sem unnin voru ýmis verkefni sem þurfti að ljúka eða þegar okkur fannst þörfin vera til staðar.

Allir umsjónarhóparnir áttu sín „umsjónarsvæði“ og krók og merkt borð. Umsjónarsvæðin voru síðan nýtt undir hina ýmsu hóp, í stærðfræði og íslensku og fleira. Allir nemendur hófu daginn í „Stóra krók“ þar sem farið var yfir daginn, gert manntal, farið yfir viku- og mánaðardag, tölu dagsins, hvað væri í matinn og svo framvegis. Sungið var alla morgna, lög tengd þema hverju sinni.

Nemendur unnu í mörgum ólíkum hópum. Þá voru þarfaskiptir hópar í bæði íslensku- og stærðfræði. Hringekjur voru tvisvar sinnum í viku, íslenskuhringekja á fimmtudögum og stærðfræðihringekja á miðvikudögum og nemendur voru í hringekjuhópum sem voru tölustafirnir frá 1 og upp í 4.

Nemendur fóru allir saman í sund á mánudögum en sundhóparnir voru 4 talsins. Allur hópurinn fór saman í íþróttir tvisvar sinnum í viku, á fimmtudögum og föstudögum. Hver umsjónarhópur fór síðan í skapandi starf til Svandísar Þóroddsdóttur eina kennslustund í viku.

Reglulega var endurmetið hvort nemendur þyrftu að færa sig í annan hóp, í íslensku eða stærðfræði og var nokkur hreyfing á nemendum. Við vorum nokkuð duglegar að leyfa heimsóknir á milli króka en þá aðallega á nestistíma eða þegar umsjónarhópar unnu en engar slíkar heimsóknir voru leyfðar í íslensku- eða stærðfræðihópum. Þá skoðuðum við ófeimnar möguleika á að færa nemendur á milli umsjónarhópa ef þörf þótti þó við hefðum einungis nýtt okkur það einu sinni.

**Stundatafla, dagskipulag og kennslufyrirkomulag**

Kenndar voru 30 stundir á viku frá klukkan 8:10 á morgnanna til 13:00 á daginn (Undantekningin var mánudagur þegar kennslu lauk 11:30 og nemendur fóru í frístund þar sem þeim var skipt í sundhópa). Á morgnana var byrjað á því að setja upp daginn sjónrænt á töflu, sungið, talið í 100 daga hátíðina, farið yfir dagsetninguna, vikudag og hvað væri í matinn. Eftir að 100 daga hátíðinni lauk voru skóladagarnir taldir niður fram að sumarfríi. Umsjónarkennarar voru með hópinn að frátöldum þeim tímum sem voru í höndum íþróttakennara, íþróttir og sund. Einnig voru nemendur hjá Svandísi sem kenndi þeim skapandi starf. Frímínútur voru 20 mínútur að morgni og hádegismatur, ásamt frímínútum, 30 mínútur. Ávaxtastund fór fram á svæði nemenda og tók yfirleitt um 10-15 mínútur. Stundum hittist allur hópurinn í stóra krók þar sem lesin var saga fyrir þau, til dæmis í tengslum við þau þemu sem verið var að vinna með hverju sinni.

Samstarf skólastiga

Samstarf leik- og grunnskólans var mjög mikið og gott í vetur. Nemendaskipti voru aðra hverja viku (nema þegar mikið var um að vera, til dæmis í kringum jól) og reyndist vel. Farið var í jólahringekju, unnið saman að verkefni á Degi íslenskrar tungu, farið í ferð í Naustaborgir og sameiginleg hringekja í tvo daga með húsdýrabema eftir áramót. Kennarar beggja skólastiganna hittust einnig reglulega og funduðu. Samstarfið var meira að segja það gott að kennarar beggja skólastiga hikuðu ekki við að spjalla og halda óformlega fundi ef svo bar við. Góð tengsl mynduðust á milli okkar kennaranna og verðandi 1. bekkinga sem var dýrmætt. Það er mat okkar að þetta skref auðveldi leikskólabörnunum að stíga yfir í grunnskólann.

Kennsluhættir og aðferðir

Að okkar mati var teymisvinna og teymiskennsla það sem stóð upp úr og einkenndi starf okkar í 1. bekk í vetur. Þeir kennsluhættir og/eða aðferðir sem við notuðumst við voru flaggskip stefnu skólans, Byrjendalæsi og góð námsaðlögun. Einnig var áhersla á að reyna að nýta sér bæði verkfæri og hugmyndafræði Jákvæðs aga.

Fyrsta vika skólaársins fór í að kynnast nemendum, sjá hvar þeir voru staddir og leyfa þeim að fóta sig á nýjum stað, í nýjum hópi, á nýju skólastigi og hinu mikilvæga fyrsta ári sem „nemendur í grunnskóla“.

Í fyrsta bekk var unnið samkvæmt hugmyndafræði Byrjendalæsis og var öllum námsgreinum fléttað saman í þemu. Í Byrjendalæsi var unnið í hringekjum, einstaklingslega, í umsjónarhópum, þarfaskiptum hópum og stöðvavinnu.

Mjög mikil og góð teymisvinna var í gangi og áhersla var á að nemendur fengju verkefni við hæfi. Ávallt var reynt að aðlaga námsefnið að ólíkum einstaklingum eða haga því þannig að þeir einstaklingar sem unnu að verkefnum fengju bæði hjálp og stuðning við hæfi. Okkur tókst að vinna mjög nálægt nemendum hvað þarfir varðar og notuðum mismunandi námsgögn, verkefni og fleira sem hentaði einum og sama hópnum eða hverjum nemanda fyrir sig, en á ólíkan hátt. Mikið var um sjónrænar vísbendingar í námsumhverfinu og voru börnin fljót að tileinka sér þær.

Nemendur fengu að spreyta sig bæði í hópavinnu og einstaklingslega í öllum þemunum. Við reyndum eftir fremsta megni að finna verkefni í þessari vinnu sem hentuðu ólíkum



hæfileikum einstaklinganna. Kennsluhættir voru fjölbreyttir, þarfamiðaðir og með áherslu á að mæta öllum einstaklingum í nemendahópnum eftir fremsta megni.

Áætlanir og áform

Ársáætlun var unnin og gekk næstum alveg eftir fyrir utan PALS sem við komumst ekki í að kenna eftir. Við sjáum fyrir okkur að PALS í stærðfræði geti hentað 1. bekk mjög vel. Einnig var skammur tími sem við höfðum í síðasta þema ársins, endurvinnslu og hringrásir, en við gerðum það besta úr því sem komið var.

Starfsáætlun var unnin og stuðst við eftir föngum og við metum að hún hafi gengið vel eftir. Námsáætlanir voru unnar, vandað var til verka og mikill tími fór í yfirlestur og fleira sem þeim fylgdi, bæði í íslensku og stærðfræði. Þessar áætlanir voru vistaðar á samgögnum Naustaskóla og birtar á Mentor og aðgengilegar þar fyrir foreldrum. Vikuáætlanir voru unnar, sem voru þá nánari útfærsla á námsáætlunum, unnar fyrir okkur kennarana og stuðningsfulltrúa. Í henni voru verkefnin sett inn, hringekjur, hópar, uppbrot og oftast var slík áætlun unnin fyrir hvert þema í senn. Við reyndum að vera sveigjanlegar og vera óhræddar við að breyta út af vananum- eða stundaskránni þegar svo bar við og endurmátum þessar vikuáætlanir reglulega.

Námsaðlögun

Í 1. bekk var enginn stoðkennari til aðstoðar og ráðaskrifs svo kennarar og stuðningsfulltrar teymisins fóru reglulega í lausnaleit til að geta mætt nemendum sem best. Þetta gekk nokkuð vel en hefðu við tekið fegins hendi á móti aðstoð stoðkennara þar sem við höfum marga nemendur með tungumálaörðuleika og námsörðuleika. Að okkar mati þarf að manna 1. bekk einstaklega vel þar sem nemendur og foreldrar þurfa mikla eftirfylgni og öryggi þegar það stígur sín fyrstu skref í grunnskóla og sem foreldri grunnskólabarns. Mönnun í fyrsta bekk má ekki vera minni en 2.5 kennarastöður miðað við 40 nemendur að okkar mati. Við vorum dugleg að miðla okkar á milli hvað gekk vel varðandi ákveðna nemendur og vorum ófeimin við að deila hugmyndum okkar á milli. Stærð umsjónarhópa skiptir miklu máli.

Við náðum fram mjög góðri námsaðlögun með þarfaskiptu hópnum okkar og fannst að þar væri hægt að miða á mjög nákvæman hátt á ákveðin markmið, byggt á getu og þörfum hvers og eins. Einnig voru nemendur teknir í 4-5 barna hópum í málörvun og sérstaka lestrarþjálfun. Aðlögunin fór þó fram mun víðar og við reyndum að tala um fjölbreytileika mannfólksins sem mest til að enginn upplifði að hann væri „lélegri“ en einhver annar hvað námið varðaði. Allir eru góðir í einhverju en enginn er góður í öllu.

Það er einnig mat okkar að hringekjurnar þjálfuðu sjálfstæði nemenda allmikið og það var frábær stund þegar við komum inn í hringekju eftir frímínútur og allir voru á sínum stað, í sínum verkefnum. Þau þurftu litla stýringu þegar þau höfðu náð sjálfstæði í hringekjum sem við upplifðum á mjög jákvæðan hátt.

Námsgreinar

Þær námsgreinar sem umsjónarkennarar fyrsta bekkjar kenndu í vetur voru íslenska, stærðfræði, sérgreinar og samfélags- og náttúrufræði kennt í þemum, og lífsleikni (Sjá nánar í vikuáætlun hvaða námsgrein var kennd hverju sinni).



Jákvæður agi/bekkjarfundir

Bekkjarfundir fóru fram í umsjónarhópum 1 – 2 í viku og svo voru sum bekkjarfundarmálefni tekin fyrir í stóra krók þar sem allir nemendur sátu. Nemendur í 1. bekk sem komu frá leikskólanum Naustatjörn, sem vinnur eftir Jákvæðum aga, komu mjög vel undirbúnir fyrir bekkjarfundi. Bekkjarfundirnir voru góðir og nemendur voru virkir þátttakendur á þeim. Bekkjarsáttmáli var unninn, hróshringir teknir, Kalli krumpaði unninn, hlutverkin rædd og tekin til framkvæmda, lausnahjólið kynnt og útskýrt og settir upp Griðarstaðir og Lausnastaðir. Við lögðum okkur einnig fram við að leysa öll mál sem upp komu og notuðum verkfæri og hugmyndir jákvæðs aga í þeim samræðum. Það hentaði mjög vel að nota umræðuna um heilann og ójafnvægi og gefa þeim tíma til að jafna sig á griðastað. Nemendur voru duglegir að nýta sér þessar lausnir.

Þemaverkefni

Fyrsta þema haustsins var **skólinn, nærumhverfið** og skólafærni. Þar var bókin **Asnaskóli** notuð. Unnið var með skólaumhverfið og reglur auk þess sem áhersla var á samvinnu og stafi. Lög vikunnar voru „Það er leikur að læra, Mánaðavísir, Það er skemmtilegast að leika sér og Brosa“.

Í öðru þema tókum við fyrir **vináttu, samskipti og að lesa í líðan annarra. Unnið var útfrá** bókinni **Ýma tröllastelpa**. Lög vikunnar voru „Ég er vinur þinn, Hérna koma nokkur risa tröll“.

Í þriðja þema var markmið að börnin myndu læra um ólíkar fjölskyldugerðir og til þess var bókin **Blómlegt fjölskyldulíf** notuð. Lög vikunnar voru „Ein stór fjölskylda, Takk og Ég er gula blómið“.

Í fjórða þema var **Grýlukvæði** en þá var textinn Grýlukvæði eftir Jóhannes úr Kötlum notaður sem gæðateksti og margt skemmtilegt unnið upp úr honum. Lag vikunnar „Skín í rauðar skotthúfur, Klukkurnar dinga lingua ling og Við óskum þér góðra jóla. Í þessu þema áttum við líka góða jólastund með nemendum leikskólans.“

Fimmta þemað var **Álfapema** og var gæðatekinn Álfareiðin notaður, unnin voru ýmis verkefni tengd honum. Þetta þema byrjaði vel en vegna athugasemda foreldra eins nemanda hjá okkur varðandi álfaumræðu var þemað í raun felld niður og margir svektir með það bæði nemendur og kennarar.

Í upphafi þorrans tókum við sjötta þemað sem var **þorrapema** en þar var bókin **Kuggur og þorrablót** notuð í byrjendalæsi. Lag vikunnar var „Þorrapræll“.

Sjöunda þemað var „**Getnaðurinn**“ en þá notuðum við bókina „**Svona varð ég til**“. Í henni er útskýrt hvernig börnin verða til. Unnin voru ýmis verkefni því tengdu. Í þessu þema tók hjúkrunarfræðingur skólans börnin í litlum hópum og ræddi við þau um **einkastaði**. Lög vikunnar „Ég er furðuverk og Guð gaf mer eyra.“

Í áttunda þemanu sem var „**Líkamaþema**“ tókum við fyrir bókina „**Komdu og skoðaðu líkamann**“ en þar var útskýrt á einfaldan hátt hvernig líkaminn virkar. Lög vikunnar „Ég heyri svo vel, Tilfinningablús og Allir hafa eitthvað til að ganga á“. Nemendur bjuggu til sína eigin líkamabók.



Níunda þemað var **Húsdýraþema**. Tekin var fyrir bókina „**Trölfi og húsdýrin**“ og einnig var bókina „**Helgi skoðar heiminn**“ lesin. Unnin voru margvísleg verkefni tengd bókinni. Húsdýravinnan var mjög skemmtileg, nemendur bjuggu sér til sérstaka verkefnabók og söfnuðu öllum verkefnunum í hana. Í þemanu unnum við einnig með leikskólanum í 2 daga, í húsdýrahringekju. Þá fóru börnin á 6 stöðvar í blönduðum hópum. Unnin var húsdýrabók og dýr smíðuð úr við og fjölbreyttum verðlausum efniviði. Lög vikunnar voru „Hani, krummi, hundur, svín og vorlög“.

Síðasta þemað var **endurvinnsluþema og umferðaþema**. Þau fléttuðust saman og náðu allt að skólalokum en fengu frekar stuttan tíma þar sem langt var liðið á vorið þegar við byrjuðum það. Bókin **Ruslaskrímslið** var lesin fyrir börnin auk þess sem þau horfðu á þættina um trjálfana. Rætt við nemendur um hvar ruslið endar, endurvinnslu á rusli o.s.frv. Unnin voru verkefni tengd þemanu eins og að flokka rusl í endurvinnslutunnu og fleira. Einnig voru nemendum sýndir umferðarþættir þar sem farið var yfir reglur fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Útikennsla

Útikennsla var með minna móti í vetur en þó var farið töluvert út í upphafi haustannar og í lok vorannar þegar veður voru okkur hagstæð. Einnig var töluvert farið í vettvangsferðir o.fl. í útikennslu. Útikennslan var fléttuð inn í námsgreinarnar okkar eftir bestu getu, allt fór það eftir þemum hverju sinni hvað verið var að taka fyrir í íslensku, lífsleikni og náttúrufræði. Einnig fór það eftir stöðu nemenda í áætlunum hvað unnið var með í stærðfræði.

Upplýsingatækni

Í upphafi vorum við dugleg að nýta okkur upplýsingatæknina í leik og starfi. Nemendur fóru tvisvar sinnum í viku (flestar vikur) í tölvur í íslensku- og stærðfræðihringekjum. Þá var ein stöð tileinkuð tölvum þar sem við fórum í bæði forrit og gagnvirkar síður sem tengdust markmiðum eða þemum sem unnið var útfrá. Nemendur skrifuðu þá einnig bæði orð og texta í Word. Tölvuverið hrundi svo hjá okkur um áramótin og því ekki hægt að nota það í nokkru mæli á vorönninni sem var mjög dapurt. Aðgangur okkar að spjaldtölvum var mjög lítill, við höfðum 3 spjaldtölvur til afnota og hefðum þegið mun fleiri til að geta haft alltaf eina hringekjustöð gagnvirkar sem upplýsingatæknistöð í stærðfræði og íslensku.

Við vorum með Facebook síðu fyrir foreldrahópinn og settum inn myndir, myndskreið og skilaboð. Einnig vorum við á hverjum morgni að nýta okkur upplýsingatæknina þegar við sungum og einnig til að fletta upp myndum ef okkur langaði að sýna þeim eitthvað sem tengdist þemum eða viðfangsefnum okkar hverju sinni.

Vettvangsferðir og uppákomur

Ágúst/september

- Á útivistardeginum í haust var farið í Lystigarðinn, við borðuðum nesti og fórum í leiki
- Við fórum nokkrar ferðir í Naustaborgir.
- Við fórum í skautakennslu hjá Skautafélagi Akureyrar í Skautahöllinni.

Október

- Í október tókum við þátt í Norræna skólahlaupinu og hlupum í Naustaborgum.



- Í október var hrekkjavökuball.
- Í október fórum við í skautakennslu hjá Skautafélagi Akureyrar í Skautahöllinni.
- Í október fórum við í nokkrar strætóferðir þar sem verið var að æfa sérstaklega reglur í gönguferðum og strætóferðum. Skoðuðum okkur um í hverju hverfi fyrir sig allt fór það eftir því hvaða leiðir voru valdar hverju sinni.

Nóvember

- Í nóvember fórum við í í lestrarátak.
- Í nóvember unnum við sameiginlegt verkefni með elstu nemendum leikskólans í tilefni af degi íslenskrar tungu.
- Í nóvember fórum við í gönguferð og lékum okkur á leikvöllum í hverfinu.
- Í nóvember fórum við á uppskeruhátíð Söngvaflóðs í Hofi.

Desember

- Í desember áttum við kósý morgun með elstu nemendum leikskólans þar sem nemendur fengu kakó og kleinur og horfðu svo saman á jólmynd.
- Í desember var jólahúfudagur.
- Í desember fórum við á jólatónleika í Hofi sem voru stórkostlegir.
- Í desember voru jólaþemadagar þvert á árganga skólans.
- Í desember voru litlu jól skólans.

Janúar

- Í janúar var vasaljósadagur.
- Í janúar við fórum í skautakennslu hjá Skautafélagi Akureyrar í Skautahöllinni.
- Í janúar var útivistardagur í Hlíðarfjalli.

Febrúar

- Í febrúar var haldin 100 daga hátíð!
- Í febrúar við fórum í skautakennslu hjá Skautafélagi Akureyrar í Skautahöllinni.

Mars

- Í mars var árshátíðin okkar þar sem nemendur voru með frábært atriði og stóðu sig eins og hetjur.

Apríl

- Í apríl fórum við á uppskeruhátíð Söngvaflóðs í Hofi.
- Í apríl fórum við í Naustaborgir og nemendur léku sér frjálst í skóginu.

Mái/júní

- Í maí fórum við í Naustaborgir með elstu nemendum leikskólans, nemendur voru með frjálst nesti meðferðis, fóru í leiki og léku frjálst. Frábær dagur.
- Í maí var Unicef hlaupið og hlaupið var í Naustaborgum.
- Í maí var sumarball.
- Í maí var farið í margar leikstundir úti í nýja kastalanum, krítað, farið í París og leiki.



- Þemadagar voru í síðustu vikunni fyrir skólaslit. Fyrri dagurinn var í Kjarnaskógi í sól og blíðu og dagurinn hreint dásamlegur. Seinni dagurinn var haldin í skólanum, þar sem krakkarnir fóru á 14 mismunandi stöðvar.
- Skólaslit voru 6. júní.

Aðalnámskrá grunnskóla

Aðalnámskrá grunnskóla var höfð til grundvallar öllu starfi og skipulagi. Voru grunnþættir menntunar sem birtast í Aðalnámskrá grunnskóla hafðir til hliðsjónar og fléttaðir inn í námsáætlanir okkar yfir veturinn þannig að hver þáttur fékk pláss í náminu. Þar sem grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru, framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif í samfélaginu þá er tiltölulega auðvelt að flétta þá inn í starfið okkar. Einnig var tekið tillit til lykilhæfnipátta nemenda við gerð námsáætlana og kennsluaðferðir miðaðar að því að þjálfa lykilhæfni þeirra. Naustaskóli vinnur eftir markmiðum sem unnin eru eftir Aðalnámskrá grunnskóla. Við erum með markmiðin í endurskoðun reglulega.

Námsmat

Námsmat fór fram á margvíslegan hátt og bæði símat og mat á ákveðnum markmiðum var reglulegt. Tekin voru lesfímipróf sem Menntamálastofnun hefur sett upp á nokkuð aðgengilegum vef, skolahatt.is. Þar má finna mjög vel uppsett og góð próf. Þau mæla meðal annars lesin orð á mínútu og voru tekin í september, janúar og maí. Í september var einnig lagt fyrir Leið til læsis próf/lesskimun sem skima nemendur nokkuð vel og geta gefið til kynna ef lestrarörðugleikar eru til staðar og segja til um hvort barnið er utan áhættu, í áhættu 1 eða áhættu 2 í ákveðnum þáttum umskráningarinnar. Einnig voru stafabekkingarpróf lögð fyrir nemendur við upphaf skólagöngunnar. Nemendur tóku Læsis-próf í febrúar og apríl. Nemendur unnu eftir áætlunum í stærðfræði og tóku kannanir við lok hvers markmiðapakka. Símatið var framkvæmt m.a. í hringekjum þar sem lögð voru verkefni fyrir nemendur sem tóku stuttan tíma að vinna og mátu eitthvað ákveðið markmið s.s. þekkir muninn á sérhljóðum og samhljóðum o.s.frv. Hakað var við markmið inn á Mentor jafnóðum og nemendur voru metnir yfir skólaárið.

Námsmöppur

Námsmöppur voru einungis sendar heim með börnunum einu sinni yfir skólaárið. Þau gögn sem fóru í möppurnar voru m.a. kannanir, sýnishorn af verkefnavinnu nemenda tengd þema, sjálfsmat o.fl. Möppuna áttu nemendur og foreldrar að nýta sér sem samræðugrundvöll um nám barnsins. Foreldrar höfðu einnig kost á því að skrifa athugasemdir eða kveðju frá sér í möppuna. Foreldrar gátu skoðað möppur barna sinna á skólaslitunum, bæði sýnimöppu og verkefni vetrarins.

Foreldrasamstarf

Okkur leist vel á foreldrahópinn á skólafærninámskeiðinu strax í annarbyrjun og hugmyndir okkar og sýn fékk mjög góðan meðbyr í foreldrahópnum þar. Foreldrahópurinn var mjög fjölbreyttur og óruggur. Það er gríðarlega mikilvægt og gott að halda þetta námskeið og vanda til verka því þetta námskeið leggur oft grunninn að foreldrasamstarfinu og því mikilvægt að



ítreka að einhver mæti frá hverju heimili. Við lögðum frá byrjun áherslu á það að hafa hafa reglulega samskipti við foreldra og óskuðum eftir því að foreldrar væru duglegir að afla sér upplýsinga með því að tala við okkur, senda okkur tölvupóst eða hringja í okkur. Flestir voru duglegir við það. Foreldrasamstarfið var gott í flestum tilfellum en í einhver skipti reyndust þau okkur erfið sérstaklega eftir áramótin. Í sumum af þeim tilfellum fannst okkur það afar ósanngjarnt í okkar garð og finnst okkur þurfa að passa hvernig athugasemdum foreldra er svarað og viljum helst að það sé ekki gert nema í samráði við okkur kennarana ef um tölvupóst er að ræða. Ef um símtal frá foreldri er að ræða þá finnst okkur að viðkomandi sem verður fyrir svörum eigi að gefa sér tíma til að afla sér upplýsinga hjá kennurum um málið áður en hann tjáir sig um málið og hringja svo aftur í viðkomandi. Réttar upplýsingar þurfa að vera til staðar. Við hittum foreldra og börn á fyrstu dögum skólaársins og það var mjög gagnlegt og mikilvægt að sama skapi. Við vorum mjög hreinskilnar í seinni samtölum okkar og beindum orðum okkar til barnsins og hrósuðum fyrir það sem gott var og settum, í samstarfi við þau, markmið sem gott var að stefna að til að bæta eitthvað sem þurfti að bæta. Foreldrahópur Berglindar og Lilju virtust vera mjög ánægðir og sáttir en mikill óroleiki kom í umsjónarhóp Sunnu þegar hún fór í veikindaleyfi um áramótin. Berglind og Lilja tóku foreldrasamtölin við hennar umsjónarnemendur erftir áramótin og tóku við hennar börnum þangað til Annalou var ráðin til starfa um miðjan febrúar. Foreldrum fannst upplýsingaflæði frá skólanum ekki vera nægjanlega gott þegar þetta gerðist. Annalou mætti því foreldrahópnum í frekar miklu óöryggi og tekst á við erfið mál frá upphafi með góðri aðstoð Berglindar, Lilju og Þorgeirs. Við sögðum frá upphafi að við værum mjög duglegar að taka á móti og svara skilaboðum eða spurningum í gegnum tölvupóst og var sú leið mikið notuð.

Stofnuð var Facebook mynda- og upplýsingasíða og teljum við að sú leið sé mjög gagnleg til upplýsingamiðlunar. Á Facebook sést nefnilega hverjir hafa séð skilaboð sem sett eru þar inn og á þann hátt er auðveldara að meta hvernig upplýsingarnar skila sér heldur en tölvupóstinn.

Mjög mikill metnaður var lagður í Föstudagspóstinn. Þar kom fram það helsta sem gert var þá vikuna og fjallað um það sem framundan var í vikunni á eftir. Við settum inn þau markmið sem við unnum að hverju sinni, bæði í íslensku og stærðfræði, dagsetningar á atburðum sem framundan voru auk þess sem við settum lykilorð í póstin.

Facebook myndasíðan var alveg frábær í einu orði sagt og myndirnar og myndskreiðin gáfu foreldrum mjög góða innsýn í starfið og tók í burtu vegginn sem stundum er á milli heimilis og skóla. Það er mikilvægt og í raun ómetanlegt að bæði gefa og þiggja svona upplýsingar. Starfið var mun sýnilegra og það er jákvætt. Með síðunni varð líka, að við vonum, til umræðugrundvöllur á milli foreldranna við börn sín, um skólann, námið, lífið og leikinn. Einir foreldrar settu sig þó upp á móti facebooksíðunni og afþökkuðu boð í hana og óskuðu eftir að ekki yrðu birtar myndir af þeirra barni þar inni.

Nemendur

Nemendahópurinn samanstóð af 39 nemendum sem fyrr segir. Hópurinn var nokkuð samheldinn allt frá byrjun. Það var áberandi frá byrjun að margir í hópnum þyrftu hvatningu, þá aðallega í sjálfstæðum vinnubrögðum og greinilegt að auka þurfti öryggi þeirra. Farið var



með nokkuð markvissum hætti í að auka sjálfstæði þeirra sem okkur finnst hafa tekist mjög vel upp. Við unnum í áætlunum í stærðfræði þar sem nemendur merktu við blaðsíður sem þeir höfðu lokið í stærðfræði (tengt markmiðum), létum þau taka ábyrgð á hlutum og hvöttum þau til að leita leiða í bæði leik og starfi. Í fyrstu sátu þau til að mynda og biðu eftir blýöntum, skærum eða lími en með tímanum voru þau orðin sjálfstæð í að ná sér í ýmis gögn og umhverfi þeirra bauð upp á það. Nemendur fundu að þeir gátu leitað til okkar með stærri og minni verkefni eða vandamál og það ríkti mikið traust á milli okkar. Þeir fengu bæði mjög mikla hlýju og gleði en á sama tíma ramma og mörk. Þannig virtist þeim líða mjög vel.

Könnun á viðhorfi til námsgreina og líðan nemenda var lögð fyrir nemendur í matsmöppu og útkoman úr því var almennt mjög jákvæð. Þá lögðum við einnig fyrir óformlega tengslakönnun fyrir hópinn og örfáir voru aldrei valdir af samnemendum sínum.

Einelti

Ekkert eineltismál kom upp þó reglulega þyrfti að kenna börnunum að nota orðin sín, nota þau á réttan hátt og sýna öllum virðingu. Við eyddum frekar miklu púðri í þessa þætti, sem við metum sem hluta af skólafærni því ekki er hægt að ætlast til þess að börn á þessum aldri kunni þetta allt saman, 5 og 6 ára gömul. Við unnum því mikið með vináttu, samkennd, ólík fjölskylduform, fjölbreytileikann og virðingu.

Agamál

Helstu agamál sem við fengumst við voru tengd ákveðnum nemendum í hópnum okkar sem eiga mjög erfitt með félagsfærni, svo fór að tveir ef þessum nemendum fengu vakt með sér í frímínútum sem er algjörlega nauðsynlegt þeirra vegna og hinna nemendanna vegna. Við kynntum lausnahjólíð, griðarstaðinn og lausnastaðinn vel fyrir nemendum okkar og kenndum þeim að nota þessi verkfæri. Nemendur gátu því oft leyst sín ágreiningsmál sjálf innbyrðis. Oft komu upp agavandamál hjá ákveðnum einstaklingum í kennslustundum og því var mikilvægt að hafa stuðningsfulltrúana okkar til aðstoðar.

Námsárangur

Það er mat okkar að í hópnum hafi námsárangur almennt verið góður. Nokkrir nemendur náðu ekki markmiðum sínum í íslensku og/eða stærðfræði en nokkuð algengt var að markmiðum væri náð að fullu. Einnig voru nokkrir nemendur að vinna á hærri þrepum en ætluð eru fyrsta bekk aðalega þó í stærðfræði og lestri. Breiddin í hópnum var því mjög mikil, þó einungis væri um einn árgang að ræða. Varðandi lestur vorum við til dæmis með börn sem ekki voru tilbúin í atkvæðapróf og þurftu á stafainnlögnum að halda og önnur sem lásu í atkvæðaprófum allt að 186 orð á mínútu sem við höldum að hljóti að vera íslandsmet hjá nemanda í 1. bekk.

Nemendur komu almennt séð vel út í lesskilningsprófinu Læsi 1:2 og Læsi 1:3. miðað við aðra skóla bæjarins. Við sáum framfarir hjá öllum nemendum þó vissulega væru sigrar þeirra misjafnlega stórir. Þrátt fyrir að námsárangur hafi farið vaxandi er rétt að nefna að það sem við tókum mest eftir var hversu mikið sjálfstæði nemenda óx. Þeir voru óruggir og ósjálfstæðir þegar þeir byrjuðu en eftir markvissa vinnu með þessa þætti horfði þetta til betri vegar.



Námsárangur í stærðfræði var góður og breiddin var einnig til staðar þar. Þá voru nokkrir nemendur að vinna með tölur upp í 20 en stór hluti nemenda fékkst við hærri tölur. Nokkrir úr þeim hópi unnu þá einnig að markmiðum ofar þrepi 1. bekkjar.

Við metum að við höfum komið vel til móts við þarfir nemenda og skapað þeim bæði aðstæður og verkefni eftir þörfum og styrk.

Ástundun

Við merktum við mætingu á hverjum morgni en sendum mætingu ekki heim vikulega heldur stundum eftir mánuðinn. Við ræddum ástundun nemenda í foreldrasamtölum og sendum tölvupóst heim eftir ákveðinn fjölda seinkoma. Nokkur börn komu meira og minna of seint í krók allan veturinn en nemendur voru að stærstum hluta stundvísir og skiluðu sér á réttum tíma. Fylgja þarf verklagsreglum skólans betur eftir hvað varðar seinkomur nemenda og ítreka þær við aðra kennara skólans. Enn er það svo að ekki eru allir að vinna eftir þeim sem er afar óheppilegt þegar systkini er um að ræða. Það þarf að vera samræmt.

Samstarf í teyminu

Samstarfið í teyminu var mjög gott fram að áramótum og allir unnið bæði mikið og vel saman. Um tíma var hreinlega eins og við þyrftum ekki einu sinni að skipta með okkur verkum og alltaf var allt tilbúið. Strax í upphafi mörkuðum við svolítið hvað hver okkar myndi taka, til dæmis teymisformaður, ritari, hver myndi gera áætlanir í íslensku og stærðfræði og fleira. Við unnum sem ein heild og vorum mjög skilvirkar saman. Samskipti okkar hafa alltaf verið mjög opin og bein. Við höfum stutt hvora aðra og verið ófeymnað að gefa ráð eða spyrja ráða sem er mjög þægilegt. Samskipti okkar voru einnig uppbyggjandi og það var mikið um bæði hrós og hvatningu. Við erum mjög næmar á þarfir teymisfélaganna og vorum duglegar að halda utan um hver aðra. Um áramótin fór Sunna í veikindaleyfi og enginn kennari ráðinn í staðinn fyrr en í febrúar og var það Annalou sem kom inn þá. Hún fór svo erlendis í leyfi líka svo hún náði einungis 16 vinnudögum með okkur fram að 3. apríl. Því sáu Berglind og Lilja um allan undirbúning, skipulag og flest foreldrasamskipti í öllum barnahópnum fram að því. Það var töluvert mikið álag og þyngdi róðurinn. Annalou eflist hratt í starfi og vann vel og skipulega sína vinnu þegar hún var komin inn í starfið sem allir vita að tekur langan tíma. Björn aðstoðaði með nemendur og Harpa var á fullu allan veturinn í allt og öllu.

Það er mikilvægt að halda teymisfundi og hafa þá reglulega. Við skiptum þeim í skipulagsfundi og nemenda- og trúnaðarfundi og það er mikilvægt að funda með stjórnanda einu sinni í viku að okkar mati. Trúnaðarfundirnir eru að sama skapi mjög mikilvægir.

Sú endurmenntun sem fram fór var margvísleg. Einn teymisfélagi fór á helgarnámskeið í Jákvæðum aga, annar fór á Byrjendalæsisfundi, stuðningsfulltrúarnir okkar sóttu námskeiðið sterkari starfsmaður o.m.fl. Við þyrftum einnig að kynna okkur Skólagáttina vel og hin nýju lestrarviðmið sem Menntamálastofnun gaf út.



Almenn samantekt

Almennt gekk veturinn ágætlega, þó komu upp erfið nemendamála og samskipti við einstaka foreldra voru flókin. Í raun gekk veturinn mjög vel fram að áramótum en þá þyngdist róðurinn eins og áður segir og því mikið álag á okkur kennarana þar sem einungis 1.8 kennarastaða sáu um allt starfið nánast frá áramótum og fram í apríl byrjun. Teymið er orðið þreytt og fagnar sumarfríi. Það er mikilvægt að vera vakandi fyrir stærð hópa í 1. bekk og fram að áramótum leið okkur eins og við næðum utan um nemendahópinn í mjög víðum skilningi. Þá voru ca 2,55 kennarastöður með nemendahópinn. Gott hefði verið að hafa aðgang að stoðkennara til skrafs og ráðagerða og þá sérstaklega fram að áramótum. Við vorum með fjóra nemendur af erlendu bergi brotin og þurftu þeir mikla málörvun og aðlagð námsefni. Hefðum við þegið meiri stuðning hvað varðar vinnu með þau börn og einnig foreldrana sem skilja íslensku ekki vel. Einnig hefði verið skemmtilegra ef stjórnendur hefðu verið sýnilegri inn á svæði hjá okkur en raunin varð.

Mat á skólastarfinu í heild

Í heild er skólastarfið nokkuð gott í Naustaskóla að okkar mati. Það þarf þó að auka jákvæðan aga hér innanhúss enn frekar til að skapist betri heild og einnig mætti samræma marga hluti tengda staðblæ skólans, til dæmis raðir, reglur á uppbrotsdögum og fleira. Einnig þyrftu nýjir starfsmenn að fá betri upplýsingar við upphaf vinnu um ákveðin grunndvallaratriði s.s. skráningu á mentor, skólagáttina, útskýra teymisvinnu fyrir þeim í megin atriðum og svona má lengi telja. Stjórnendur þurfa að passa upp á vægi sitt milli teyma, ekki bara hugsa um „sín teymi“. Töluvert misræmi er milli stjórnenda hvað eftirfylgni varðar, hvatningu, hrós og þ.e.h. að okkar mati.

Annars rokkar Naustaskóla bara feitt! Áfram við!



Ársskýrsla 2.-3. bekkjar

Námsumhverfi/skipulag

Nemendafjöldinn í 2. og 3. bekk taldi 80 nemendur í upphafi vetrar. Í lok skólaárs voru 82 nemendur í 2. og 3 bekk við skólalok. Skipt var í 4 umsjónarhópa og var nemendafjöldinn frá 20 og upp í 21 á hvern umsjónarkennara. Reynt var að hafa hlutfall kynja sem og fjölda nemenda milli árganga sem jafnastan í umsjónarhópunum. Einn nemandi var færður milli teyma, nemanda til hagsbóta vegna félagstengsla. Hulda stoðkennari, Erla Hrund og Karen Dögg stuðningsfulltrúar voru umsjónarkennurum til stuðnings í vetur. Inga Heiða bættist við sem stuðningsfulltrúi eftir áramót. Teyminu var skipt upp í A og B hóp. Elín, Sigga og Erla Hrund unnu í hópi A. Stína, Gréta, Karen Dögg og Inga Heiða unnu í hópi B. Hulda var stoðkennari í báðum hópum. Teymisvinnan gekk vel milli hóps A og hóps B. Allur undirbúningur kennslu var unninn saman, við skiptum verkum vel á milli og ráðfærðum okkur hvor við aðra varðandi skipulag, kennsluhætti, nemendamál og útfærslu á verkefnum. Kenndar voru 30 kennslustundir á viku frá klukkan 8:10 á morgnanna til 13:00 á daginn, nema á miðvikudögum þegar nemendur í 3. bekk eins umsjónarhóps komu á misjöfnum tímum úr sundi. Umsjónarkennarar kenndu um 25 tíma á viku og stoðkennari var þeim til aðstoðar. Þrír umsjónarkennarar og stoðkennari voru í 100% starfshlutfalli, einn umsjónarkennari var í 80% starfshlutfalli.

Á fimmtudögum og föstudögum fóru nemendur beggja hópa í íþróttir. Nemendur í hópi A fóru saman og nemendur í hópi B fóru saman. Á þriðjudögum og föstudögum fóru nemendur í A hópi í smiðjur. Á mánudögum og föstudögum fóru nemendur í B hópi í smiðjur. Þetta nýttist vel þar sem hægt var að nýta allt svæðið undir annan hópinn á meðan hinn var í öðrum stofum. Smiðjuhóparnir voru kynjaskiptir og aldurshreindir. Á þriðjudögum fóru nemendur í B hóp í sund og á miðvikudögum fóru nemendur í A hóp í sund. Nemendum var skipt upp í sundhópa eftir umsjónarhópum og bekk. Á meðan voru hinir hóparnir í vinnu inn á svæði. Í upphafi skólaárs var sunddögunum skipt á milli árganga, 2. bekkur var í sundi á þriðjudögum og 3. bekkur á miðvikudögum. Okkur fannst mjög óhentugt að í báðum hópum voru tveir dagar undirlagðir í sund og í septemberlok ákváðum við því að breyta og hver hópur átti sinn sunddag.

List- og verkgreinakennarar sáu um kennslu í smiðjum sem voru; myndlist, smíðar, textílmennt og heimilisfræði. Íþróttakennarar sáu um kennslu í sundi og íþróttum. Önnur fög kenndu umsjónarkennarar 2.-3. bekkjar.

Söngsalir voru á miðvikudögum milli klukkan 8:50-9:30. Heimir Bjarni Ingimarsson kennari Tónlistarskólans sá um söngsalinn þar sem hann var með söngdagskrá sem endaði með samsöng bekkja á Akureyri í Hofi tvisvar sinnum á skólaárinu. Þetta verkefni var unnið í samvinnu við Tónlistarskólann á Akureyri. Samstarfið gekk vel og sendum við Heimi nokkrum sinnum yfirlit yfir lög sem við sungum í krókum sem einnig voru þá sungin á sal.



Fyrstu vikurnar voru nemendur í sínum hópum (A og B) til að tengsl mynduðust, bæði innan hópa og við kennara sína. Eftir það byrjuðu hringekjur sem fóru fram einu sinni í viku allan veturinn, stærðfræði og byrjendalæsi til skiptis. Hringekjurnar voru á báðum svæðum, sitt hvor fyrir hvorn árgang.

Hópaskiptingar voru með fjölbreyttu sniði, allt fór það eftir viðfangsefni og hvernig námsaðlögun var háttað hverju sinni. Kennslufyrirkomulag var margþætt og fór það einnig eftir viðfangsefni hverju sinni. Nemendum var þarfaskipt í mörgum tilfellum. Nemendum var líka blandað, m.a. í hringekjum og íslenskutímum, milli hópa og reynt var að taka tillit til félagstengsla nemenda eins og mögulegt var. Stoðkennari vann í báðum hópum og skipti tíma sínum jafnt á milli hópa. Hann vann ýmist með nemendur inni í nemendahópnum eða með lítinn hóp í einu. Einnig tók hann lítinn hóp af nemendum úr teymi A og B saman, á mánudögum og föstudögum.

Reynt var að skipuleggja námsumhverfi þannig að börnin gætu sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum og nálgast þau hjálpargögn og efni sem þörf var á hverju sinni. Lögð var áhersla á lestrarhvetjandi umhverfi. Börnin höfðu greiðan aðgang að yndislestrarbókum í bókavögnum og heimalestrarbókum í lestrarkrók. Einnig fóru þau reglulega á bókasafnið. Námsmarkmið voru kynnt nemendum eftir bestu getu og höfð sýnileg á veggjum inni á svæðum. Verk voru hengd upp í hæð nemenda eins og kostur var og svæðið leyfði.

Frímínútur voru 20 mínútur að morgni og hádegismatur ásamt frímínútum spannaði 30 mínútur samtals. Nestis- og ávaxtastund fór fram inni á svæðum og fór ýmist fram fyrir eða eftir frímínútur.

Kennsluhættir voru nokkuð fjölbreyttir, unnið var eftir aðferðum Byrjendalæsis þar sem nemendur lærðu að lesa/auka lestrarfærni út frá merkingarbærum textum. Fjölbreytt verkefnavinna fór fram, bæði athafnamiðuð og námsaðlöguð og var ýmist unnin í hringekju eða öðrum fjölbreyttum hópum. Lögð var áhersla á talmál, ýmsa textavinnu, samband stafs og hljóðs, reynslu nemenda o.fl. Einnig var mikið lagt upp úr lesskilningi, ritun og orðaforða. Lögð var áhersla á að nemendur væru virkir þátttakendur í eigin námi og að þeir gætu yfirfært viðfangsefnin á daglegt líf. Unnið var í hringekjum og stöðvum í minni og stærri hópum í verkefnavinnu þar sem hverju verkefni var oft á tíðum skipt upp í þrjú til fjögur þvingdarstig. Áhersla var á að nemendur gætu unnið á þann hátt sem þeim hentaði best, hvort sem það væri á gólfi, við borð o.s.frv. Reynt var eftir bestu getu að beita einstaklingsmiðaðri kennslu þar sem sérstaða einstaklingsins innan nemendahópsins var íhuguð samhliða því að taka mið af því sem nemendur áttu sameiginlegt. Stoðkennari vann með þá hópa/einstaklinga sem styst voru komnir í námsefninu og þjálfaði færni þeirra á margþættan hátt. Einnig vann stoðkennari með hópa/einstaklinga sem þurftu að vinna í minni hópum vegna lítillar einbeitingar eða hegðunarvanda. Unnið var eftir ársáætlun veturinn 2017-2018 en þó með smávægilegum breytingum. Byrjendalæsisáætlanir voru settar beint inn í námsáætlanir fyrir hvert tímabil fyrir sig. Þær voru unnar út frá ársáætlun.

Mat og tillögur til úrbóta



Haustbyrjunin fór í það að kynna hverri annarri og skiptast á skoðunum um kennsluhætti. Það tók tíma að hlusta á ólíkar skoðanir og komast að niðurstöðu um hvernig veturinn skyldi vera og hvernig verkaskiptingu og skipulagi yrði háttað. Við reyndum eins og best var á kosið að taka tillit til hvernar annarrar, hugsa vel um hverja aðra, vorum sveigjanlegar og mynduðum traust. Að einhverju leyti hefði verið hægt að skipta verkum betur strax í upphafi og ákveða betur hvernig verkaskiptingu yrði háttað en kostirnir voru að við gátum átt fljóttandi starf sem hægt var að útfæra eftir þörfum og áhuga nemenda. Teymið vann vel saman sem heild og göngum við sáttar frá borði við skólalok. Nemendafjöldi var að okkar mati of hár á hvern umsjónarkennara eða 21. Oft á tíðum var erfitt að ná að halda utan um allar þarfir nemenda og samstarf við foreldra og fór mikill tími í bæði fundi með foreldrum og tölvupóstsamskipti. Næg mönnun frá upphafi getur skipt sköpum um gæði skólastarfs. Það að vera með rúmlega 80 sjö og átta ára börn krefst gríðarlegs skipulags, mikillar eftirfylgni með nemendum og mikillar námsaðlögunar sökum breiddar í hópnum. Þessir þættir allir sama hafa valdið mjög miklu álagi í haust. Á yngsta stigi finnst okkur að hámark nemenda í umsjónarhópi eigi að miðast við 16 nemendur. Stuðningur þarf að vera nægur þar sem mörg börn eiga við margvísleg vandamál að stríða; náms-, félags-, hegðunar- eða þroskaleg. Við komum ákaflega vel til móts við ólíkar þarfir og erum með mikla námsaðlögun og finnum að eftir því sem umsjónarhópurinn stækkar sé erfiðara að uppfylla mjög svo ólíkar þarfir nemenda. Það að vera með opið svæði milli 1.-3.bekkjar krefst mikillar skipulagningar og náins samráðs. Miðsvæðið nýtist verst þar sem sjónrænt og hljóðrænt áreiti verður sitt hvorum megin við vinnusvæði nemenda. Til að skapa gott námsumhverfi þarf gríðarlegt skipulag að liggja vegna ólíkra stundaskráa hjá 1. bekk og A hóps og hins vegar B hóps.

Námsgreinar

Námsgreinar

Þær námsgreinar sem kenndar voru af umsjónarkennurum í 2.-3. bekk voru íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, upplýsingatækni og lífsleikni (sjá nánar í ársáætlun veturinn 2017-2018 hvað var tekið fyrir hverju sinni). Íþróttir, sund og smíðjur sjá aðrir kennarar skólans um.

Jákvæður agi/bekkjarfundir

Jákvæður agi er agastefna Naustaskóla. Hann var nýttur í allri vinnu með nemendum og fléttaðist inn í allt skólastarf hjá okkur. Unnið var eftir sérstakri námsáætlun með jákvæðan aga. Bekkjarfundir voru einu sinni til tvisvar í viku á haustönn þar sem nemendur unnu eftir hugmyndafræði Jákvæðs aga, fengu að kynna verkfærum hans og fengu þjálfun í að æfa ýmsa þætti honum tengdum. Bekkjarfundir fóru ýmist fram í litlum hópum eða með öllum nemendum saman í heimakrók. Griðastaðir voru settir upp á báðum svæðum. Eftir áramót voru settir upp tveir lausnastaðir, einn á hvoru svæði. Á hvoru svæði fyrir sig voru einnig settir upp staðir fyrir þá sem vildu setja mál á dagskrá. Að okkar mati heppnaðist þetta gríðarlega vel og greinilegt að hægt er að vinna með þetta fyrr en við gerðum þar sem þetta dró úr því að við eyddum miklum tíma eftir frímínútur í ýmis nemendamál.



Þemu

Þemu voru fléttuð inn í námsáætlanir okkar. Þau þemu sem við unnum með í vetur eru eftirfarandi, í tímaröð;

- Samvinnuþema/vínátta og samskipti - Hjálparhendur
- Græni gaukurinn
- Landnámið og störf áður fyrr og nú
- Nammigrísinn
- Jólþema/ Ýmsar þjóðsögur og ljóð
- Tröllapema (Ástarsaga úr fjöllum)
- Og þau lifðu hamingjusöm til æviloka (ævintýri)
- Árshátíðarþema - Fiðrildavængir
- Eyjafjörður – grenndarkennsla, fjallaþema

Upplýsingatækni

Við höfum ekki getað nýtt okkur tölvuver á svæðinu þar sem það var óvirkt. Eins voru tölvur sem eru á svæðunum ekki tengdar fyrr en í maí og því ekki nýst sem skildi. Nemendur hafa því ekki fengið kennslu á word. Spjaldtölvurnar voru töluvert mikið notaðar í námi við s.s. lestur, hlustun, upplýsingaöflun og hugmyndavinnu, ásamt leikjaforritum sem tengjast náminu. Spjaldtölvukostur okkar er af skornum skammti og hefðum við viljað hafa úr meira að möða og erum vissar um að við hefðum nýtt tölvurnar vel.

Vettvangsferðir og uppákomur

Farið var í nokkrar vettvangsferðir á skólaárinu sem gengu almennt vel. Þær ferðir sem við fórum í eru eftirfarandi:

- Ferðir í Naustaborgir og um Naustahverfi. Viðfangsefni og markmið voru tengdar þemum hverju sinni og í sumum ferðunum var markmiðið eingöngu leikur og frískt loft.
- Útivistardagar kölluðu í nokkrum tilfellum á vettvangsferðir s.s. ferð í Hlíðarfjall, Kjarnaskóg, Hamra og Naustaborgir.
- Í nokkur skipti var farið á leikvelli í hverfinu og grenndarkennslu.
- Rútuferð í Hof á Söngvaflóð, á haustönn og vorönn.



- Amtsbókasafnið heimsótt, bæði ferðir á okkar vegum sem og skipulögð kynning fyrir 3.bekk
- Ísferð í boði Leirunestis.

Uppákomur voru nokkrar yfir veturinn og voru sem hér segir:

- Foreldraboð;
 - Í skólabyrjun var foreldrum boðið á kynningarfund. Hann fór þannig fram að foreldrar komu og fylgdust með söngstund barnanna að morgni dags og fengu stutta kynningu á Mentor. Að lokum tóku þau þátt í verkefnavinnu með börnum sínum. Foreldrar gátu einnig spurt kennara út í námsefni og fleira. Þessi heimsókn heppnaðist mjög vel og var góð byrjun fyrir skólaárið.
 - Í nóvember buðu nemendur foreldrum sínum í heimsókn og sýndu þeim afrakstur vinnu sinnar úr Landnámsþema.
- Árshátíð skólans var haldin 22. mars þar sem 2. og 3. bekkur tróð upp með skemmtilegu atriði þar sem þemað var ævintýri. Árshátíðin tókst mjög vel og fyrirkomulag hennar var gott. Góð samvinna var við foreldra um ýmis skipulagsatriði.

Aðalnámskrá grunnskóla

Aðalnámskrá grunnskóla var höfð til grundvallar öllu starfi og skipulagi. Voru grunnþættir menntunar sem birtast í Aðalnámskrá grunnskóla hafðir til hliðsjónar og fléttaðir inn í námsáætlanir okkar yfir veturinn þannig að hver þáttur fékk pláss í náminu. Þar sem grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru, framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif í samfélaginu þá er tiltölulega auðvelt að flétta þá inn í starfið okkar. Einnig var tekið tillit til lykilhæfnipátta nemenda við gerð námsáætlana og kennsluaðferðir miðaðar að því að þjálfa lykilhæfni þeirra.

Mat og tillögur til úrbóta

Bæta þarf tölvukost á svæðinu, bæði spjaldtölvur og tölvuver. Hefja vinnu með mál á dagskrá og lausnastað snemma að hausti til að það nýtist nemendum sem best. Við teljum að foreldrar hefðu mátt koma í eina heimsókn á hvorri önn. Við hefðum kosið að hafa tíma til að kalla foreldra einu sinni enn inn og þá til að horfa á börnin sín kynna verkefni sín, ekki bara sýna þau.

Námsmat



Við notuðum fjölbreyttar leiðir til að meta stöðu nemenda og fléttuðum námsmat saman við námsferli nemenda. Við lítum á markmið, kennslu og námsmat sem eina heild. Einnig var notast við kannanir, símat og leiðsagnarmat sem fór fram meðan á kennslu stóð og niðurstöður voru svo nýttar í þeim tilgangi að læra af þeim, þar sem reglulega var fylgst með vinnu nemenda og hún skráð niður. Að auki var námsmatið m.a. byggt á;

- Símati
- Leiðsagnarmati
- Skriflegum og munnlegum könnunum
- Sjálfsmati
- Læsis könnunum í 2. bekk
- Lesmál í 2. bekk
- Lesskilningsprófum
- Hraðlestrarprófum,
- Lesferill Menntamálastofnun, tekið í september, janúar og maí
- Skráð var jafnóðum eins og kostur var í markmiðalista á Mentor hvaða markmiðum börnin höfðu náð og birt foreldrum. Niðurstöður kannana voru birtar undir Verkefnabók á Mentor eða í formi markmiða.

Á skólaslitum fengu nemendur afhendan vitnisburð sem innihélt greinagóða umsögn um námsárangur vetrarins. Einnig fengu nemendur lestrarlínurit af skólagáttinni með árangri vetrarins.

Mat og tillögur til úrbóta

Við teljum að vel hafi verið staðið að námsmati í vetur og að okkur hafi gengið vel að haka við markmið inn á Mentor jafn óðum. Göngum við stoltar frá borði hvað námsmat varðar þetta skólaárið.

Foreldrasamstarf/ mat og tillögur til úrbóta

Foreldrasamstarf fór fram í gegnum tölvupóst, vikupósta, símtöl og fundi. Mikið var um að foreldrar óskuðu eftir fundum og þá bæði vegna náms- og félagslegra þátta. Einnig óskuðum við nokkrum sinnum eftir fundum m.a. vegna námslegrar stöðu eða hegðunar nemenda. Fundir gengu almennt vel en þó var mikið um snúin mál í hópnum í vetur. Vilborg félagsmálaráðgjafi var fengin til liðs við okkur þar sem óróleiki var í foreldrahópi stelpna úr 3.bekk. Foreldrar þeirra virtust eiga erfitt með að ræða málin sín á milli og vildu að skólinn leysti málin. Mikilvægt er að muna að allt spjall milli foreldra og kennara skilar sér margfalt. Einnig voru



samskipti í gegnum tölvupóst mjög mikilvæg og góð. Foreldrar voru upplýstir um hverja viku fyrir sig í föstudagspóstum sem greindu frá hvað unnið var í vikunni, hvaða markmiðum væri unnið að hverju sinni og hvað væri framundan. Misjafnt virtist vera hversu virkir foreldrar voru að lesa föstudagspóstinn okkar og mikilvægt að íhuga hvernig við getum hvatt til þess. Stundum veltum við því fyrir okkur hvort flæði á tölvupóstum sé of mikið til foreldra úr öllum áttum og þetta verði hreinlega undir í pósthólfinu. Töluverð vinna liggur að baki skrifunum þar sem hann er mjög upplýsandi fyrir foreldra hvað námið varðar, námsmarkmiðin og hvað sé á dagskrá næstu vikunnar. Hvað er hægt að gera til að fá foreldra til að fylgjast betur með?

Foreldrasamstarf gekk almennt vel og teljum við okkur hafa verið faglegar, hreinskilnar og skýrar í okkar samskiptum við þá.

Sá þáttur sem vinna þarf vel að næsta vetur er ástundun nemenda þar sem hún var stundum langt frá því að vera ásættanleg. Mikilvægt er að nemendur temji sér stundvísi og þar sem foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum þurfa þeir að vera meðvitaðir um þennan þátt. Þegar skóli hefst er farið yfir hluti eins og skipulag dagsins og því missa þeir nemendur sem ítrekað eru of seinir af upplýsingum og skilaboðum sem getur haft áhrif á líðan og öryggi þeirra í skólanum.

Nemendur

Gerð var félagstengslakönnun á haustönn og kom þar í ljós að nokkrir nemendur virtust eiga erfitt félagslega. Farið var í að reyna að virkja þá einstaklinga félagslega. Einnig kom í ljós að það voru ákveðnir einstaklingar sem nefndir voru í nokkur skipti sem nemendur sem stríða eða hafa gengið langt að nemendum. Töluvert var um agavandamál, samskiptavandamál og stríðni. Unnið var með hvert mál fyrir sig á viðeigandi hátt. Við náðum góðum árangri með þau mál sem við fengumst við. Það er ánægjulegt að segja að við göngum sáttar frá borði hvað námsárangur nemenda varðar og teljum okkur hafa náð góðum árangri með nemendum okkar á flestum sviðum og náð að draga fram það besta hjá hverjum og einum.

Samstarf í teyminu/mat

Það sem við hefðum einna helst bent á til umbóta í þessum kafla er verið að breyta á næsta skólaári. Við höfum, í vetur, komið auga á þann möguleika sem aldurshreinni hópar hefðu fært okkur og erum spenntar að fá að prófa það. Þegar aldursblöndun er svona mikil er mjög, mjög mikil breidd innan nemendahópsins, breiðari en þegar um einn árgang er að ræða. Þau markmið sem eru undir eru flóknari í framkvæmd og minni lýkur á því að kennarar hvors hóps vinni saman varðandi kennsluhugmyndir og fleira. Þegar sami árgangur er kominn teljum við að betri heild myndist og fleiri hugmyndir stökkvi fram, nemendum til hagsbóta. Stærðfræðin til að mynda hefði unnist öðruvísi og jafnvel betur. Við sjáum ekki ávinning af aldursblönduninni sem slíkri því við teljum okkur það faglegar og vanar markmiðum að þörfum nemenda verði jafnvel enn betur mætt með aldurshreinum hópum. Samstarf í teyminu gekk mjög vel og teljum við okkur hafa náð góðum árangri saman. Eðlilega tekur tíma fyrir nýsamsett teymi að læra að vinna saman og við mættum vissulega ýmsum vandamálum í vetur. Við upplifum okkur sem



heild en nemendahópin sem tvo hóp. Okkur tókst ágætlega að skipta verkum og nýta þá styrkleika sem hver og ein býr yfir. Við unnum byrjendalæsisáætlanir oftast í hópum, þó með örfáum undantekningum. Gaman hefði verið að vinna meira þvert á hópana og eygjum við þá von næsta vetur.

Mikilvægt er að stjórnendur séu vel með á nótunum og vakandi fyrir því ef einn kennara er í minna stöðuhutfalli en aðrir þannig að báðir hópar standi jafnir að vígi. Þá þarf að vanda til verka að afleysing berist örugglega þegar hlutir eins og Söngvaflóð fellur niður þannig að einn kennari standi ekki eftir með rúmlega 40 börn. Það skiptir þá líka máli að ef stjórnendur ákveða að leyfa minni stöðu annars umsjónarkennarans sé það rétt strax í byrjun að vinnutíminn þurfi að sveigjast rétt eins og vinnutími þeirra sem eru í 100% stöðu og séu með fasta viðveru. Mikilvægt er að passa vel upp á skipulag þeirra sem eru í minna hlutfalli, til dæmis út frá stundaskrá og fleiru. Einnig er einkennilegt að stöðuhlutfall umsjónarkennara sé meira í B hóp en í A hóp ss. 1,8 í A hóp og 2 í B hóp. Hver eru rökin fyrir því?

Almenn samantekt

Þegar litið er yfir farinn veg hefur hann að mestu leyti verið farsæll og við erum sáttar við störf okkar. Við teljum að þörfum nemenda hafi verið vel mætt, við störfuðum vel saman sem EITT teymi þó margt hafi getað komið í veg fyrir það. Allir virðast hafa gert sitt besta og lagt krafta sína í að skila góðu verki. Okkur fannst börnunum líða vel hjá okkur og reyna sitt besta og það skiptir mestu máli. Vissulega komu tímar í vetur þar sem þreytan sagði til sín og okkur fannst við varla geta meira en þá er gott að hafa góða samstarfsfélaga sem biðja manns og styðja í blíðu og stríðu. Það er oft ágætur mælikvarði á það hvort teymið sé “gott” eður ei. Ef þig langar að fara í vinnuna, átt góða daga þar og treystir þeim sem þú vinnur með vinnast verkin örugglega.

Það hefur verið töluverður álagsvaldur að hafa stóra umsjónarhópa og biðlum við til stjórnenda að virða okkar mörk varðandi það. Þegar 40-42 börn eru sett af stað í vinnu á sama tíma er sorglegt að hugsa til þess að einungis tveir kennarar séu til að kenna og 1-2 stuðningsfulltúar til að aðstoða. Það segir sig sjálft að erfitt er að ná yfir þetta og mikilvægt að sett séu einhver mörk varðandi fjölda barna í umsjónarhópum, helst ekki fleiri en 16 talsins. Töluvert ónæði varð af því að hafa svæðin samliggjandi og oftast mjög mörg börn á svæðinu á sama tíma í 1.-3. bekk. Við fundum mikinn mun þá daga sem annar hópurinn var í burtu og við gátum dreift okkur um svæðið en það var of sjaldan. Það hefði verið frábært að fá fleiri tíma þar sem annar hópurinn er á svæðinu. Þetta urðu mestu gæðastundir vetrarins. Það hefði verið gott að geta lokað á milli.

Við erum spenntar að fá tækifæri næsta vetur til að hafa stýrðari aldursblöndun en nú og þakklátar fyrir að stjórnendur hafi hlustað á raddir okkar og beri traust til okkar að við vinnum þetta vel. Það er ósk okkar að við fáum stuðning og hvatningu til að við göngum aftur sáttar frá borði líkt og nú.

Það hefur verið ómetanlegt í vetur að hafa frábæran stoðkennara sem vinnur faglega, af mikilli ábyrgð og metnaði. Hún hefur skipt sér vel á milli teyma, komið að ótalmörgum málum og staðið sig gríðarlega vel. Hún hefur orðið svolítið að hjarta teymisins, ekki síst sameiningartákn þar sem hún kemur að báðum hópum og er sú eina sem hefur öll börnin “undir”.



Við fengum einnig frábæra stuðningsfulltrúa sem hafa staðið sig gríðarlega vel og átt í góðum samskiptum við börnin og kennarana. Þær hafa unnið mjög sjálfstætt og eru oft á við fimm manns ef miðað er við afköst. Við þökkum stjórnendum einnig fyrir að hafa hlustað á okkur og bætt við stuðningsfulltrúa þegar á þurfti að halda.

Við teljum að það form sem við lögðum upp með, sitjandi börn í krók og söngur allra morgna hafi gengið vel. Það var gaman að flétta tónlistina inn í áætlanir og oft tengdu börnin ekki síst við textana sem við sungum, alveg til jafns við bókatextana. Við vonum að þetta haldi sér. Einnig var greinilegt að börnin nutu þess að hafa sjónræna skipulagið sem sett var upp.

Við erum stoltar af bekkjafundunum okkar og þeim árangri sem við náðum í jákvæðum aga. Það er ómetanlegt að sjá þegar börnin sýna “heilann í hendi sér” með það að markmiði að útskýra tilfinningar sínar. Lausnastaðir voru einnig spennandi nýbreytni og mál á dagskrá ómissandi hluti bekkjafunda. Við fylgdum dagskránni vel og sáum framfarir hjá flestum börnunum hvað tjáningu og framkomu á bekkjafundum varðaði. Við vonum að okkur takist að halda JA á lofti á næsta skólaári. Hann er mikilvægur.

Við teljum að nemendum hafi gengið vel að ná markmiðum sínum og okkur líka. Að þessu sinni ætlum við að hampa okkur fyrir vel unnin störf, vitandi það að alltaf er hægt að gera betur.

Ársskýrsla 4. bekkjar

Tölulegar upplýsingar

Umsjónarkennarar voru 3, einn stoðkennari sem aðstoðaði nemendur með aðlagð námsefni. Einn stuðningsfulltrúi fylgdi nemendahópnum í flesta tíma þar að auki fengum við annan stuðningsfulltrúa sem aðstoðaði af og til.

Í gæðahringjum/bekkjarfundum sátu umsjónarhópar saman hver á sínu svæði. Uppröðun á svæðum hélst allan veturinn, við breyttum einungis sætum nemenda innan svæðisins. Í hringekju var hópnum skipt í 3 hópa. Við skiptum í nýja hringekjuhópa í hverri viku svo að nemendur kynnist öllum í hópnum og læri að vinna með öðrum en vinum sínum.

Skipting milli kynja: í 4. bekk eru 22 stelpur og 24 strákar.

Nemendum var skipt í mismunandi hópa:

- Umsjónarhópa
- Smiðjuhópa
- Sundhópa
- Hringekjuhópa
- 1,2,3 hópar (sem lærðu í íslensku, ensku, stærðfræði, 1 tíma í hverri viku)



Skipulag námsins

Stundatafla var nokkuð föst, það er sami rammi í hverri viku en með ólíkum verkefnum. Allir dagar voru fjölbreyttir og úthald yfirleitt gott. Mánudagar voru lengstu dagarnir og reyndum við eftir bestu getu að skipta deginum vel upp fyrir nemendur.

Mánudagar: Við byrjuðum vikuna á bekkjarfundi þar sem hver kennari sat í krók með hópnum sínum og þar var tekið fyrir verkefni úr Jákvæðum aga, spjallað um helgina og almenna líðan nemenda. Þar á eftir tók við vinnustund í stærðfræði og íslensku þar sem við skiptum tímanum í tvennt. Eftir nesti og frímínútur fóru nemendur í 1,2,3 hópana sína, en í upphafi vetrar var nemendum skipt í þessa 3 hópa og héldust þeir út veturinn. Þessir hópar lærðu í íslensku, stærðfræði og ensku. Þar á eftir var farið í þema og oftast var hver kennari með sinn umsjónarhóp. Eftir hádegi var farið í sund, stafsetningu og upplýsingatækni. En sundhóparnir rúlluðu í 4 hópum yfir veturinn. Þannig að allir nemendur fengu kennslu í stafsetningu og upplýsingatækni.

Þriðjudagar: Á þriðjudögum byrjuðum við á íslensku og síðan fóru nemendur í íþróttir og þar á eftir í frímínútur. Þar á eftir var komið inn í nesti og svo aftur í 1,2,3 hópana og á eftir því var svo farið í þema. Því næst fóru nemendur í hádegismat og frímínútur. Deginum lauk síðan með yndislestri þar sem nemendur lásu upphátt fyrir kennara og kvittað var fyrir. Stuttur dagur.

Miðvikudagar: Á miðvikudögum byrjuðum við á hringekju, þær voru afar fjölbreyttar, en oftast vorum við þó í íslensku, ensku og stærðfræði. Hver hópur vann í sirka 20-25 mínútur. Eftir hringekju var farið í nesti og frímínútur. Á miðvikudögum reyndum við að hafa innlagnir í stærðfræði eða íslensku eftir því sem við átti í kennslu. Þá var farið í nýja hluti í náminu eða kafað dýpra í efnið. Nemendur voru teknir inn í herbergi í litlum hópum og á meðan unnu hinir nemendurnir í stærðfræði eða íslensku eftir því sem við átti. Að lokinni innlögn og vinnustund fóru nemendur í umsjónarhópa og þema. Eftir hádegismat fóru nemendur í smiðjur.

Fimmtudagar: Á fimmtudögum byrjuðum við daginn á bekkjarfundi og tekin voru fyrir verkefni úr Jákvæðum aga. Eftir bekkjarfund var vinnustund þar sem við skiptum tímanum á milli stærðfræði og íslensku.

Föstudagar: Byrjuðum daginn á krók, því næst fórum við á söngsal með 5. bekk sem Heimir Ingimarsson hafði umsjón með frá Tónlistarskólanum á Akureyri. Nemendur í 5. bekk sáu um að stóla upp fyrir söngsalinn því það reyndist erfitt að sitja á gólfinu. Að söngsal loknum tók við stuttur skriftartími og síðan nesti og frímínútur. Eftir nesti og frímínútur var unnið í 1,2,3 hópunum og svo klukkan 11 fóru nemendur í íþróttir. Eftir hádegi lokuðum við vikunni á klárutíma og við reyndum oft að taka sameiginlegan krók.

Kennsluhættir

Vinnulag var frekar fjölbreytt og þar af leiðandi kennsluhættir/aðferðir.

- Suttar innlagnir og verkefni
- Paravinna
- Hópavinna
- Einstaklingsvinna/vinnubókarvinna/áætlunarvinna
- Námsleikir
- Vettvangsferðir
- Þemavinna



Allir dagar byrjuðu í krók hvers umsjónarhóps þar sem var farið yfir dagsskipulagið og spjallað um ýmis málefni er tengdust skólastarfinu. Bekkjarfundir voru fastir í stundatöflu tvisvar í viku á mánudögum og fimmtudögum. Í vikulok var farið í sameiginlegan krók til að þakka fyrir vikuna. Gerð var áætlun að dagskrá fyrir fundina með stefnu jákvæðs aga að leiðarljósi. Stundaskrá dagsins var skrifuð upp á töflu á svæðinu og var sýnileg nemendum. Þetta auðveldaði mörgum nemendum að átta sig betur á því hvað er framundan á hverjum degi.

Kennsluáætlanir í þema voru 5. Unnið var með með eitt viðfangsefni í hverri lotu. Námsefni aðlagð og verkefni stytt fyrir þá nemendur sem þurfa. Áætlanir voru birtar foreldrum og starfsfólki skólans á mentor.

Í íslensku var unnið út frá markmiðunum sem nemendur í 4. bekk Naustaskóla eiga að ljúka. Við samþættum íslensku við þemakennsluna og reyndum að vinna markmiðin samtímis.

Í stærðfræði var unnið eftir kennsluáætlunum. Sem birtar voru á mentor, áætlanir voru því vel aðgengilegar bæði á netinu og svo eru þær í möppum á svæðinu sem nemendur geta nálgast auðveldlega. Nemendur unnu á misjöfnum hraða og sumir voru að vinna í efni fyrir 5. bekk. Nemendur fengu aðlagðar kennsluáætlanir frá kennara sem þurftu á því að halda.

Námsgreinar

Íslenska:

Í vetur var lögð mikil áhersla á lesskilning, ritun og lestur í íslenskukennslunni. Við unnum með bækurnar Lesrún 1 og 2, en þar þurfa nemendur að lesa texta, svara spurningum hvort sem það eru krossar eða í setningum og einnig þurftu nemendur að endursegja texta sem þau höfðu lesið áður. Kennarar undirbjuggu hefti í málfræði fyrir nemendur þar sem kynnt voru nafnorð og hvernig þau skiptast. Eftir áramót fengu nemendur síðan bókina Skinna verkefnabók 2, þar vinna nemendur fjölbreytt verkefni. Einu sinni í viku fóru nemendur í skrift, í haust byrjuðu allir nemendur í skriftarbók númer 3 en sumir hafa þotið áfram og eru að vinna í bókum 5 og 6. Íslenskan var samþætt þemavinnu og í hringekju en þar var fjölbreytt vinna í málfræðiheftum, lestrarverkefni, ritunarverkefni í tölvum og ýmis önnur verkefni. Á degi íslenskrar tungu byrjaði undirbúningur fyrir litlu upplestrarkeppnina, eftir það var alltaf ein stöð í hringekju tileinkuð þeim undirbúningi. Stafsetning var einu sinni í viku ýmist upplestur, sóknarskrift, textahlustun úr íslenskri tónlist og eyðufyllingar. Nemendur tóku þrjú hraðlestrarpróf yfir skólaárið.

Stærðfræði:

Í stærðfræði unnu nemendur í Sprota 4a og 4b. Nemendur studdust við áætlanir sem skipt var í lotur og kannarnir í lok hverrar lotu, þær voru 10 samtals. Námsáætlanir voru aðlagðar og ýmist styttaðar eftir þörfum nemenda. Innlagnir voru minnst 2 sinnum í mánuði þar sem kafað var dýpra í ákveðið efni eða nýtt náms efni kynnt fyrir nemendum. Unnið var í stærðfræði næstum daglega bæði í vinnubókum og ýmsum verkefnum sem lögð voru fyrir í tengslum við markmiðin.

**Enska:**

Enska var kennd þrisvar í viku. Nemendum var skipt í 3 hópa, sem hittist einu sinni í viku og vann þá í námsbókinni sinni og var sá tími nýttur í hlustun. Þar að auki var enska í hringekju sem var tvisvar sinnum í viku, þar voru unnin fjölbreytt verkefni sem studdu við það sem farið var í námsbókinni. Námsefnið í ensku byggðist upp á hlustun og tjáningu.

Þemaverkefni:

Í þemavinnu var nemendum oftast skipt eftir umsjónarhópum. Þemaverkefnin voru eftirfarandi: Akureyri og nærumhverfi, Pláneturnar, Íslenskar þjóðsögur, Kvenfyrirmyndir og Tækni. Öll markmið og áætlanir í þemum er hægt að nálgast á mentor. Áhersla var lögð á fjölbreytt verkefni í hverju þema og samþætt öðrum námsgreinum s.s íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði og upplýsingatækni. Einnig fórum við í vettvangsferðir tengdar þemunum.

Upplýsingatækni:

Umsjónarkennarar voru búnir að ákveða að hafa fasta tölvutíma þar sem nemendur áttu að fá að kynnst fingrafimi og ýmsum forritum sem tölvurnar hafa upp á að bjóða. Snemma kom í ljós að tölvurnar í tölvuverinu okkar voru ekki nógu góðar til að vinna verkefnin. Oftast nær frusu þær í fingrafimi, slökktu á sér þegar þeim hentaði og fleria í þeim dúr. Þar að auki vantaði oft heyrnatól eða mýs við tölvurnar. Við fengum tölvuumsjónarmann til að koma og laga tölvuverið en hann sagði að lítið væri hægt að gera því tölvubúnaður væru úreltar. Við létum það þó ekki stoppa okkur og mikið reyndi á þolinmæði okkar kennara sem og nemenda. Við unnum nokkrar sögur í tölvunum og einnig gerðu nemendur kynningu í PowerPoint.

Í maí var haldin tækjadagur þar sem við fengum heimsókn frá Skólaþróunarsviði Háskólans. Nemendur fengu að prufa sýndarveruleikagleraugu, Sphero vélmenni til að efla sköpunargáfur með gagnvirkum leik og forritun, Dash forrita og stjórna vélmennum, Osmo forritun og AR (augmented reality).

Vettvangsferðir:

Vettvangsferðir í 4. bekk voru margar og fjölbreyttar. Við byrjuðum veturinn á því að fara niður í bæ, skoða Akureyrarkirkju og svæðið þar í kring, töldum kirkjutröppurnar meðal annars. Í haust fórum við í heimsókn í Verkmenntaskólann á Akureyri þar sem nemendur fengu kynningu á FabLab smiðjunni. Við fórum einnig í gönguferðir um hverfið og Naustaborgir. Í desember fórum við í heimsókn á Minjasafnið þar sem við fengum að kynnst ýmsum jólahefðum. Á vordögunum fórum við í heimsókn á Flugsafnið, Mótorhjólasafn Íslands og Iðnaðarsafnið. Nemendur fóru tvisvar sinnum á Söngvaflóð í Hofi og einnig fórum við á leikritið „Heyrðu villuhrafnninn mig“ í Hofi.

Mat og tillögur:

Stærðfræði var kennd í lotum, líkt og gert í eldri árgöngum. Nemendur gerðu skriflega könnun eftir hverja lötu. Við munum halda áfram með sama fyrirkomulagi. Við teljum að það mætti leggja meiri áherslu á smá heimavinnu í stærðfræði, við sendum með nemendum margföldunarhefti heim sem skilaði sér til baka að vissu leyti. Við teljum þó mikilvægt að senda



stærðfræðina með heim svo nemendur þjálfist betur í því námsefni sem verið er að vinna með og einnig til að ná að klára áætlanir á réttum tíma.

Varðandi íslenskukennsluna þá gekk vel að skipuleggja námið í tengslum við markmið nemenda. Við lögðum fyrir skriflegar kannanir tvisvar sinnum yfir veturinn í málfræði. Við höfum lagt mikla áherslu á ritun og lessklingin og sjáum við að sú kennsla hefur skilað sér vel. Stafsetningarkennslan gekk vel. Framfarir nemenda í lestri voru góðar í vetur.

Þemavinna gekk afskaplega vel. Verkefni voru fjölbreytt og reyndu á ýmsa þætti hjá nemendum sem dæmi má nefna samvinnu, þekkingu og upplýsingasöfnun. Verkefni voru auk þess getumiðuð.

Námsmat

Í stærðfræði var símat þ.e. lagðar voru skriflegar kannanir fyrir nemendur eftir hverja áætlun, merkt var við markmið á Mentor. Í íslensku var skráð í verkefnabók, leshraði, lesskilningur, niðurstöður kannana, þema og ritunarverkefna. Hraðlestrarpróf voru lögð fyrir þrisvar sinnum yfir veturinn og nemendum birtar niðurstöður á súluriti. Við sjáum miklar framfarir hjá þeim nemendum sem hafa verið duglegir að lesa upphátt heima en ljóst þykir að nemendur þurfa að vera duglegri við lestur. Farið var í lestrarátak tvisvar sinnum í vetur, fyrri átakið gekk ekki nægilega vel en við lærðum af því og lögðum okkur öll fram í því seinna.

Tvö stór lesskilningsverkefni ásamt fleiri minni verkefnum voru lögð fyrir nemendur. Leggja þyrfti meiri áherslu á að láta nemendur endursegja texta sem þeir lesa og að láta þá vinna útdrætti úr stuttum textum til að auka lesskilning.

Töluverð áhersla var á ritun. Nemendur unnu ýmsar sögur og frásagnir, bæði í tengslum við þema og einnig sjálfstætt. Í ensku voru lagðar fyrir stuttar kannanir úr því efni sem í var farið og tengdust markmiðunum. Mikil áhersla var lögð á enskan orðaforða nemenda sem og að nemendur fengju tækifæri til að tala tungumálið í kennslustundum.

Matsmappa

Matsmappan fór heim einu sinnum yfir veturinn og önnur mappan (sem samanstóð af fyrstu möppunni ásamt viðbót) var til sýnis á skólaslitum og fór síðan heim með nemendum. Verkefnin í matsmöppunni voru valin með það að leiðarljósi að gefa sem skýrasta mynd af viðfangsefnum nemenda hverju sinni. Viðfangsefnin áttu jafnframt að vera lýsandi yfir þekkingu, leikni og hæfni þeirra. Foreldrar virtust sáttir með þetta fyrirkomulag og voru hvattir til þess að skrifa hvatningarorð/skilaboð til nemenda og/eða kennara við möppuskil. Verkefnin sem finna mátti í möppunum voru eftirfarandi:

Skil í apríl 2017:

- Íslenka – Orðarún
- Stærðfræði – Kannanir
- Íslenska – Ritunarverkefni
- Þema – Kvenfyrirmyndir



- Enska – nokkur verkefni frá vetri

Samráðs- og matsdagar

Samráðs- og matsdagar voru tveir á skólaárinu. Að hausti og í lok janúar komu foreldrar/forráðamenn í viðtal með börnum sínum. Foreldrar skráðu sig í viðtölin á Mentor. Kennarar höfðu samband við þá foreldra sem ekki skráðu sig og festu með þeim viðtal. Að auki var fundað reglulega (teymisfundir) yfir skólaárið vegna ýmissa mála sem upp komu.

Mat og tillögur til úrbóta

Notast var við fjölbreytt námsmat t.d. gátlista, skriflega könnun, sjálfsmat, símat og leiðsagnarmat. Við notuðum sjálfsmat í þema en sjálfsmat hefur marga kosti umfram það að vera bara námsmat þar sem það hvetur nemendur til sjálfskoðunar og eflir gagnrýna hugsun og sjálfstæði.

Eftir að nemendur fengu ákveðin sæti merkt sér á umsjónarsvæðum skapaðist betri vinnufriður og því mælum við með að kennarar haldi því áfram. Það sama má segja með yndislestur, nemendur lesi á umsjónarsvæði við borðin sín. Kennarar þurfa einnig að samræma sig í sambandi við flakk milli svæða. Gott er að hafa markmiðin sýnilegri þannig að nemendur geri sér grein fyrir hvort þeir hafi náð settum markmiðum. Til dæmis má hengja þau upp á vegg, hafa sýnileg á lotublöðum í íslensku og stærðfræði. Þessi markmiðablöð viljum við að fari í matsmöppu nemenda.

Við bárum saman markmið Naustaskóla og Aðalnámskrá Grunnskóla og fannst þörf á úrbótum. Í íslensku eru fá markmið í Naustaskóla og samkvæmt Aðalnámskrá fannst okkur vanta markmið þar sem nemendur kynnast orðflokkunum, nafnorð, sagnorð og lýsingarorð. Einnig fannst okkur vanta markmið sem snúa að upplýsingatækni en það er eitthvað sem þau eiga að læra samkvæmt Aðalnámskrá. Til þess að þau geti unnið í upplýsingatækni verður tækja kostur að vera í lagi. Einnig finnst okkur markmiðin í stærðfræði vera alltof mörg en þau eru 40 og til samanburðar eru þau 11 í íslensku.

Nemendur

Líðan nemenda

Samkvæmt könnunum þá líður nemendum vel í skólanum. Þessar kannanir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans (undir matsgögn/skýrslur). Nemendaviðtöl voru tekin við nemendur einu sinni á skólaárinu og að auki eftir þörfum.

Eineltismál og agamál

Ef upp komu agamál á kennslusvæði eða í frímínútum var tekið á því. Kennarar tóku nemendur úr aðstæðum og ræddu við þá, einnig gátu nemendur farið afsíðis ef þurfti. Í vetur voru settir upp lausnastaðir á hvert svæði í skólanum og einnig við aðalinnganginn, þeir eru hluti af Jákvæðum aga og eru notaðir af nemendum til að leysa ágreining. Hegðunarfrávik voru skráð í dagbók og hringt heim eftir þörfum.

**Námsárangur**

Námsárangur nemenda í stærðfræði var mjög góður, náðu nemendur að ljúka fjölmörgum markmiðum. Mikil áhersla var lögð á einstaklingsmiðað nám þannig að hver og einn var á þeim stað sem hæfði þekkingu, leikni og hæfni hans. Heildarárangur vetrarins í stærðfræði er ánægjulegur enda var töluverð áhersla lögð á stærðfræði í vetur. Með því að merkja strax við markmið eftir hverja könnun var betri yfirsýn yfir hvern nemenda.

Í íslensku gekk flestum vel að ná markmiðum vetrarins. Nemendur hafa sýnt miklar framfarir í íslensku í ritun og lesskilning. Það var ánægjulegt að fylgjast með framförum nemenda í aðdraganda litlu upplestrarkeppninnar og tóku allir nemendur þátt í henni.

Ástundun

Leyfi og mæting nemenda var skráð á mentor og sendar til foreldra í formi yfirlits á tveggja vikna fresti.



Foreldrasamstarf

Á hverjum föstudegi var sendur póstur til foreldra þar sem vikan var gerð upp og farið yfir komandi viku. Margir foreldrar létu vita af ánægju sinni með póstana, þeir væru mikilvægir í upplýsingaflæði milli kennara og foreldra. Stofnuð var Facebook síða foreldra þar sem viðburðir, myndir og áriðandi skilaðboð voru sett inn. Á skólaárinu voru tveir viðtalsdagar þar sem fulltrúar allra barna mættu (í lok október og í lok janúar).

Ef upp komu árekstrar milli nemenda var sent skilaboð af mentor til foreldra/forráðamanna viðkomandi barna og þeir upplýstir um stöðu mála.

Heimanám var almennt ekki enda samræmist það ekki stefnu skólans hins vegar fengu nemendur einstaka sinnum með sér námsefni heim. Það var þó einungis ef nemendur höfðu ekki nýtt tímann vel eða þurftu að dýpka skilning sinn á námsefni. Kennarar sendu þá ávallt póst heim eða hringdu í foreldra og þeir látnir vita. Nokkrum sinnum í vetur komu beiðnir frá foreldrum um heimanám og var þá fundin sameiginleg lausn á því.

Hvað tókst vel og hvað má betur fara?

Almenn ánægja er með foreldrasamstarfið í vetur. Foreldrar komu í heimsókn einu sinni yfir skólaárið, þegar við héldum litlu upplestrarhátíðina, þá tóku nemendur með sér matsmöppu heim og sýndu foreldrum verkefni sem þau hafa unnið yfir veturinn. Foreldrar mættu lesa föstudagspóstana oft og betur. Það kom nokkrum sinnum í ljós að nemendur voru ekki nægilega vel útbúnir í vettvangsferðir og í útiþróttir. Nokkrir foreldrar sáu ekki tilgang með heimalestrinum þó svo að við útskýrðum tilganginn með lestrinum. Það verður gott þegar Naustaskóli og Akureyrarbær verður komin með heildarstefnu í lestri þar sem tilgangur lestursins verður vonandi skýrari fyrir foreldrum.

Við teljum að upplýsingaflæði hafi verið gott og þá sérstaklega í gegnum Facebooksíðuna.

Samstarf í teyminu

Teymið hefur haldist óbreytt frá upphafi skólans. Við vorum duglegar að skipta með okkur verkefnum til að auðvelda okkur samstarfið þó að allir kennarar hafi kennt öll fög. Við höfum verið vel undirbúnar og skipulagðar í vetur og finnst okkur það skipta miklu máli þegar upp koma veikindi í teyminu. Teymið hefur unnið vel saman og teljum við að það hafi skilað sér til nemenda. Teymisfundir voru á fimmtudögum eftir kennslu. Á þeim fundum voru tekin fyrir nemenda- og trúnaðarmál.

Jafningjastuðningur

Yfirhöfuð einkenndi góður mórall teymið. Ígrundun og lausnaleit fór fram jafnt og þétt yfir veturinn á fundum teymisins. Farið var yfir bæði stöðu námshópsins í heild sem og ákveðinna einstaklinga. Auk þess var farið reglulega yfir skipulag námsins og oft voru gerðar breytingar ef þess þurfti.

Almenn samantekt

Við erum ánægð með vinnuna sem teymið okkar hefur unnið í vetur. Það skiptur miklu máli í teymiskennslu að vera í góðu teymi. Kennarar eru sammála um að stundataflan hafi verið fín, fyrir utan tímann eftir hádegi á þriðjudögum, hann nýttist illa þar sem hann var einungis 20



mínútur. Teymið mun nota áfram fjölbreytt námsmat og tengja þau við sýnileg markmið hvernar lotu fyrir sig á mentor eins og hefur verið gert. Kennarar eru ánægðir með foreldrasamstarfið í vetur en eins og áður var getið þá fannst okkur að fleiri hefðu mátt lesa föstudagsfréttirnar. Foreldrar voru þó duglegir að skoða Facebook síðuna.

Mat á skólastarfinu í heild – hvað er mikilvægast að skólinn leggi áherslu á í umbótum næsta skólaárs?

Við teljum nauðsynlegt að stjórnendur kynni nýju starfsfólki fyrir starfsvenjum Naustaskóla og þeim hefðum sem hér eru. Þar að auki telum við mikilvægt að stjórnendur skoði hvernig teymi eru samansett (reyndir og óreyndir kennarar). Það vantar fjölbreytni í námskeiðsvali (starfsmanna) og betri tölvu/spjaldtölvukost og að upplýsingatækni verði gert hærra undir höfði í skólastarfinu. Þá telur teymið vanta eftirfylgni vegna agavandamála og sértækra úrræða og að stjórnendur veiti meiri stuðning og úrræði í þeim málum. Skólinn þyrfti að setja skýrar línur hvernig brugðist er við andlegu- og líkamlegu ofbeldi.

Ársskýrsla 5. bekkjar

Teymi

Teymi 5. bekkjar veturinn 2017-2018: Stefán Smári Jónsson umsjónarkennari, Særún Magnúsdóttir umsjónarkennari, Hafdís Björg Bjarnadóttir stoðkennari (mánudaga og fimmtudaga), Heiðar Freyr Leifsson stuðningsfulltrúi, Inga Vala Magnúsdóttir stuðningsfulltrúi og Gunnar Örvar Stefánsson stuðningsfulltrúi (fylgdi mest einum nemanda).

1. Námsumhverfi – skipulag og námsgreinar

Í vetur voru 51 nemandi 5. bekk, 29 strákar og 22 stelpur. Í teyminu eru tveir umsjónarkennarar, einn stoðkennari og þrír stuðningsfulltrúar. Hópnum var skipt í tvo umsjónarhópa. Nemendur unnu í ýmsum hópum s.s. enskuhópum, kynjaskiptum hópum á bekkjarfundum og forritunarhópum. Þá voru einnig hringekju- og þemahópar.

Á svæðinu voru m.a. krókur (lestrar-, kennslu- og morgunkrókur), lausnastaður, hópavinnusvæði, rólegt svæði og við höfðum afnot af Perlunni, lokuð stofa, þar sem fram fóru ýmsar innlagnir með hópum sem taldi ekki fleiri en 15 nemendur.

Sætum nemenda var raðað í fjóra "krabba" sem hver var sinn litur. Þar voru nemendur á milli 11-14 og því tilvaldir hópar til að taka í forritun eða önnur verkefni.



1.1. Stundatafla, dagsskipulag og kennslufyrirkomulag

Við byrjum í lok októbers þegar 4. og 5. bekk var skipt upp. Umsjónarhóparnir voru tveir en öllum kennt í sama rými og sætaskipan var blönduð. Nemendahópurinn fór allur í íþróttir og smiðjur á sama tíma. Íþróttir á þriðju- og föstudögum en smiðjur á miðviku- og fimmtudögum. Á mánudögum var allur hópurinn á svæðinu fram að mat. Eftir hádegi fóru nemendur í sund á fjórum mismunandi tímum. Síðustu tveir hóparnir fóru í stafsetningu og síðasti fékk frjálst áður en hann fór í sund kl. 13:45. Hóparnir rúlluðu svo yfir veturinn þannig að allir fengu stafsetningartíma.

Á þriðjudagsmorgnum voru íþróttatímar, en annars hefðbundin kennsla. Deginum lauk óvenjusnemma (ekkert kvart hérna samt) eða kl. 12:40.

Á miðvikudögum fórum við í hringekju sem innihélt fjórar stöðvar: stærðfræði innlögn, íslensku/ensku innlögn, stærðfræðivinna og spil/lestur. Milli nestis og frímínútna fóru nemendur í smiðjur.

Á fimmtudögum byrjuðum við daginn á bekkjarfundi með öllum og settum mál á dagskrá. Að öðru leyti var dagurinn oftast helgaður þemavinnu. Eftir hádegi voru svo smiðjur.

Föstudagar voru sundurskornir hjá okkur. Kl. 8:30 var samvera til kl. 9:00 og svo nesti og frímínútur til kl. 10:10, þá voru íþróttir kl. 10:30 til 11:10 en þá týndust krakkarnir upp allt að 20 mínútum eftir það. Svo kom matur og loks ein heil kennslustund eftir það.

Við reyndum að festa ákveðna tíma í stundaskrá og fórum að mestu leyti eftir því en með veikindum starfsfólks, uppbroti eða misreiknaðri tímalengd á verkefnum gat það verið fljótandi.

1.2. Kennsluhættir

Óhætt er að fullyrða að kennsluhættir hafi verið fjölbreyttir í vetur og ber þar helst að nefna samvinnu nemenda (samvinnunám). Hringekja var einu sinni í viku (stærðfræði, íslenska, yndislestur og enska). Nemendum var skipt upp í hópa eftir styrkleika í ensku. Stundaskrá dagsins var skrifuð upp á töflu við krók sem auðveldaði nemendum að fylgjast með dagskrá dagsins. Seinnipart skólaárs var sett upp krítartafla við inngang þar sem helstu viðburðir ásamt hlutverkum nemenda voru skráðir. Bekkjarfundir voru bæði kynjaskiptir (aðra hverja viku) og þar sem allur hópurinn var saman (einu sinni í viku) verkefni jákvæðs aga voru höfð að leiðarljósi svo sem hróshringir og umræður um líðandi stundu ásamt umræðum um hegðun, kurteisi, samskipti og virðingu. Gerð var áætlun að dagskrá fyrir fundina og þær birta á mentor. Þemun voru fimm í vetur. Nemendur unnu ýmist saman, í pörum eða í hópum, þá voru vettvangsferðir farnar í tengslum við þemun. Fjölbreytt verkefni, föndur, snalltæki og fleira. Í íslensku voru fjórar lotur og áætlanir birtar á mentor jafnóðum. Námsaðlögun var mætt með styttri verkefnum, aðstoð með upplestri, fyrirmæli gerð sýnileg fyrir nemendur, ritun í tölvu og munnleg skil. Verkefni í íslensku voru fjölbreytt og unnin bæði einstaklingslega og með samvinnu nemenda.

Í stærðfræði var kennsluáætlun einstaklingsbundin. Hópur nemenda var að vinna á bæði lægri þrepum og efri þrepum. Námsefnið er aðlagð að þörfum hvers og eins og tekin ein áætlun í einu sem lauk með könnun. Ýmsir þættir stærðfræðinnar voru lagðir inn í smærri hópum í hringekju. Reynt var að áætla nemendur í byrjun hvers viku fyrir vikuna en sökum fjölda gekk það ekki upp í langan tíma. Sumir nemendur héldu því þó áfram sjálfir.



1.3. Áætlun/áform – hvernig voru þær notaðar/hvernig nýttust þær?

Nemendur unnu eftir stífum áætlunum í stærðfræði en okkur fannst erfitt að halda utan um hvert nemendur voru komnir hverju sinni. Við gátum ekki áætlað hvern nemanda eins og fyrri ár og því var þetta mikið í þeirra höndum.

Í öðrum fögum settum við kennararnir áætlanir fyrir efnið en nemendur voru ekki endilega með dagsetningar til að miða við. Við studdumst mikið við kennsluáætlanirnar sem við settum upp.

1.4. Námsaðlögun/skipulag hennar – hvaða leiðir voru farnar?

Í stærðfræði unnu nemendur eftir markmiðum skólans en hver og einn vann á því þrepi sem hentaði. Í íslensku var unnið eftir markmiðum en flestir þó á því þrepi sem samsvarar árgangi þeirra. Um 1/3 af nemendum var í aðlöguðu efni, sem sagt efni af lægra þrepi eða stytta/einfaldað. Þrír nemendur hafa ekki íslensku sem móðurmál og reynt var að komast til móts við það en við hefðum viljað standa okkur miklu betur í því. Í ensku var nemendum skipt í þrjá hópa eftir þekking, leikni og færni. Í þemavinnu, og í raun í öllum fögum, unnu flestir sömu verkefni en útfærslur voru mismunandi eftir þörfum nemenda.

Spjaldtölvur og fartölvur voru talsvert notaðar til að koma til móts við þá sem að í erfiðleikum áttu með skrift, lestur eða hugtakaskilning. Námsaðlögun var mætt með styttri verkefnum, aðstoð með upplestri, fyrirmæli gerð sýnileg fyrir nemendur, ritun í tölvu ásamt munnlegum skilum.

1.5. Hvernig voru kennsluáætlanir útfærðar og birtar?

Kennsluáætlanir voru unnar og birtar á Mentor. Eins og oft áður voru stærðfræðiáætlanir strax tilbúna en íslensku-, ensku-, þema- og forritunaráætlanir voru settar inn jafnóðum. Verkefni voru tengd námslotum og markmið lotunnar tengd verkefnum. Kennarar lærðu mikið á Mentor í vetur.

2. Námsgreinar

2.1 Stærðfræði -Sproti 4a og 4b, Stika 1a, 1b, 2a og 2b, ýmis önnur stærðfræðiverkefni og ítarefnisbækur. Nemendur studdust við áætlanir sem skipt var í lotur og kannanir í lok hverrar lotu. Í hringekjum voru innlagnir eftir þörfum. Stærðfræði var að einhverju leyti tengd við þemavinnu.

2.2 Íslenska - Orðspor 1, lessilningsverkefni úr Litabækurnar af Skólavefnum (gulur, rauður, grænn) Mál til komið og verkefni úr ýmsum öðrum kennslubókum.

Íslenskukennslan var með svipuðum hætti og síðastliðinn vetur þ.e. kennt var í lotum og unnið að ákveðnum markmiðum í hverri lotu. Við lok hverrar lotu þurftu nemendur að skila verkefnum og/eða voru lagðar fyrir þá kannanir/matsverkefni. Áhersla var á ritun í vetur og unnu nemendur eitt stórt ritunarverkefni ásamt nokkrum minni verkefnum. Íslenskan var samþætt þemavinnu og í hringekju en þar var fjölbreytt vinna í málfræðiheftum, lestrarverkefni, orðskilningur, ritunarverkefni í tölvum, bókargerð og margt fleira. Stafsetning var einu sinni í viku ýmist upplestur, sóknarskrift, textahlustun úr íslenskri tónlist eða eyðufyllingar. Þá voru unnin ýmis verkefni með texta sem sungnir voru á söngvaflóði t.d búnir til nýjir úr gömlum, eyðufyllingar, hlustun og fleira. Nemendur tóku þrjú lesfímipróf og tvö lesskilningspróf yfir



skólaárið. Við tókum þátt í SögurKrakkaRúv með ýmsu móti en til að mynda sendi einn nemandi inn söguna sína og var hún ein af 34 sögum sem birtar voru í RISastórumSMÁsögum á vef Menntamálastofnunar. Bókakynning og til að hvetja nemendur til skapandi skrifa voru Story Cards notuð með góðum árangri.

2.3 Enska - Speak out, Work out, Build up, Hickory, Dicory, Dock ásamt fleiri verkefnum. Enska var kennd tvisvar í viku. Nemendum var skipt í þrjá hópa samkvæmt þekkingu, leikni og færni. Ensukennslu var skipt í þrjár lotur: orðaforða (nemendur bjuggu til sína eigin orðabók), hlustun og samskipti og lesskilning. Við lok hvernar lotu þurftu nemendur að skila verkefnum og/eða voru lagðar fyrir þá kannanir/matsverkefni. Verkefnin voru aðlöguð að hópunum. Þá voru innlagnir í hringeckju ásamt því að enskan var fléttuð inn í þemavinnuna.

2.4 Upplýsingatækni - Tölvuverið á svæðinu hefur ekki verið áreiðanlegt í vetur og ekki hægt að treysta á að tölvur virki. Þar af leiðandi var ekki hægt að hafa fasta tíma í upplýsingatækni. Eftir áramót fengum við aðgang að 14 spjaldtölvum og í kjölfarið fengu nemendur kennslu í forritun einu sinni í viku. Þá fóru nemendur í námskeið 2 á code.org ásamt forritunarleikjunum SpriteBox og Box Island. Ákveðinn hópur nemenda notaði forritunarþekkingu sína með Lego og eyddi ófáum klukkustundum í það eftir skóla á svæði 5. bekkjar. Aðrir nýttu líka tímann og skráðu sig á aðrar forritunarsíður til að læra meira. Nemendur kynntust Dash róbótanum og svo fóru allir í Breakout. Framhald verður á þessu á næsta ári í einhverju formi. Í íslensku skrifuðu nemendur ritgerð í tölvu en við fengum aðgang að tölvuvagni með fartölvum seinnipart vetrar. Þá fengu nemendur að spreyta sig í sögugerð í Toontastic í ipöðum ásamt því að spjaldtölvur voru notaðar í aðlöguðu námsefni.

2.5 Jákvæður agi - Kennsluáætlun unnin upp úr Jákvæður agi - handbók fyrir kennara, Mál á dagskrá einu sinni í viku í krók, kynjaskiptir bekkjarfundir aðra hverja viku (stelpur og strákar til skiptis). Óformlegir bekkjarfundir voru daglega í sameiginlegum krók. Lausnastaður var settur upp á svæðinu ásamt griðarstað. Lausnahjól var sýnilegt á svæðinu ásamt störfum/hlutverkum nemenda.

2.6 Þemu -

Grenndarkennsla - Vettvangsferð að stytta Þórunnar hyrnu og Helga magra, unnin verkefni um þau. Nemendur bjuggu til götukort af miðbæ Akureyrar, orðaforðavinna með nöfn úr nærumhverfi okkar og fl.

Plánetuþema - Komdu og skoðaðu, Auðvitað, veraldarvefurinn, Pinterest verkefni. Nemendur sköpuðu plánetu, geimfara, gerðu krossglímu, gerðu flettibók (ég, gatan mín, bærinn minn, landið mitt, plánetan mín) og ýmislegt fleira.

Barnasáttmáli - Notuðum barnasattmali.is og Pinterest verkefni. Nemendur gerðu flettibók um réttindi sín, fengu fræðslu um réttindi og skyldur, munin á réttindum og forréttindum. Myndbönd og veggspjöld um réttindi. Heimsóttum lögreglustöðina og fangelsið, fengum fræðslu um störf lögreglunnar. Nemendur gerðu hefti um lög og reglur (samfélag, heima, skóla og fl.). Buðum síðan foreldrum í heimsókn til að skoða afraksturinn.

Goðafræði - Bækur um goðafræði frá Námsgagnastofnun, teiknimyndabækur úr goðafræði og aðrar bækur/Pinterest verkefni tengdar þemanu. Nemendur útbjuggu flettibók um goð/gyðjur,



staði og vætti, krossglímur, orðaforðaverkefni, horft á teiknimynd, lesið upphátt og að lokum var unnið árshátíðarleikrit úr goðafræðisögum.

Endurvinnsla - Náttúrumyndbönd, aðallega um skaðsemi plasts á umhverfið, Græðum - þættir á RÚV, krossglíma, orðaforði, veggspjöld, Pinterest verkefni og hnattlíkan. Nemendur bjuggu til bók um endurvinnslu, endurnýtingu og eyða minna. Föndurdagur með foreldrum þar sem “rusl” að heiman var endurnýtt og gerðir hagnýtir og fallegir hlutir úr því. Nokkrir nemendur fóru svo út á eigin vegum og týndu rusl.

2.7. Vettvangsferðir og uppákomur

Útivistadagur var í lok ágúst þar sem nemendur völdu sér viðfangsefni m.a. var farið upp á Hamra, í fjallgöngu og gönguferð. Í september var sameiginleg vettvangsferð með 4. bekk þar sem stytan af Þórunni hyrnu og Helga magra var skoðuð og kirkjutróppuhlaup tekið. Í lok janúar var útivistardagur og var öllum skólanum boðið í Hlíðarfjall. 5. bekk var boðið tvisvar í Hof í samstarfi við söngvaflóð, annars vegar var Friðrik Dór gestur og hins vegar Salka sól og eurovisionstemming. Í september fórum við í heimsókn í VMA og fengum að prufa Fab lab smíðju. Fórum á skauta í febrúar. Í maí var farið á frjálsíþróttamót í Boganum á vegum UFA. Á vorþemadögum var farið í Kjarnaskóg. Árshátíð var haldin í lok mars þar sem allir nemendur 5. bekk tóku þátt í uppsetningu á frumsömdu leikriti úr goðafræðinni (höf. S.S Silkfjörð).

3. Námsmat

Námsmat var með fjölbreyttum hætti í vetur t.d. munnlegt, skriflegt, veggspjöld, bækur og fleira. Nemendur fóru heim með matsmöppu tvisvar sinnum í vetur. Nemendur völdu svo verkefni úr möppunni í síðustu viku vetrarins og voru þau verkefni sett í safnmöppu. Á skólaslitum skoðuðu foreldrar safnmöppuna með nemendum. Verkefni sem fóru í matsmöppu voru af ýmsum toga. Við reyndum að hafa verkefnavalið þannig að verkefnin gæfu skýra mynd af því sem krakkarnir voru að fást við hér í skólanum t.d. verkefni úr þemum, ensku, stærðfræði, ritunarverkefni og kannanir í stærðfræði. Nemendur voru prófaðir í lesfimi þrisvar sinnum í vetur og voru niðurstöðurnar settar inn í verkefnabók á Mentor. Lesskilningspróf voru lögð fyrir í nóvember og apríl og voru niðurstöðurnar þeirra einnig settar inn í verkefnabók á Mentor. Í stærðfræði tóku nemendur könnun eftir hverja áætlun þar sem athugað var hvort nemendur hefðu náð settum markmiðum. Nemendur fengu matsblöð með ritunarverkefnum og þá voru markmið í íslensku metin og skráð inn á Mentor. Vitnisburður að vori var umsögn frá umsjónarkennara ásamt tilvísun í markmiðin á Mentor.

4. Foreldrasamstarf

Vikulegir föstudagspóstar voru sendir á foreldra/forráðamenn. Ástundun var send 4 sinnum yfir önnina, einnig höfum við skráð í dagbækur einstakra nemenda, hringt eða sent tölvupósta, allt eftir umfangi og ástæðum skráningar og eftirfylgni. Reglulegir fundir voru með einstaka nemendum varðandi hegðun, líðan, nám eða félagslega stöðu sem og skilafundir sem aðilar af skóladeild sáu um. Foreldrar 4.-5. bekkjar voru boðaðir á fund vegna skiptingar námshópanna, en árgöngunum var skipt upp í lok október. Foreldrum 5. bekkjar var síðan boðið í heimsókn einu sinni á hvorri önn, til að líta á verk nemenda og þiggja kaffisopa. Á haustönn var það í lok þemavinnu um Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna og á vorönn var föndurdagur í tilefni loka



endurvinnsluþemans, þar var “rusli” safnað sama og búnir til fallegir og nytsamlegir hlutir úr því. Góð mæting var á þessa viðburði. Þá var stofnuð facebook síða 5. bekkjar þar sem settar voru reglulega inn myndir og fréttir úr starfinu.

5. Nemendur

Heilt yfir leið nemendum vel í skólanum. Ekki leið þó öllum nemendum vel í öllum kennslustundum og sumir höfðu ekki mikla af ánægju af smíðju-, sund- eða íþróttatímum. Sjálfstraust og öryggi nemenda í samskiptum og námi jókst greinilega þegar árgangaskiptingin átti sér stað. Nemendur sem höfðu átt í vandræðum félagslega fengu þarna tækifæri til að mæta sig við allan nemendahópinn í stað örfárra í umsjónarhópi. Stundum var erfitt að staðsetja nemendur í námi vegna ósamvinnuþýði en tengslin við nemendur voru alltaf góð, ef ekki við annan kennarann þá við hinn.

Strákar: Ef brotið var á einum, hvort sem það var á milli bekkja eða innan bekkjar þá fylktust hinir á bak við þann og ætluðu að leita hefnda. Við náðum þó oftast að kæfa þetta í fæðingu. Þetta átti við um langflesta strákana.

Nokkrir drengir voru á tíðum óheftir í tali og nokkur niðrandi orð voru höfð um starfsfólk eða aðra nemendur vegna ómerkilegra hluta. Við reyndum að bregðast við þessu af bestu getu en það vantar kannski einhverja áætlun hjá skólanum til að fara eftir á hverju skólastigi? Það hefði í það minnsta hjálpað.

Stelpur: Samskiptavandamál kom upp á milli ákveðins hóps stelpna og fundað var með þeim einu sinni í viku með verkfæri jákvæðs aga að leiðarljósi. Einnig var stelpunum skipt niður á borð, þannig að þær væru ekki allar saman. Vandamálin löguðust að mestu en undir skólalok fór þó að bera á samskiptavandanum aftur.

6. Ástundun

Langflestir nemendur hafa stundað skólann vel í vetur og mætt stundvíslega. Ástundun var send til foreldra/forráðamanna í tölvupósti 4 sinnum yfir önnina. Einstaka börn komu endurtekið of seint og var það rætt við viðkomandi og foreldra/forráðamenn ýmist af umsjónarkennara eða stjórnendum. Ástundun lagaðist í langflestum tilfellum eftir þau samtöl.

7. Samstarf í teymi

Teymisfundir með Þorgeiri deildarstjóra voru einu í viku, þar var farið yfir fagleg mál, nemendamál sem og trúnaðarfundir. Skipulagsfundir voru á fimmtudögum eftir hádegi. Umsjónarkennarar og skiptu með sér hlutverkum formanns og ritara. Föstudagspóstar, ástundun og annað skipulag var unnið í sameiningu umsjónarkennara, stuðningsfulltrúa og stoðkennara.

7.1. Endurmenntun

Endurmenntun teymis var í höndum hvers og eins starfsmanns. Til að mynda sóttu umsjónarkennar námskeið í Háskólanum á Akureyri (upplýsingatækni), Símei (Efling í starfi), menntabúðir og fleira.

7.2. Jafningjastuðningur/ígrundanir/starfendarannsóknir

Kennarar teymisins hafa unnið að innleiðingu Samvinnunáms, forritunar og sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum.



8. Almenn samantekt, mat og tillögur til úrbóta

Skólaárið byrjaði með stóru teymi 4. -5. bekkjar með mikið af nýju eða reynslulitlu fólki og var hópnum skipt upp í A og B teymi sem olli vandræðum með smiðju- og íþróttatíma þannig lenti annað teymið oft með miklu fleiri nemendur. Þetta skapaði togstreitu á milli teyma en einnig var óvenjumikill ágreiningur á milli árganganna og í raun óstarfhæft oft á tíðum vegna þessa. Í samráði við stjórnendur var árgöngunum skipt upp í lok október sem tilraunaverkefni. Það gaf góða raun.

Óvenjumikill tími og orka fór í agavandamál í vetur og var margt reynt með misgóðum árangri. Agavandamálin virtust þó minnka með tilkomu skiptingarinnar. Nemendahópurinn var þó stór og margir nemendur í hverjum umsjónarhóp sem olli talsverðu álagi á kennara og starfsfólk teymisins. Einnig þurfti að skipta tíma stoðkennara á milli 4. og 5. bekkjar en með því fengum við tvo daga í viku. Þetta voru mánu- og fimmtudagar sem hittist oft á frídaga og því sáu umsjónarkennarar að mestu um að aðlaga námsefni nemenda og veita þeim einstaklingskennslu sem tók mikla orku og tíma frá öðrum nemendum, þetta þarf að bæta.

Ef haft er í huga hvernig skólaárið byrjaði þá má segja að það hafi í raun verið góðs að skipta upp árgöngunum enda var skólastarfið tekið til endurskoðunar með þrotlausum fundum og niðurstaðan sú að árgangaskipta öllum stigum. Önnur breyting til góðs er að ráðin hefur verið einn umsjónarkennari til viðbótar sem mun létta álagi af teyminu, auðvelda skipulag og utanumhald.



Ársskýrsla 6.-7. bekkjar

1. Námsumhverfi og skipulag

Starfsmenn og nemendur

Teymi 6. – 7. bekkjar veturinn 2017-2018: Bryndís Indiana Stefánsdóttir stoðkennari, Katrín Júlía Pálmadóttir umsjónarkennari, Kristín Margrét Gísladóttir umsjónarkennari, Sunna Friðþjófsdóttir umsjónarkennari og Þóra Ýr Sveinsdóttir umsjónarkennari. Að auki voru tveir stuðningsfulltrúar í teyminu.

Í vetur voru 74 nemendur í 6. – 7. Bekk. Fimm nemendur komi nýir inn í hópinn í haust og einn um áramót. Í 6. bekk voru 21 drengur og 22 stúlkur en í 7. bekk voru 18 drengir og 13 stúlkur. Nemendahópnum var skipt í fjóra umsjónarhópa og voru 18-19 nemendur í hverjum hóp. Unnið var í ýmsum hópum eins og umsjónarhópum, teymishópum, árgangaskiptum hópum, stærðfræðihópum, getu skiptum hópum og þemahópum.

Skipulag

Stundatafla var nokkuð föst, það er sami rammi í hverri viku en með mismunandi verkefnum. Kennsla hófst alla daga kl. 8.10 og lauk á bilinu 13.00-15.00.

Nemendahópnum var skipt upp í A og B hóp, í hverjum hóp voru tveir umsjónarhópar. Nemendur fóru í smiðjur og íþróttir í þessum hópum.

Mánudagar voru oftast fremur rólegir dagar þar sem lagt var kapp á að ræða vikuna sem framundan var og vinna vel í stærðfræði. Nemendur fóru í smiðjur á mánudögum og miðvikudögum og voru smiðjurnar sex talsins sem farið var í frá hausti og fram á vor. Þriðjudagar voru oftast helgaðir þemavinnu og voru nemendur þá oftast að vinna í smærri hópum að fjölbreyttum verkefnum í þemunum sem tekin voru fyrir. Stoðkennari nýtti þessa daga í ýmsa vinnu með einstökum nemendum sem og að fylgjast með nemendum í vinnu sinni, bæði í einstaklingsvinnu og í hóp. Miðvikudagar kröfðust mikillar skipulagningar því þá fóru nemendur í fimm mismundani hópum í sund. Fyrsti hópur fór kl. 10.30 og sá síðasti kom ekki fyrr en kl. 15.00. Skipulagningin fólst í því að vera með hópaskiptingar svo þægilegt væri að senda þau í sundrútnuna án þess að of mikið rask yrði á svæðinu og að vera með verkefni sem þau gætu haldið áfram með þegar þau kæmu til baka. Ýmislegt var prófað og oftast útbjuggum við svokallaðan vinnuseðil þar sem nemendur áttu að vinna nokkur verkefni sjálfstætt yfir daginn og réðu þau sjálf í hvaða röð þau unnu verkefnin. Fimmtudagar voru „tungumáladagar“ en þá var farið bæði í ensku og dönsku í árganga/getu skiptum hópum. Íþróttir voru kenndar á þriðjudögum og fimmtudögum og voru þeir tímar oftast nýttir með þann hóp sem ekki var í íþróttum í bekkjarfundi uppi á svæði og annað sem þægilegra var að gera með færri nemendur á svæðinu. Föstudagar voru brotnir upp með „Söngfundi“ þar sem Heimir Ingimarsson kom frá tónlistarskólanum og söng með okkur, ýmist á sal eða uppi á okkar svæði.



Kennsluhættir

Vinnulag og kennsluhættir hafi verið fjölbreyttir í vetur og margar ólíkar kennsluaðferðir nýttar. Sem dæmi má nefna

- Stuttar innlagnir og verkefni
- Paravinna
- Hópavinna
- Einstaklingsvinna/vinnubókarvinna/áætlunarvinna
- Námsleikir
- Vettvangsferðir
- Þemavinna

Hver dagur hófst í krók þar sem teymin voru saman og þar farið yfir verkefni og fyrirkomulag dagsins. Dagurinn var skrifaður upp og sýnilegur öllum og tveimur stöðum auk þess sem stór stundatafla í litakóðum eftir fögum er upp á vegg og vel sýnileg.

Í stærðfræði var unnið eftir markmiðum og nemendur fengu áætlun í hendurnar og unnu samkvæmt henni. Einu sinni í viku settist kennari niður með nemanda og áætlaði vinnu vikunnar í stærðfræðinni. Hverri lotu lauk með könnun og náði nemandi ekki tilskildu árangri í könnuninni fór hann í ítarefni áður en lengra var haldið. Íslenskukennsla var tvíþætt. Annarsvegar var farið í málfræði og stafsetningu í aldursskiptum hópum, oft í svo kallaðri hringekju. Þannig gafst betra næði til innlagnar og umræðna sem og verkefnavinnu. Hins vegar var ritun og ritgerðasmíð sem fór að mestu leyti fram í umsjónarhópum og þegar á leið meir og meir í tölvum. Ritun var samþætt inn í alla þemavinnu og tungumálanám. Ensku- og dönskukennsla fór fram í aldursskiptum hópum og var enska einnig getu skipt. E

Farið var yfir verkefni jákvæðs aga, hróshringi og umræður um líðandi stundu ásamt umræðum um hegðun, kurteisi, samskipti og virðingu.

Námsaðlögun

Í stærðfræði unnu nemendur eftir markmiðum skólans þar og héldu þeir áfram að vinna á þeim stað þar sem frá var horfið í fyrra. Í íslensku var unnið eftir markmiðum en flestir á því þrepi sem samsvarar árgangi þeirra. Í stærðfræði voru áætlanir styttrar og skipt niður á daga fyrir nokkra nemendur. Stoðkennari og stuðningsfulltrúar sátu gjarnan með minni nemendahópum og aðstoðuðu þá við námið eftir þörfum. Í þemavinnu unnu flestir sömu verkefni en útfærslur voru mismunandi eftir þörfum nemenda. Nemendur fóru í auknu mæli að nota tölvur og spjaldtölvur, stundum voru valverkefni þannig að nemendur gátu valið verkefni sem þeir réðu við o.s.frv. Einnig unnu þeir nemendur sem þess þurftu náðið með stoðkennurum að verkefnum sínum sem sneru mikið að lestri.

Kennsluáætlanir

Allar áætlanir voru unnar samkvæmt ákveðnu formi sem kennurum er sett að vinna eftir. Við studdumst við kennsluáætlanir fyrri ára og sniðum þær að okkar þörfum. Mikill tími fór í að endurgera stærðfræðiáætlanir og aðlaga þær að námsefninu og markmiðum. Áætlanir voru að öðru leyti unnar jafnóðum inn í skjal á skjalasvæði teymisins og sífellt í endurskoðun.



2. Námsgreinar

Stærðfræði – Stika 2a/2b og Stika 3a/3b og ýmis önnur stærðfræðiverkefni og ítarefnisbækur. Gagnvirkar æfingar sem fylgja Stiku voru einnig nýttar. **Íslenska** – Orðspor 2 og 3, lesbók og vinnubók, Mál er miðill og Mál í mótun. Verkefni úr ýmsum öðrum kennslubókum t.d. Málrækt og Töfraskinna. Lesskilningsverkefni, ýmsar sögubækur, fræðibækur og námsbækur sem féllu vel að þeim. Efni af Skólavefnum og fleiri vefsíðum. **Enska** – Ready for Action, Action, lesbók og vinnubók og Work with word. Efni af neti og úr verkefnabanka sem fylgir Action. **Danska** – báðir árgangar voru í dönsku og var markmið tímanna að kynna grunnatriði í dönsku fyrir nemendum, s.s. tölur, daga, liti og að gera nemendur klára í að skrifa stutta ritun um sjálfa sig. Stuðst var við námsbókina Start og efni af neti. **Upplýsingatækni** – Allir nemendur fengu aðgang að Googlesvæði skólans og lærðu að nota Classroom. Unnin voru ritunarverkefni í ensku og íslensku ásamt ritgerð sem tengist þema vinnu um Evrópu. Gripið var af og til í spjaldtölvur við upplýsingaleit og námsleiki. **Jákvæður agi** - Kennsluáætlun unnin upp úr Jákvæður agi - handbók fyrir kennara, bekkjarfundir tvisvar til þrisvar sinnum í viku. **Þemu** - Við byrjuðum haustið á þema sem tengdist lífinu í fersku vatni og síðan tók þema um björgunarsveitir við. Þriðja þema skólaársins var Evrópa og það síðasta tengdist lestri og vísindum.

Mat og tillögur til úrbóta

Nú í lok skólaársins er margt sem við gjarnan hefðum viljað gera öðruvísi og munum við breyta ýmsu á komandi skólaári. Meðal annars auka þátt hlutbundinnar stærðfræði og verkefni sem tengjast daglegu lífi. Einnig viljum við tímasetja lotur þannig að allir eru að vinna í sömu þáttum, sama á hvaða þrepi er unnið. Í íslensku þarf að vinna fleiri kvarða sem hægt er að styðjast við t.d. í ritgerðarvinnu og vinna þarf áætlun svo að samfella milli stiga verði markvissari. Þrátt fyrir endalaust kvabb um mikilvægi heimalestrar voru allt of margir sem ekki sinntu lestrinum. Nauðsynlegt er að halda heimalestri á lofti til loka 7. bekkjar og þarf skólinn að hafa sameiginlega viðbragsáætlun þegar lestri er ekki sinnt. Tungumál þarf að hafa fast inni í stundatöflu og þó að markmiðin í þessum fögum hafi verið unnin í fyrra þarf að endurskoða þau. Þeir nemendur sem þurfa mesta aðlögun þurfa að fá fasta tíma með stoðkennara eða öðrum starfsmanni þar fastar er haldið utan um þeirra námsframvindu en verið hefur.

Vettvangsferðir og uppákomur

Útivistadagur var stuttu eftir að skólinn hófst og gátu nemendur valið sér viðfangsefni m.a. var farið upp á Hamra, í fjallgöngu og gönguferð. Í lok ágúst fór 6. bekkur á Húna, veiddu og fengu fræðslu frá sjávarútvegsfræðingum. Allir nemendur fóru og sáu leiksýningin „Siggi og Oddur“ sem fjallaði um samskipti, vináttu og einelti. Tvisvar var farið í Hof og tekið þátt í Söngvaflóði í samstarfi við tónlistarskólann á Akureyri. Í fyrra skiptið var það Friðrik Dór sem leiddi sönginn og í vor var það Salka Sól. Skautuferð var farin í nóvember og var það umbun eftir vel heppnað símaátak. Hápunktur ársins hjá flestum í 7. bekk var að fara á Reyki og var sú ferð farin síðustu vikuna í nóvember. Á sama tíma fékk 6. bekkur að gista eina nótt í skólanum. 7. bekkur hélt Hrekkjavökuball til að safna fyrir Reykjaferðinni og 6. bekkur hélt vörball í lok maí til að safna fyrir sinni ferð sem farin verður í september. Útivistadagur var í



Hlíðarfjalli í lok janúar. Veður var gott en sólin enn lágt og lofti og frekar kalt. Stóra upplestarkeppnin fór fram í skólanum í febrúar og áttum við okkar fulltrúa á lokakeppninni sem fór fram í Menntaskólanum á Akureyri. Lauk keppninni þannig að sigurinn var okkar. Árshátíðin var að venju fyrir páskafrí. Mikill tími fór í að búa til veglegt atriði þar sem nemendur brugðu sér um borð í tímavél í tísku, söng og dansi. Nemendur fóru og fylgdust með Skólahreysti. Keppt var í frjálsum íþróttum í Boganum í maí. Þar kepptu krakkarnir við jafnaldra sína úr öðru skólum bæjarins. Hlaupið var í Naustaborgum og safnað áheitum fyrir UNICEF í lok maí. Skólaárinu lauk svo með tveimur vorþemadögum þar sem öðrum deginum var varið við skólann á ýmsum stöðvum og hinum í Kjarna þar sem sólin lék við okkur.

3. Námsmat

Nemendur fóru heim með matsmöppu tvisvar sinnum í vetur. Á skólaslitum völdu nemendur verkefni sem fóru í safnmöppu og gerðu þau það mörg með foreldrum sínum. Verkefni sem fóru í matsmöppu voru af ýmsum toga. Nemendur voru prófaðir í lesfimi þrisvar sinnum yfir veturinn og tvisvar í lesskilningi. Niðurstöður voru settar inn á Mentor og birtust foreldrum á svo kölluðu hæfnikorti. Í stærðfræði tóku nemendur könnun eftir hverja áætlun þar sem athugað var hvort nemendur höfðu náð markmiðum áætlunarinnar. Markmið í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði voru metin, skráð inn á Mentor og birt foreldrum. Vitnisburður að vori var umsögn frá umsjónarkennara ásamt tilvísun í markmiðin á Mentor.

4. Foreldrasamstarf

Vikulegir föstudagspóstar hafa verið sendir á alla foreldra ásamt ástundun nemenda aðra hverja viku. Einnig höfum við skráð í dagbækur einstakra nemenda eða sent tölvupósta, allt eftir umfangi og ástæðum skráningar og eftirfylgni. Reglulegir fundir voru með einstaka nemendum varðandi hegðun, líðan, nám eða félagslega stöðu sem og skilafundir sem aðilar af skóladeild sáu um. Einstaka foreldrar kíktu á okkur yfir veturinn, en eðlilegt verður að teljast að foreldraheimsóknnum fari fækkandi eftir því sem nemendur eldast. Foreldrum 7. bekkjar var boðið á Stóru upplestrarkeppnina í sal skólans í febrúar og svo á aðalkeppnina 7.mars. Góð mæting var á forkeppnina í febrúar.

5. Nemendur og ástundun

Líðan nemenda - heilt yfir þá höfum við þá tilfinningu að nemendum hafi liðið nokkuð vel með okkur í skólanum, með nokkrum undantekningum þó. Við sjáum greinilega að sjálfstraust og öryggi hefur aukist hjá nemendum sem voru óöruggir í haust. Okkur finnst góð tengsl hafa myndast milli nemenda og umsjónarkennara. Tengsl og samskipti við foreldrahópinn voru góð. Eineltis- og agamál - nokkuð var um agavandamál og stríðni sem tekið var á eftir bestu getu. Agavandamál höfðu á tíðum óþarflega mikil áhrif á starfið okkar í vetur og fór mikil orka í þau. Langflestir nemendur hafa stundað skólann vel í vetur og mætt stundvíslega. Við sendum ástundun til foreldra í tölvupósti annan hvern föstudag þannig að foreldrar hefðu átt að fá góða yfirsýn um mætingar barna sinna. Einstaka börn komu endurtekið of seint og var það rætt við foreldra ýmist af umsjónarkennara eða stjórnendum. Ástundun lagaðist í langflestum tilfellum eftir samtal.



6. Samstarf í teymi

Skipulagsfundir voru á miðvikudagsmorgnum. Teymisfundir með stjórnanda voru á fimmtudögum og þar var sem farið yfir fagleg mál, nemendamál og önnur trúnaðarmál. Umsjónarkennarar og stoðkennari skiptu með sér hlutverkum: Formaður, ritari og föstudagspóstur.

Endurmenntun teymisins var í höndum hvers og eins starfsmanns. Teymið fór á fyrilestur hjá GERT, notkun tækni og kynning á fyrirtækjum í skólastarfi. Innan skólans voru meðal annars námskeið um Mentor og Google Classroom.

Samstarf í teyminu hefur gengið mjög vel og þó að stundum hafi reynt á og tekið hefur verið á við erfið mál hefur starfsandinn alltaf verið léttur. Nýliðar í hópnum nutu stuðnings þeirra sem reyndari voru og tóku meiri ábyrgð þegar á leið. Nemendahópurinn gat verið erfiður og vorum við þá dugleg að skipta með okkur verkum og hugsa lausnamiðað. Við höfum verið gagnrýnin á eigin vinnu og oft prófað nýjar leiðir til að meðal annars létta álagið. Á haustdögum var ákveðið að prófa að vinna með nemendum í Google umhverfinu í stað Microsoft. Eftir áramót fengum við tölvukost sem auðveldaði okkur þessa vinnu mikið og tóku nemendur þessari breytingu fagnandi. Google býður upp á fjölbreytt umhverfi og þar er t.d. auðvelt að halda utan um verkefni nemenda og aðlaga námsefni og verkefni fyrir einstaka nemendur. Við erum mjög ánægð með að hafa stigið þetta skref og munum halda áfram að þróa þessa vinnu næsta vetur.

7. Almenn samantekt, mat og tillögur til úrbóta

Teymið samanstóð af fimm kennurum og tveimur stuðningsfulltrúum. Tveir af kennurunum og báðir stuðningsfulltrúarnir voru að hefja störf við skólann. Mikill tími fór í að finna taktinn og að allir lærðu á sín hlutverk en samvinna innan teymisins var góð frá fyrsta degi. Það að skipta nemendahópnum í A og B hóp var gert í upphafi og hélst þannig út skólaárið. Yfirsýnin sem umsjónarkennari með árgangablandaðan umsjónarhóp er samt mikil og erum við spennt að prófa nýtt fyrirkomulag þar sem umsjónarhópar verða aldurskiptir.

Óvenju mikill tími og orka fór í agavandamál í vetur og var margt reynt með misgóðum árangri. Við áttum gott samstarf við heimilin í þeim málum sem upp komu og vorum við óhrædd að hafa samband við forráðamenn þegar málin voru þess efnis.

Undir kafla 2. *Námsgreinar*, eru mat og tillögur til úrbóta á námsgreinum.

Við munum halda áfram að þróa notkun á Google umhverfinu og tengja fleiri verkefni þar inn. Einnig viljum við kenna nemendum á ritvinnslu, skyggnuforrit, töflureikni, heimasíðugerð og skipulag á rafrænum skjölum í Google umhverfinu og hlökkum til að þróa okkur enn frekar á því sviði.

Skólastarfið í heild gekk mjög vel og augljóst að allir starfsmenn eru saman í liði með það að markmiði að þróa starf skólans sífellt til hins betra. Við teljum mikilvægast að skólinn leggi áherslu á móttökuáætlun nýs starfsfólks og komi á fót vinnuferli í erfiðum agamálum.



Ársskýrsla 8., 9. og 10. bekkjar

Stundatafla, dagsskipulag og kennslufyrirkomulag

Ákveðið var, í samstarfi við skólastjóra, að halda áfram með stundaskrá einstakra námshópa en ekki að skipta hverjum árgangi í tvo námshópa eins og síðasta vetur. Sú breyting var gerð vegna þess að fækkað var um einn umsjónakennara.

Síðustu ár hefur hver og einn nemandi verið með skrifborð þar sem hann getur geymt sín námsgögn og bækur ásamt því að vinna við í vinnustund. Þetta árið var kennslusvæðinu skipt í fjögur mismunandi svæði þar sem kennsla fór fram og skrifborðin notuð þar.

Almenn kennsla fór fram frá 08:10 til 11:30 á mánudögum, 12:40 á þriðjudögum og miðvikudögum. Á föstudögum voru nemendur í skólanum til 13.00. Fimmtudagar voru lengstu skóladagarnir, eða til 15:10. Valfög nemenda fóru að öllu jöfnu fram eftir hádegi mánudaga til miðvikudaga.

Mat og tillögur til úrbóta

- Sú breyting að einn kennari sjái um allan námshópinn í einu kom sér, á heildina litið, ekki nægilega vel út. Fyrirhuguð breyting fyrir næsta ár gefur kost á því að breyta aftur til þannig að hverjum árgangi verði skipt í tvo hópa.
- Við teljum að uppsetning svæðisins og það að hver og einn nemandi eigi skáp en ekki borð hafi gefist vel og stefnum á að halda þessu áfram á næsta skólaári.

Kennsluhættir

Lögð var áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, svo sem speglaða kennslu, sjálfstæða vinnu og áætlanagerð, vinnubókarvinnu, fyrirlestra, samvinnu, para – og hópavinnu og hlustun. Upplýsingatækni tengdist öllum námsgreinum með mismiklum hætti þar sem verkefnavinnsla og verkefnaskil fóru að stórum hluta fram með rafrænum hætti í gegnum Google Classroom.

Náms- og kennslusvæði



Ákveðið var að skipta kennslusvæðinu eftir grunngreinunum stærðfræði, tungumálum og íslensku. Dönsku- og enskukennsla fór aðallega fram í norðausturhorni, íslenska var miðsvæðis og stærðfræðikennsla fór fram í austurenda kennslusvæðisins. Svokallað vinnustundasvæði var staðsett vestast á svæðinu. Einnig var náttúrufræðistofan notuð reglulega og með góðum árangri. Með þessu móti dreifðist nemendahópurinn nokkuð jafnt um svæðið og þetta virtist hafa jákvæð áhrif á vinnufrið og námsframlag.

Aðkoma list- og verkgreinakennara

Aðkoma list- verkgreinakennara í unglingadeild er val eftir hádegi og smíðjur á fimmtudögum. List- og verkgreinakennarar komu að innanhússvali hjá nemendum, smíðar, heimilisfræði, bakstri, textíl, myndlist svo eitthvað sé nefnt.

Námsaðlögun

Námsaðlögun fólst aðallega í aðlögun námsefnis og verkefnaskila. Nokkrir nemendur vinna að öðrum námsmarkmiðum, einkum í stærðfræði, ensku og íslensku. Þeir nemendur sem fylgja þessu skipulagi þurfa oft einnig aðstoð við að halda utan um verkefnaskil og fylgja sérútbúnum áætlunum sem búnar eru til af kennara.

Mörgum nemendum fannst gott að fara afsíðis og fá að vinna að verkefnum í næði. Vel gekk að nýta svæðið og litlu stofurnar voru vel nýttar. Við teljum að það hafi verið til mikilla bóta að breyta svæðinu á þann hátt að vinnustundasvæðið er allt á einum stað og gefur það kennurum og stuðningsfulltrúum mun betri yfirsýn yfir nemendahópinn. Einstaka nemendur litu neikvæðum augum á aðlagð námsefni en það var reynt að leysa það með því að lauma aðstoðinni að þeim á öðrum vettvangi. Einnig var í einhverjum tilfellum búið til sér Classroom fyrir þá einstaklinga sem á þurftu að halda, til þess að þeir væru að vinna í sama námsumhverfi og aðrir nemendur þótt efnið og verkefnin væru ekki þau sömu.

Mat og tillögur til úrbóta

Námsaðlögun í ár gekk nokkuð vel að okkar mati. Það gekk vel að útbúa námsefni við hæfi fyrir hvern nemenda. Vel gekk að halda utan um einstaklingsnámskrár með því að búa til einstaklings lotur í Mentor með skýrum markmiðum sem hakað var við. Stefnan er að halda þessu áfram og leggja enn meiri áherslu á að haka við einstaklingsmiðuð markmið á Mentor.

Umsjónarkennari þarf að hafa yfirumsjón með nemendum með einstaklingsnámskrá og fylgja vel námsframvindu þeirra. Við þurfum að útbúa einstaklingsáætlanir fyrir þá nemendur sem fylgja ekki námsmarkmiðum og áætlunum jafnaldra. Það þarf að tryggja að foreldrar nemenda séu upplýstir um stöðu nemenda og að nemendur fái aðlagð námsefni og áætlanir og teljum við að það hafi gengið vel.

Kennsluáætlanir – útfærsla og birting

Í vetur var notast við Google Classroom þar sem nemendur höfðu rafrænan aðgang að kennsluáætlunum í hverju fagi sem oftast voru birtar út frá lotum. Einnig fóru mörg verkefnaskil fram þar í gegn. Nemendur voru duglegir að fylgjast með því sem sett var inn á



Classroom því þeir þurftu að vinna eftir áætlunum að öllu leyti í flestum fögum (ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði) og að einhverju leyti í sumum (þema og nátt/sam). Við teljum þó að þetta sé vinna sem er í sífelldri þróun og sem alltaf má bæta sig í. Kennarar mátu nemendur samkvæmt markmiðum í ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði og merktu við árangur í *Mentor*. Lögð var áhersla á að nemendur myndu sjálfir bera ábyrgð á að vinna samkvæmt áætlun og skipuleggja tíma sinn vel. Að auki fylgdust kennarar með áætlavinnu nemenda og merktu við inn á *Mentor* og/eða sendu reglulega pósta heim til foreldra ef að nemendur kláruðu ekki áætlanir í skólanum.

Mat og tillögur til úrbóta

Nemendum gekk nokkuð vel að nýta sér *Google Classroom* til að fylgjast með áætlunum, upplýsingum, námsefni og til að vinna í og skila inn verkefnum. Það eru samt sem áður alltaf einhverjir nemendur sem gengur illa að fylgjast sjálfir með og halda utan um eigið nám. Við þurfum að vera duglegri að koma til móts við þessa nemendur með því að taka saman vikuáætlanir og prenta út fyrir þá. Það gæti verið góð hugmynd að byrja á því að prenta út vikuáætlanir fyrir 8. bekk í haust til að halda vel utan um þau til að byrja með.

Einnig teljum við að meiri áhersla verði að vera lögð á að foreldrar, ásamt nemendum, fylgist vel með inn á *Mentor* um námsframvindu nemenda. Það hefur leitt í ljós að sumir foreldrar gera þetta ekki og námsstaða nemenda komi þeim í opna skjöldu að vori.

Námsgreinar

Námsgreinum var skipt í lotur og unnið með ákveðin markmið aðalnámskrár í hverri lotu sem síðan voru metin í lok hennar.

Stærðfræði

Ása Katrín Gunnlaugsdóttir og Íris Berglind C. Jónasdóttir kenndu stærðfræði í vetur. Notast var við bækurnar, Átta tíu 5-6, Skali 1a og 1b, 2a og 2b, 3a og 3b og vinnubækur. Almenn stærðfræði I, II, III, og stærðfræði 8+9+10+ einnig var stuðst við aukaefni. Notast var við speglaða kennslu á vendikennsla.is, youtube, rasmus.is sem er góð viðbót í stærðfræðikennsluna. Nemendur geta horft á fyrirlestra bæði heima og í skóla og geta þannig dýpkað skilning sinn á viðfangsefninu. Hver nemandi fékk áætlun í byrjun lotu og var hún aðlöguð að hverjum og einum.

8. bekkur fór í fimm lotur, Tölur og talnareikningur, rúmfræði, almenn brot og prósentur, tölfræði, algebra og jöfnur.

9. bekkur tók 6 mismunandi lotur, Talnareikningur, Föll, Algebra, Mál og mælingar, Rúmfræði og Líkur.

10. bekkur fór 5-6 mismunandi lotur, Rúmfræði og algebra, Algebra og jöfnur, föll, líkindareikningur og persónuleg fjármál.



Í hverri lotu fengu nemendur afhenta áætlun með námsmarkmiðum og dæmum en nemendur fengu ákveðinn dæmaskammt á viku sem var settur inn á moodle/classroom og þurftu þeir að ljúka því í lok hvernar viku. Þetta skipulag hentaði langflestum nemendum í vetur. Loturnar voru mislangar og voru þær frá nfjórum vikum upp í sjö vikur. Allar loturnar enduðu með námsmati eins og könnun, samvinnukönnun, samvinnuverkefnum, fyrirlesturum og öðrum fjölbreyttum verkefnum. Einnig með heimaðæmum, google sheets verkefnum, tilraunir eða öðrum skemmtilegum verkefnum.

Áætlun nemenda var byggð upp þannig að nemendur voru með námsmarkmiðin, dæmin sem voru unnin sem og námsmat sýnileg. Einnig var sett inn á áætlunina efni sem var unnið með og allt aukaefni sem nemendur gátu notað til að dýpka skilning sinn og svo kom fram dagsetning á námsmati. Í allan vetur voru reglulega innlagnartímar og vinnustundir. Í heildina gekk vinnan og kennslan í stærðfræði vel í vetur.

Íslenska

Sigurlaug Indriðadóttir kenndi íslensku. Íslenskan skiptist í sex lotur byggðar á markmiðum aðalnámskrár: Lestur og bókmenntir, ritun, málfræði, talað mál, hlustun og áhorf. Mest áhersla var lögð á lestur og ritun.

Nemendur lásu fjölbreytta texta. Námsefnið sem kennt var kennt í lestri og bókmenntum eru bækurnar: Sérðu það sem ég sé (8. bekkur), Með fjaðrabliki (9. bekkur) og Mér er í mun (10. bekkur). Nemendur áttu einnig að lesa yndislestrarbækur, mismargar eftir markmiðum bekkja og skila stuttri greinargerð um hverja bók. Auk þess var ein bók skyldulesefni eftir áramót, en það voru bækurnar Franskbrauð með sultu (8. bekkur), Gauragangur (stelpur 9. bekk), Furðulegt háttalag hunds um nótt (strákar 9. bekk) og Synir duftsins (10. bekk). Næsta vetur verða nýjar bækur sem skyldulestur í 8. og 9. bekk, en það eru bækurnar Vertu ósýnilegur (8. bekk) og Sölvasaga unglings (9. bekk). Lestrarstundir voru fastur liður í stundaskrá einu sinni í viku í 40 mínútur og er stefnan að hafa það áfram þannig.

Nemendur skrifuðu tvær heimildaritgerðir, eina á hvorri önn. Mikil áhersla var á að þjálfar nemendur í heimildavinnu, gera tilvitnanir og skrá heimildir samkvæmt reglum. Notast var við leiðsagnarmat, þar sem nemendur fengu að skila ritgerðinni til kennara, fá athugasemdir og skila aftur. Auk þess unnu nemendur margskonar ritunarverkefni. Þá var einnig mjög oft boðið upp á að nemendur gætu skilað hljóðskrár í stað skriflegra verkefna, og einhverjir nýttu sér það stöku sinnum. Nemendur skiluðu flest öllum verkefnum í gegnum Google Classroom.

Unnið var með málfræði og málnotkun á ýmsan hátt. Meðal annars voru notaðar bækurnar Kveikjur (8. bekkur), Neistar (9. bekkur) og Logar (10. bekkur). Þetta náms efni er mjög aðgengilegt og fjölbreytt. Á næsta ári er ætlunin að nýta þessar bækur á enn markvissari hátt. Einnig var stuðst við gagnvirk efni, meðal annars af Skólavefnum og efni sem kennari útbjó sjálf. Ein lota var sérstaklega tileinkuð málfræði, en á næsta ári þarf að leggja frekari áherslu á að kenna málfræði jafnt og þétt yfir veturinn. Einnig var unnið með undirstöðuatriði bragðfræði og nemendur gerðu verkefni í tengslum við ljóð.



Allir bekkir unnu rökstuðningsverkefni að vori, þar sem þau voru þjálfuð í að koma fram og færa rök fyrir máli sínu. Ekki náðist tími til að gera þetta með 9. bekk svo þau skiluðu þessum verkefnum ýmist skriflega eða með hljóðupptökum. Lokaverkefni 10. bekkjar var rökræðukeppni í anda Morfís sem haldin var á sal skólans og voru aðrir nemendur unglingadeildar áhorfendur, auk þess sem foreldrum 10. bekkjar var boðið að mæta. Nemendur voru dregnir saman í lið og hvert lið dró málefni sem þau þurftu að færa rök fyrir ýmist með eða á móti. Kennarar mátu framsögn og framkomu og gáfu liðunum stig. Þetta var útsláttarkeppni sem samanstóð af þremur umferðum og stóð eitt lið uppi sem sigurvegarar í lokin. Þetta verkefni vakti mikla lukku, það reyndi á fjölbreytta hæfni nemenda og þeir lærðu mikið á því. Það stendur til að gera þetta aftur að ári.

Mikil áhersla var lögð á samvinnu nemenda í bland við einstaklingsverkefni og reynt var að láta nemendur ekki vinna eingöngu með vinum sínum, heldur þjálf þau í að vinna með ólíkum einstaklingum.

Nemendur sem voru með aðlagð námsefni í íslensku voru aðallega þjálfðir í lestri og lesskilningi með léttlestrarefni og vinnubókum þeim tengdum þar sem unnið var með lesskilning og ýmiskonar málfræðiatrði. Ritunarverkefni voru aðlöguð með því til dæmis að láta nemendur skrifa færri orð. Öðrum verkefnum tóku allir þátt í, allir á sínum forsendum.

Markmiðin sem skráð voru í Mentor spanna nokkuð vel nám og yfirferð vetrarins og nokkuð vel tókst til að útfæra kennsluna á þann hátt að hægt væri að meta markmiðin út frá því sem fram fór í tímum.

Enska

Björn Benedikt Benediktsson sá um enskukennslu. Enskunni var skipt upp í 6 lotur sem voru uppbyggðar út frá viðmiðum og markmiðum aðalnámskrár. Þar var aðaláherslan lögð á ritun, hlustun, lesskilning, frásögn/samskipti, námshæfni og menningarläsi. Verkefni vetrarins voru m.a. kynningar (framburður/samskipti), kvikmyndaverkefni (menningarläsi), lestur sagna á ensku (lesskilningur) og þýðingarverkefni (isl-ens/ens-isl). Verkefnin voru sett saman á þann hátt að vinnan við þau uppfyllti þau markmið sem unnið var út frá í lotunni. Nemendur unnu í námsefninu “Spotlight 8/9/10” eftir því hvaða árgangi þeir tilheyrðu. Nemendur tóku kannanir sem sýndu stöðu þeirra í helstu viðfangsefnum vetrarins.

Þeir nemendur sem þurftu aðlagð námsefni unnu í heftum/verkefnum útbúnum af kennara og fengu einstaklingsáætlanir aðlagðar að þeirra getu.

Almennt gekk enskukennslan vel en breytingar fyrir næsta vetur eru í bígerð sem innihalda meðal annars fleiri verkefni sem kanna stöðu nemenda örar.

Þema

Samfélags- og náttúrufræði var kennt í 6 lotum en við komumst ekki yfir 7 og seinustu lotuna.



1. Lotan var aldursblönduð þar sem nemendur fræddust um og unnu verkefni í kynjafræði og stóð hún yfir í tvær vikur.

2. Lota stóð yfir í 6 vikur og var árgangaskipt. Nemendur í 8. bekk voru í samfélagsfræði, 9. bekk í mannslíkamanum og 10. bekkur í náttúrufræði.

3. Lota var aldursblönduð þar sem nemendur tóku þátt í umræðum og verkefnum í umhverfisfræði og stóð hún yfir í tvær vikur.

4. Lota stóð yfir í 6 vikur og var árgangaskipt. Nemendur í 8. bekk voru í líffræði, 9. bekk í eðlisfræði og 10. bekk í þjóðfélagsfræði.

5. Lota var fjögurra vikna árshátíðarþema þar sem nemendur æfðu og undirbyggðu sig fyrir árshátíð skólans.

6. Lota stóð yfir í 6 vikur og var árgangaskipt. Nemendur í 8. bekk voru í eðlisfræði, 9. bekk í trúarbragðafræði og 10. bekk í eðlisfræði.

Aldursblönduðu loturnar skipulögðu allir kennararnir í sameiningu. Stóru árgangaskiptu loturnar skiptu kennararnir í milli sín; Íris, Ása og Andri sáu um náttúrufræðina og Bjössi og Sigurlaug um samfélagsfræðina.

Danska

Í vetur var lögð megináhersla á tjáningu og kennt samkvæmt áætlunum sem birtar voru til að byrja með á GoogleClassroom. Áhersla var á að það væri jákvæðni gagnvart dönskunni og að nemendur myndu þora að taka þátt í að spreyta sig í að tala, kynna sig og læra grundvallaratriði tungumálsins. Kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, bókum, rafbókum, hljóðskráum og könnunum var deilt til nemenda og nemendur skiluðu verkefnum í gegnum fyrrgreindar vefgáttir. Þegar á heildina er litið gekk þetta vel og tóku margir flottum framförum í dönsku.

Í 8. bekk var stuðst við námsefnið „Smart“ ásamt kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

Í 9. bekk var stuðst við námsefnið „Smil“ ásamt kvikmynd og öðru ýtarefni svo sem fréttatengdu efni.

Í 10. bekk var stuðst við námsefnið „Smil“ og „Ekko“ ásamt kvikmyndum og öðru ýtarefni á „rauntexta“, þ.e. ekki einfölduðu máli. Lesið var fréttatengt efni og því gert skil á viðeigandi hátt, kynningar á efni að eigin vali voru fluttar á dönsku. Einnig var talsvert unnið með stutta stíla þar sem bæði var þýtt frá dönsku yfir á íslensku og öfugt.

Hjá öllum þessum hópum var stundataflan þannig sett upp að kennari hitti hvern nemendahóp tvisvar sinnum í viku, í 40 mínútur í hvort skipti eða samtals í 80 mínútur á viku. Þess utan áttu nemendur að sinna náminu í vinnustundum. Það er ljóst að ekki er hægt að hafa tímana færri til að uppfylla lágmarksskilyrði Aðalnámsskrár Grunnskóla og gera nemendum kleift að hefja fara beint í nám á öðru stigi í framhaldsskóla.



Einnig má benda á þá staðreynd að skólar á háskólastigi erlendis eru sumir hverjir farnir að gera meiri kröfur til tungumálakunnáttu Íslendinga, bæði í ensku og Norðurlandamálum.

Jákvæður agi - Bekkjarfundir

Á unglingastigi byrjuðu 2 morgnar í viku á 20 mínútna bekkjarfundum, þriðjudaga og föstudaga. Þann 12. september unnum við bekkjarsáttmála sem var sameiginlegur fyrir allt unglingastigið. Markmið sáttmálans er að nemendur ákveði ramma til að tryggja að skólaárið yrði öllum ánægjulegt og árangursríkt. Búin var til sameiginleg sýn sem allir gátu verið sáttir með, bæði nemendur og kennarar. Notuð var aðferð úr jákvæðs aga bókinni, hvað við segjum og hvað við gerum, til að búa til reglur. Reglurnar voru settar á veggspjöld sem hengdar voru upp víðsvegar um svæðið.

Hver umsjónarkennari fékk að ráða sínum áherslum á bekkjarfundum en flestir notuðu hróshringi að einhverju leyti auk annarra æfinga og umræðuefna jákvæðs aga.

Vettvangsferðir

Nemendur í 8. bekk fóru í heimsókn á rafiðnaðardeildina í Verkmenntaskólanum á Akureyri í tengslum við rafmagnsþema.

12 nemendur af unglingastigi fóru í Hof á stórþing ungmenna á vegum UNICEF í vinnu við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Aðrir viðburðir og fræðsla

8. bekkur

Vímuvarnarfræðsla (starfsfólki Tróju), kynfræðsla (Sigga Dögg), SAFT, VÍS og Linda hjúkrunarfræðingur tók nemendur í tvær fræðslur, fyrri um líkamsímmynd og seinni um hugrekki.

9. bekkur

Grófin - Geðrækt, Aflið, Forvarnardagurinn - vímuefnafræðsla í Hofi - Horft á myndina *Eiðurinn* og tveir lögreglumenn frá fíkniefnadeildinni ræddu við krakkana, Hinsegin- og jafnréttisfræðsla, vma-kynning, starfamessa í Íþróttahöllinni og stúlkur fóru í HA í verkefnið *Stelpur og tækni*. Einnig fengu stelpurnar fræðslu um samskipti og að auki fengu nokkrar um prófkvíða.

10. bekkur

Fjarmálavit, Eining Iðja, Þorgrímur Þráinsson (markmiðasetning), vímuvarnarfræðsla (starfsfólk Tróju), skólaheimsókn í Menntaskólann á Tröllaskaga, heimsókn í VMA og MA, 10 nemendur fóru á þjóðfund grunnskólanemenda um jafnrétti á vegum Háskólans á Akureyri og Jafnréttisstofu og Linda hjúkrunarfræðingur tók nemendur í fræðslu um ábyrgð á eigin heilsu og kynheilbrigði.



Ný aðalnámskrá

Unnið var með markmið aðalnámskrár í námsáætlunum og merkt við þau í Mentor eftir því sem námsmati vatt fram yfir veturinn.

Námsmat

Námsmat hefur verið fjölbreytt í vetur og hefur það einkennst af skriflegum könnunum, krossakönnunum á netinu, samvinnuverkefnum, einstaklingsverkefnum, sjálfsmati, jafningjamati, munnlegum verkefnum, símati og leiðsagnarmat. Nemendur hafa nýtt sér að skila verkefnum rafrænt í gegnum Google Classroom.

Námsmöppur

Lang flest verkefni eru rafræn í unglingadeild. Foreldrar hafa aðgang að Google Classroom hjá börnunum sínum. Þar geta þau séð öll verkefni, verkefnaskil og námsmat.

Sýnismappa á skólaslitum

Á ekki við um unglingadeild því allt er sýnilegt á Google Classroom.

Samráðs- og matsdagar

Unglingastigskennarar fóru í Menntaskólann á Akureyri þar sem allir kennara í grunnskólum Akureyrar komu saman og voru að ræða námsmat í grunnfögum íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku.

Foreldrasamstarf

Tveir viðtalsdagar voru settir fyrir skólaárið. Foreldrar og nemendur komu tvisvar sinnum í viðtöl. Í fyrra skiptið í 15 mínútur í október og seinna skiptið í 30 mínútur í janúar. Í þessum viðtölum var rætt um námið, líðan og allt það sem kom að nemendum. Kennarar og foreldrar ákváðu svo tíma fyrir aukaviðtöl ef þess reyndist þörf.

Vikulega var sendur póstur til foreldra sem innihélt fréttir af helstu viðburðum í skólanum og hvað nemendur voru að fást við hverju sinni og auk þess var stofnaður Facebookhópur fyrir þá sem tengdust unglingadeildinni. Umsjónarkennar héldu utan um sinn nemendahóp og höfðu samband við foreldra um námið, hegðun og líðan ef þörf var á.

Skólaferðalag 10. bekkjar

Að hausti byrjuðu nemendur 10. bekkjar að undirbúa fjáröflun fyrir skólaferðalag í samráði við Andra Snæ og foreldra.



Skipulag ferðalagsins var eftirfarandi:

Þriðjudagurinn 29. maí

8:10 Lagt af stað frá Naustaskóla með rútu og ekið suður

15:00 Adrenalíngarðurinn

20:00 Road House

22:00 Smárabíó

Gist á Hótel Cabin

Miðvikudagurinn 30. maí

8:00 Morgunmatur

9:30 Go-Kart

11:30 Smáralind og hádegismatur

14:30 Sund

16:00 Óvissuferð - Fórum í skoðunarferð í Hörpu og ísferð í Valdís

19:30 Kvöldverður á Black box pizza

21:00 Spurningakeppni og slökun

Gist á Hótel Cabin

Fimmtudagur 1. júní

8:00 Morgunmatur

10:00 Reykjavík Escape

11:30 Kringlan

13:00 Lagt af stað norður í Skagafjörð

17:30 Paint Ball

19:00 Kvöldmatur á Bakkaflöt

20:00 Sund

21:00 Klettasig

Gist á Bakkaflöt

**Föstudagur 2. júní**

8:30 Morgunmatur

10:00 Rafting

13:30 Sund

14:30 Matur á Bakkaflöt

15:30 Lagt af stað til Akureyrar

Ferðin gekk frábærlega og eiga nemendur hrós skilið fyrir að hafa staðið sig vel í ferðinni. Engin teljandi vandamál komu upp í ferðinni. Ferðin var ansi vegleg og vel skipulögð og var mikl ánægja meðal nemenda.

Andri Snær sá um að halda utan um fjáröflunina en Heimir Örn sá um skipulagningu ferðarinnar.

Fjáröflun: Nemendur söfnuðu rúmum 2 milljónum fyrir ferðalaginu. Eitt foreldri var gjaldkeri og sá um bankareikning sem var inn á foreldrafélagi Naustaskóla. Fjáröflun var fjölbreytt, til dæmis böll, kaffisala á vígslu íþróttahússins, sala á skólapeysum, bolum, símaskrá, kökulottó, gangbrautagæsla, sala á sjúkratöskum og kaffisala á árshátíð Naustaskóla.

Það hefði verið hægt að fá fleiri foreldra í lið með okkur í söfnunina en það voru í raun tveir foreldrar sem unnu lang mestu vinnuna fyrir allan foreldrahópinn. Það er mikilvægt að funda þarf strax að hausti til þess að skipuleggja fjáraflanir og mikilvægt er að gera foreldra ábyrga fyrir fjáröfluninni - skipulagi og framkvæmd. Eins er mikilvægt að nemendur séu virkir í fjáröfluninni og að allir taki þátt. Það voru tveir nemendur sem ekki fóru með í ferðina og það er eitthvað sem við viljum ekki að gerist aftur. Þetta er ferð sem einfaldlega allir eiga að taka þátt í.

Nemendur**Eineltismál og agamál**

Alla jafna má segja að það ríki nokkuð góður andi meðal nemenda og starfsfólks í unglingadeild. Það má oft sjá góðan vinnufrið og öfluga samvinnu. Þó þarf að þjálfar nemendur enn frekar í að vinna saman, með hverjum sem er og nýta styrkleika hvers annars í hópavinnu. Þetta hefur verið rætt og hvernig best er að þjálfar þetta, til dæmis með því að númera/draga í hópa.



Unnið var aðeins með stelpuhópinum í 9. bekk en þar kom upp samskiptavandi í stórum vinkvennahóp. Í vor fengu allar stelpurnar í 9. bekk fræðslu um samskipti og einnig var fundur með stelpunum í vinahópnum þar sem samskiptin voru rædd. Einnig var fundað með nokkrum foreldrum þar sem samskiptavandinn var ræddur. Ákveðið var gisticvöld í skólanum fyrir stelpurnar í 9. bekk í lok maí sem gekk vel. Það virðist sem vinnan hafi skilað einhverjum árangri og mikil ró og sátt ríkti meðal stelpnanna á lokadögunum. Það er mjög mikilvægt að fylgjast áfram með þessum stelpum á næsta ári og styðja þær í samskiptum eftir þörfum.

Námsárangur

Námsárangur nemenda er alla jafna nokkuð góður, flestir nemendur ná þeim markmiðum sem unnið er með hverju sinni í hverju fagi eða eru á góðri leið með að ná þeim. Það þarf að huga vel að þeim nemendum sem ekki ná markmiðum sínum og finna leiðir fyrir þá til að ná betri árangri og tryggja að þeir séu að vinna með námsefni og námsmarkmið við hæfi. Nemendur 10. bekkjar útskrifuðust með nokkuð góðum árangri nú í vor og var það mat kennara að nýtt námsmat endurspegli vel stöðu nemenda.

Ástundun

Ástundun nemenda er skráð inn á *Mentor*. Nemandi byrjar með ástundunareinkunnina 10 við upphaf skólaárs. Óheimil fjarvist og óstundvísi gefa ákveðinn fjölda punkta sem segir til um ástundunareinkunn við lok skólaárs. Stig eru gefin sem hér segir. Óheimil fjarvist í kennslustund gefur 4 punkta. Að mæta of seint gefur 1 punkt. Komi nemandi 20 mínútum of seint eða meira fær hann fjarvist fyrir kennslustundina. Ástundareinkunn nemenda á unglingastigi var eftirfarandi:

38 nemendur fengu 10 í einkunn

12 nemendur fengu 9,5 í einkunn

4 nemendur fengu 9,0 í einkunn

5 nemendur fengu 8,5 í einkunn

4 nemendur fengu 8,0 í einkunn

4 nemendur fengu 7,5 í einkunn

5 nemendur fengu 7,0 í einkunn

1 nemendur fengu 6,5 í einkunn

4 nemendur fengu 6,0 í einkunn

4 nemendur fengu 5,5 í einkunn

6 nemendur fengu 5 í einkunn



3 nemendur fengu 4,5 í einkunn

1 nemendur fengu 4 í einkunn

1 nemendur fengu 3,5 í einkunn

1 nemendur fengu 3,0 í einkunn

1 nemendur fengu 2,5 í einkunn

1 nemendur fengu 2,0 í einkunn

1 nemendur fengu 1,5 í einkunn

5 nemendur fengu 1,0 í einkunn

Mat og tillögur til úrbóta

Skólinn þarf að vera með enn skýrari skilaboð, viðmið og/eða reglur um ástundun.

Ástundunareinkunn þarf að hafa bein áhrif á námsmat nemenda til að veita nemendum meira aðhald og hvatningu að mæta í skólann og koma á réttum tíma o.frv. Ákveðin viðmið þarf að setja hvenær er kominn tími á að boða foreldra í viðtal. Foreldrar þurfa að bera ábyrgð á mætingu barna sinna og efla stundvísi þeirra. Hugsanlega væri sniðugt að hafa smá gulrót fyrir þá nemendur sem ná 10 í ástundunareinkunn, t.d. Pizzaveisla í lok skólaárs.

Við teljum að mikilvægt sé að gera foreldrum grein fyrir afleiðingum þess að taka nemendur úr skóla í langan tíma í senn og að ekki sé hægt að ætlast til þess að kennarar geti lagt fyrir áætlanir með svo stuttum fyrirvara eins og hefur oft verið raunin í vetur. Það þyrfti að vera skýrari rammi utan um það hvernig staðið er að því að gefa nemendum frí í langan tíma í senn og gera foreldrum grein fyrir því að þau verði að taka ábyrgð á námi nemenda ef þeir missa langan tíma úr skólanum. Nemendur þurfa að gera plan (í samráði við kennara) varðandi það hvernig þeir ætla að halda sér við efnið með góðum fyrirvara áður en farið er í frí. Ekki er raunhæft að kennarar geti verið tilbúnir með námsefni fyrir nemendur örfáum dögum áður en farið er í frí, eða sitji með nemendum þegar frí er lokið til að hjálpa þeim að ná upp efninu.

Samstarf í teyminu

Samstarfið gekk vel í vetur og teymið hélst óbreytt allt skólaárið. Í teyminu voru: Andri Snær, Agnes, Ása Katrín, Björn Benedikt, Guðrún Valdís, Íris Berglind og Sigurlaug. Samstarfið gekk mjög vel og vel tókst að nýta ólíka styrkleika hvers og eins í teyminu.

Hver og einn kennari hafði yfirumsjón með hverri námsgrein. Í svokölluðu þema unnu kennarar saman að kennslu og stundum þvert á námsgreinar.

Mat á skólastarfinu í heild – umbótatillögur

- Foreldrafundur með 10. bekk að hausti varðandi fjáröflun fyrir skólaferðalag og vinna við kaffihlaðborð á árshátíð.



- Skipulag og undirbúningur útskriftar þarf að vera á hreinu allt árið - árbók, ræða, ferðasaga og myndir og tónlistaratriði.
- Aukið samstarf milli teyma.
- Myndum vilja að ábyrgðin á að skrá álag á kennara væri á herðum stjórnenda, en ekki kennara teymisins, og að stjórnendur séu virkir í að koma upplýsingum um forföll til teymisins að morgni dags.

Mikilvægt að allir kennarar beri ábyrgð á upplýsingagjöf til nemenda og forráðamanna, varðandi viðburði eins og til dæmis skólahreysti, fótbolta- og frjálsíþróttamót, og aðra viðburði utan kennslustofunnar, en að sú ábyrgð liggi ekki einungis á herðum umsjónarkennara unglíngastigsins.

Ársskýrsla list- og verkgreinateymis

Námsumhverfi/skipulag

Í 2. og 3. bekk var boðið upp á myndmennt, heimilisfræði, smíðar og textílmennt. Hópnum var aldursskipt í fjóra stúlknaþópa og fjóra drengjahópa. Hver hópur mætti tvisvar í viku og var 60 mínútur í senn í u.þ.b. 14-16 skipti í hverri smiðju. Hópastærð um 10 nemendur.

Í 4. og 5. bekk var boðið upp á myndmennt, heimilisfræði, smíðar og textílmennt. Nemendahópnum var aldursskipt í 3 drengjahópa, 3 stúlknaþópa og 2 blandaðahópa. Hver hópur mætti tvisvar í viku í hverja smiðju, 80 mínútur og 100 mínútur tíma, 14-16 skipti. Hópastærðir voru frá 8-13 nemendur.

Í 6. og 7. bekk var boðið upp á fimm smiðjur; myndmennt, tónmennt, heimilisfræði, smíðar, textílmennt og grafík. Hver hópur mætti tvisvar í viku, 100 mínútur í senn í ca. 10 - 11 skipti.

Í 8 - 10. bekk var boðið upp á átta smiðjur; myndmennt, bullandi praktík, bakstur, lærðu á netið, tilraunir, grafísk vinnsla, vertu töff, heilsa og sjálfstraust og taupokar. Það voru fjórir drengjahópar og fjórir stúlknaþópar. Hópastærðir voru frá 12 - 16 nemendur og komu einu sinni í viku í 80 mínútur.

Námshættir/kennsluhættir/námsaðlögun

Tónmennt

6. - 7. bekkur

Aðaláhersla hvað varðar námsmarkmið vetrarins var hrynþjálfun en einnig þjálfun söngraddarinnar og samvinnu við aðra í hópnum og jafnvel í öðrum hópum. Möguleikar til að vinna með markmiðin og að ná góðum árangri voru ræddir í fyrstu tímunum og nemendur völdu sér vinnuaðferð. Vinna var bæði einstaklingsbundin og í hópum og lögð var áhersla á sköpun, jákvæðni og sjálfstæði auk góðrar umgengni og tillitsemi gagnvart öllum í tónmenntastofunni.



Myndmennt

2. - 3. bekkur

Námsmarkmið vetrarins voru að þekkja frumliti, grunnformin, áferð, myndbyggingu og nálægð og fjarlægð (forgrunn/bakgrunn). Listasaga var kynnt gegnum impressjónismann og Van Gogh. Lögð var áhersla á skissuvinnu, beitingu blýants og pensla og að nemendur öðluðust færni í að ræða myndir hvers annars. Lögð var áhersla á að tengja verkefni við þemu. Hóparnir voru mjög meðfærilegir þennan veturinn enda fjöldinn hæfilegur eða mest 12 nemendur. Einnig var áhersla lögð á almenna sköpun, fjölbreytt vinnubrögð, hópavinnu og tækni. Kennari var með ákveðin markmið í fyrirrúmi sem þurfti að aðlaga að hverjum og einum. Mikil áhersla var lögð á einstaklingupplifun og eflingu frumkvæðis.

4. - 5. bekkur

Í heildina litið gekk þetta vel. Hóparnir voru misjafnir innbyrðis. Hópunum var kynjaskipt í fyrstu. Kennari þurfti að aðlaga verkefnin eftir innihaldi hópanna og gekk það yfirleitt vel. Markmiðin sem lögð voru til grundvallar voru litahringurinn, frumlitir og andstæðir litir, að teikna eftir fyrirmyndum, þekkja forgrunn, miðrými og bakgrunn. Fjölbreytt vinnubrögð og allskonar efniviður og hópavinna. Skissuvinna var nýtt sem eðlilegur hluti hluta vinnuferlis, nemendur kynntust einni stefnu listasögunnar (impressjónismanum og Van Gogh) og að áhersla var á að sýna ábyrgð og nærgætni í skólastofunni. Kennari tók sig til að útbúa sjálfstýrandi verkefni til að auka sjálfstæði nemenda og gafst það vel. Verkefnin í smíðjunni voru stundum tengd þemum hverju sinni. Einnig var útbúið “landslag” í samvinnu við smíðar þar sem nemendur gátu unnið sjálfstætt að uppbyggingu eigin “lands”

6. - 7. bekkur

Unnið með Andy Warhol.

Heimilisfræði

Í upphafi hverra smíðju hjá öllum hópum var byrjað á að fara yfir markmiðin og þau rædd fram og til baka og límd inn í hugmyndabækurnar. Eftir umfjöllun á markmiðunum skiptu nemendur þeim sín á milli og skrifuðu þau á blað með sínu orðalagi. Markmið voru sýnileg upp á vegg eða í glugga fyrir hvern bekkjar árgang. Einnig fengu nemendur smá fræðslu um hvernig á að ganga um stofuna og hvar hlutina var að finna. Mikið af upplýsingum sem nemendur fá í fyrsta



tíma enda ekki ætlast til þess að þau muni þetta allt saman á núll einni og því byrjuðu fyrstu tímarnir á upprifjun. Nemendur þjálfuðust í vinna í sátt og samlyndi við aðra og voru því ekki neindir fasti hópar. Nemendur fengu að velja annað slagið með hverjum þeir væru með í hóp, stundum drógu þau spil og stundum ákvað kennarinn hópanna.

Reglur sem gilda inn í heimilisfræðistofunni eru einungis þrjár, eins og í fyrra. Nemendur mundu flestir eftir þessum reglum og voru þau dugleg að fylgja þeim eftir. Kennarinn ákvað að væta við einni reglu, að það væri bannað að blóta í tímum til að reyna minnka þessa orðanotkun hjá þeim. Ef nemendahópurinn fengi meira en tíu blótstrik fengu þeir sendan póst heim þar sem foreldrar væru upplýstir um orðanotkun þeirra. Kennarinn þurfti ekki að senda póst heim á nein hóp. Verk-lagsblað um frágang var ekki mikið notað á þessu skólaári en mæli klárlega með að taka það aftur upp, frágangur var ekki alveg nógu góður hjá sumum hópum. Misjafn var hversu oft nemendur gátu unnið í hugmyndabókum að þessu sinni, vegna tímaskorts.

Kennsluáætlun fyrir 2. og 3. bekk þurfti að breyta til að aðlagja kennslu að nemenda með mikið bráðaofnæmi. Foreldrar þess nemenda fengu kennsluáætluna senda í tölvupóst ásamt myndu af matvælum sem þau þurftu að samþykkja. Áður en nemandinn mætti í tíma voru vinnuborð, skúffuhandföng og hillur sprittaðar. Einnig var gólfíð skúrað. Keypt voru sér áhöld og þau sett í plastkassa sem einungis var ætlaður fyrir þennan nemanda og hann vel merktur. Kennslan gekk vel fyrir sig.

2. - 3. bekkur

Námsmarkmið fyrir 2. og 3. bekk voru flokkuð í fimm þætti út frá hæfniviðmiðunum í aðalnámskrá, lífshættir, vinnubrögð, umhverfi, menning og menningarlæsi.

Lögð var áhersla á mikilvægi hreinlætis við matargerð, hvaða slysaþættur geta fylgt vinnu í eldhúsi, hvernig við stuðlum að góðri heilsu og hvernig við getum bætt og verndað umhverfið með því að flokka sorp. Einnig var lögð áhersla á að nemendur unnu í mismunandi hópum til að efla samvinnu við aðra og skilja nauðsyn samstarfs. Nemendur þjálfuðust í að fara eftir einföldum uppskriftum og munnlegum fyrirmælum. Ásamt smá fræðslu um hvað einkennir íslenskan þjóðmat.

Nemendur fengu stundum að velja með hverjum þeir unnu, flestum tilfellum en einnig var dregið saman í vinnuhópa.

4. – 5. bekkur

Námsmarkmið fyrir 4. og 5. bekk voru einnig flokkuð í fimm þætti út frá hæfniviðmiðunum í aðalnámskrá, lífshættir, vinnubrögð, umhverfi, menning og menningarlæsi.

Lögð var áhersla á hreinlætis við matargerð, hvernig á að greina milli góðs og lélegs fæðuvals ásamt fræðslu um helstu næringarefna og hlutverk þeirra. Nemendur þjálfuðust áfram í að fara eftir uppskriftum og munnlegum fyrirmælum og hvernig þeir umgangast rafmagnstæki. Einnig var lögð áhersla á flokkun sorps og hvernig á að geyma matvæli, eftir þau eru opnuð og elduð. Nemendur áttu að bera ábyrgð á eigin umgengni og frágangi og sýn öðrum tillitssemi.



Nemendur unnu í mismunandi hópum, ekki alltaf sömu nemendur í sama hópnum. Hóparnir voru mis krefjandi. Það tók stundum allt að 20 mínútur að koma sér að verki. Einnig skapaðist mikill hávaði og erill hjá sumum hópum. Kennarinn tók gott spjall við þá hópa sem skilaði sér að lokaum, eftir nokkrar tilraunir.

6. – 7. bekkur

Námsmarkmið fyrir 6. og 7. bekk voru líka flokkuð í fimm þætti út frá hæfniviðmiðunum í aðalnámskrá og voru eftirfarandi:

Lífshættir

- gera sér grein fyrir því hvers vegna hreinlæti er mikilvægt við meðferð matvæla
- læra að leggja mat á eigin neyslu með tilliti til hollustu, verðs og umhverfis
- gera sér grein fyrir samhengi heilsu og lífstíls
- þekkja æskilega samsetningu fæðunnar

Vinnubrögð

- geta unnið sjálfstætt eftir uppskriftum
- þjálfast í að breyta grömmum í desílítra og öfugt
- geta nýtt fjölbreytta miðla til að finna upplýsingar um uppskriftir og næringu matvæla

Umhverfi

- geta tengt saman, að það er persónuleg ábyrgð allra að draga úr mengun og að flokka allt rusl er liður í því
- temja sér að virða jafnrétti og ólík sjónarmið

Menning

- virða mismunandi siði og venjur fólks hvað varðar mat

Menningarlæsi

- temja sér sjálfstæði, frumkvæði og vönduð vinnubrögð
- geta unnið í samvinnu og samstarfi við aðra og sett sig í spor annarra

Smiðjuhóparnir í 6. og 7. bekk voru mis krefjandi og það hefði þurft stuðning inn í kennslu með allavegna þrjá hópa. Einn hópurinn var það krefjandi að ekki náðist að fara yfir allt námsefnið tengt markiðunum sem átti að skrifa í hugmyndabækurnar en kennarinn náði að tala um það á meðan nemendur sátu til borðs að borða.

8. - 10. bekkur

Nemendur á unglingastigi voru í fyrsta skiptið í vetur í smiðjurúllu. Hver hópur kom einungis í þrjú skipti. Í upphaf smiðju var útbúið baðsalt, baðbombur, fidegtspinnerar og slím. Vegna kostnaðar breytti kennarinn um efni. Í staðin var farið í bakstur sem gekk töluvert betur og ekki eins kostnaðar samt.

Markmið vetrarins í heimilisfræði voru að nemendur áttu að geta unnið sjálfsætt og í sátt og samlyndi með öðrum, geta sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi og geta farið eftir skriflegum og munnlegum fyrirmælum. Hóparnir voru mis krefjandi en gekk vel fyrir sig.



Hönnun og smíði

2. - 3. bekkur

Námsmarkmið vetrarins voru að æfa notkun grunnverkfæra; sög, hamar, tálguhnífur og sandpappír. Nemendur unnu að 2-3 skylduverkefnum, þá var lögð áhersla á að allir prófuðu að tálga með tálguhníf. Ef vel gekk með verkefni var einn tími notaður til að fara í Naustaborgir þar sem kveiktur var eldur og tálgað, það var þó hjá minnihluta hópanna. Aukaverkefni í tímum voru að prufa ýmis verkfæri svosem borvél, sög, þjöl og rasp.

4.- 5. bekkur

Lagt var upp með 4-5 skylduverkefni í hverjum hóp, nemendur fengu að ráða útfærslu á sínum smíðahlutum sem gerði þá persónulegri fyrir vikið. Áhersla var lögð á að hver nemandi teiknaði sitt verkefni í hugmyndabók áður en smíðin hófst og skipulegði þannig lauslega vinnu sína. Ef skylduverkefni kláruðust hjá nemendum var þeim leyfilegt að gera frjáls verkefni. Margir studdust við aukaverkefnahefti sem kennari hafði útbúið og gerðu sína útfærslu af þeim verkefnum. Í heftinu voru sérvalin létt verkefni sem kröfðust ekki mikillar íhlutunar kennara. Það reyndist stundum erfitt að aðstoða alla þegar margir voru byrjaðir á frjálsum verkefnum, gæta þarf þess að verkefnin séu ekki of flókin eða erfið þannig að þau krefjist mikillar aðstoðar kennara. Örfyrirlestrar voru fáir, morðgátur voru stundum notaðar sem kveikjur.

6.- 7. bekkur

Lagt var upp með 3 skylduverkefni, kistil, símastand/kúluspil og kertastjaka, nemendur fengu að ráða útfærslu á sínum smíðishlutum sem gerði þá persónulegri fyrir vikið. Helstu atriði til þjálfunar eru eftirfarandi; notkun rennibekkjara, sögun með handsög, borun með batterísbörvél og súlubörvél, lökkun með spreylakki. Áhersla var lögð á að hver nemandi teiknaði sitt verkefni í hugmyndabók áður en smíðin hófst og skipulegði þannig lauslega vinnu sína. Tími smíðjunnar var heldur naumur svo ekki kom til þess að nemendur hefðu tíma til aukaverkefna nema í einstaka tilfellum.

Textílmennt

Veturinn gekk mjög vel og komin góð rútína á starfið í textílstofunni. Hugmyndabækur eru komnar í góðan farveg og verða betri með hverju árinu sem líður og nemendum og kennurum orðið tamt að nota hana í vinnuferlinu. En þó eru hugmyndir um að endurskoða hana eitthvað fyrir næsta skólaár.

Textílstofan hefur ekkert stækkað á árinu en kennarinn nýtti sér mikið náttúrufræðistofuna þegar hún var laus og ganga skólans.



2. - 3. bekkur

Skylduverkefni vetrarins voru tvö, annarsvegar að hanna og sauma bangsa þar sem nemendur lærðu að sníða og klippa úr tvöföldu efni, skreyta hann hann eftir eigin smekk og leggja hann síðan til hvílu í fallega rúminu sem nemendur smíðuðu handa honum í smíðum. Nemendur bjuggu síðan til mylluspil, þar sem þau saumuðu út í poka myllu og skreyttu. Týndir voru steinar í nágrenni skólans, málaðir og skreyttir til að nota í spilin og þeir síðan geymdir í pokanum. Mikil kátina var með þetta verkefni og í síðustu kennslustundinni spiluðum við síðan myllu eins og engin væri morgundagurinn.

4. – 5. bekkur

Í nýju aðalnámsskránni kemur fram að nemandi eigi að geta sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir. Þrjónaskapur tilheyrir sögu Íslendinga eins langt og menn muna. Nemendur lærðu því að fitja upp, þrjóna garðapþjón og fella af og ganga frá verkefninu sínu og úr urðu boltar, kisur, slöngur, uglur, hundar og bangasar. Gekk þetta alveg ágætlega vel fyrir sig og nemendur náðu almennt góðri færni við að þrjóna.

6. - 7. bekkur

Nemendur í 6. bekk hönnuðu og bjuggu til púða. Skissu og hugmyndavinna fór fram í hugmyðabókum nemenda, nemendur nýttu sér netið og aðrar bjargar við vinnuna. Bútasaurur, þrykk og ýmsar aðferðir voru nýttar við vinnuna og sérstaklega gaman að sjá þann mikla fjölbreytileika og hugmyndaflug sem nemendur búa yfir og kom sér til skila í fallegum verkefnum. Þegar nemendur voru búnir með púðana síðan voru nokkur verkefni sem þeir gátu valið sér sem aukaverkefni eins og svefngríma, hakýsakk bolti, slaufa eða burðarpoki.

Nemendur í 7. bekk hönnuðu svuntu eða náttbuxur. Nemendur fengu snið og lærðu að sníða eftir því. Sauma saman tvö efni, strauja, þræða saumavélina, stinga örðu efni ofaná hitt og falda efni. Þetta verkefni er mjög stórt og viðamiklað og náðu nemendur yfirleitt rétt að klára það fyrir smíðjulok og náðu ekki að vinna nein aukaverkefni.

Valhópar

Myndmennt

Einn hópur var í vali í myndmennt, 9 nemendur. Þó afrakstur hafi verið misjafn leið flestum nemendunum flestum þokkalega vel og unnu þeir að sínum hugðarefnum. Sumum nemenda þurfti að setja fyrir verkefni en aðrir höfðu frumkvæði og voru með höfuðið fullt af hugmyndum. Draumur kennarans er að vera starfsmaður á plani og hjálpa nemendum að vinna úr sínum hugmyndum og koma þeim í verk. Mjög misjafnt er hvað nemendur eru óhræddir og ófeimnir en þeir voru mjög jákvæðir er verk þeirra voru sett á sýningu í glerskápum í salnum og héngu uppi í myndmenntarstofunni.



Heimilisfræði

Í vetur var boðið upp á tvennskonar val í heimilisfræði. Hóparnir voru kallaðir heimilisfræði og bakstur. Heimilisfræði valið var kennt á mánudögum og baksturs valið kennt á þriðjudögum og miðvikudögum fyrir áramót en eftir áramót var ekkert val á miðvikudögum.

Heimilisfræði- Kennt fyrir og eftir áramót. Fyrir áramót voru 13 nemendur og eftir áramót voru þeir 14. Lögð var áhersla á að kenna nemendum að matreiða fjölbreyttan mat á móti bakstri. Nemendur komu með uppástungur af því hvað þeir vildu matreiða og baka yfir veturinn og kennarinn bætti svo við ef þess þyrfti. Eldamennskan og baksturinn var mis krefjandi. Nemendur elduðu og bökuðu til skiptis. Lögð var áhersla á að kenna sjálfstæð vinnubrögð, að vanda frágang og samvinnu. Kennslustundirnar voru 1 klst. og 40 mín. einu sinni í viku.

Bakstur- Kennt fyrir og eftir áramót. Það voru 9 nemendur fyrir áramót og 13 eftir. Í þessu vali vorum nemendur að spreyta sig áfram í bakstri og voru uppskriftirnar mis krefjandi allt frá því að búa til smákökur yfir í tertu með sykurmassa. Lögð var áhersla á að kenna og þjálfa sjálfstæð vinnubrögð, að vanda frágang og samvinnu. Kennslustundirnar voru 1 klst. og 40 mín. einu sinni í viku.

Smíðar

Einn hópur var í vali á vegum smíðakennara fyrir áramót og einn hópur eftir áramót, sá áfangi var samkenndur af textíl- og smíðakennara.

- *Veiðihnífagerð (9 nemendur)*

Nemendur útbjuggu í byrjun upptakara úr stáli með viðarhandfangi. Þá hófust þeir handa við að útbúa skefti á hníf. Notast var við harðvið, horn, plastborða og ýmislegt til skreytinga. Þá var saumað leðurslíður utan um hnífinn úr nautshúð, sú vinna féll að vísu að miklu leyti í hlut kennara.

- *Skartgripagerð (6 nemendur)*

Textílmenntakennari og smíðakennari kenndu saman skartgripagerð í ár. Nemendur unnu með fjölbreytt úrval smíðisefna. Gerður var hringur úr silfri, hálsmen eða eyrnalokkur úr kopar eða messing, einnig gerðu nemendur skálar úr gylltu loki af niðursuðudós. Smíðisaðferðir voru fjölbreyttar; handsögun með skartgripasög, slípun og pólering, lóðun með gasloga og slaglóði, hitun plastics til formunar og margt fleira.

Smíðjur unglingastigi

Í ár voru 8 mismunandi smíðjur á unglingastigi:



Bullandi praktík	Helgi Valur Harðarson	Smíðakennari
Bakstur	Emilía Guðjónsdóttir	Heimilisfræðikennari
Myndmennt	Svanbjörg Sverrisdóttir	Myndmenntakennari
Lærðu á netið	Björn Benedikt Benediktsson	Umsj.k. unglingastigi
Tilraunir	Íris Berglind C Jónasdóttir	Umsj.k. unglingastigi
Grafísk vinnsla	Heiðar Brynjarsson	Stuðningsfulltrúi 6.-7. bekk
Vertu töff, heilsa og sjálfstraust	Andri Snær Stefánsson	Umsj.k. unglingastigi
Plastpokalaust Naustahverfi	Valdís Rut Jósavinsdóttir	Textílkennari

Nemendur mættu þrisvar í hverja smiðju og fengu smjörþefinn af viðkomandi viðfangsefnum. Kennarar list- og verknámsgreina voru sammála um að tíminn væri allt of naumur til verkefnavinnu af nokkru tagi, þá var mjög erfitt að framkvæma námsmat á svo skömmum tíma. Einstaka tími féll niður vegna veikinda margra kennara, þá var gert ráð fyrir örfáum tímum að vori í annað sem reyndust svo vel til þess að vinna upp verkefni hjá þeim nemendum sem ekki náðu að klára vissar smiðjur. Mikilvægt er að hafa tvöfalt bókhald yfir skráningu nemenda í smiðjur, sú yfirsýn varð að bókhaldið var eingöngu uppi á vegg í unglingadeild, svo gerðist það að blöðin hurfu og varð þá uppi óþarfa óvissa um skráningar og annað.

Textílmennnt

Textílkennari sá um þrjár valgreinar þetta skólaárið fatasaum, þrykk og skartgripagerð ásamt smíðakennara. Fatasaumurinn og þrykkið var kennt fyrir áramót en skartgripagerðin eftir áramótin.

Fatasaumur var þannig uppbyggður að aðaláhersla var lögð á að nemendur lærðu að taka upp snið, leggja snið á efni og mæla fyrir saumförum. Umgengi um saumavélina og hvernig nota eigi hana við saumaskap. Mikla einstaklingsmiðun þarf í þessum tímum þar sem nemendahópurinn er mjög misjafn og sumir að koma þriðja árið í röð í áfangann en aðrir með lítinn grunn. Kennari leggur mikla áherslu á að nemendur fái að vinna verkefni sem þeir hafa áhuga á að vinna og leitast við að verða við óskum hvers og eins varðandi hráefni og verkefni eins og mögulegt er.

Þrykk var síðan kennt í annað skipti í vali og voru stórir hópar en bjargaðist þar sem myndmenntarstofan var laus á saman tíma og þrykk tímarnir voru kenndir. Tímarnir tókust mjög vel og voru nemendur og kennari mjög ánægð með áfangann. Gaman var að sjá þegar leið á áfangann hversu sjálfstæðir nemendur voru orðnir og kennarinn orðinn meira til aðstoðar. Skólinn er að koma sér upp góðum tækum og tólum fyrir þrykkið en augljóst er að þessi áfangi er ekki ódýr.



Námsmat

Nemendur unnu eftir ákveðnum fyrirframgefnum markmiðum í hverri smiðju fyrir sig og eru markmiðin sýnileg á veggjunum í verkgreinastofunum. Hakað var við í markmið í mentor auk þess sem nemendur og/eða kennari unnu með sjálfsmat og umsagnir í hugmyndabækurnar. Einnig fengu nemendur persónulegt leiðsagnarmat og umsögn sem sett var inn á mentor undir framistöðumat.

Árshátíð Naustaskóla

Árshátíð Naustaskóla voru tveir dagar að þessu sinni. List og verkgreinakennarar voru beðnir um að skipuleggja þessa daga. Fyrri daginn var hefðbundinn sýningardagur, fjórar sýningar voru, kl 9, kl.12, kl. 15 og kl. 18. Kaffi og kökur voru seldar á milli og á eftir síðustu sýningunni. Boðið var upp á pylsur í hádeginu. Seinni daginn mættu allir í sínu fínasta þússi. Þá voru 4 stöðvar í boði frá kl. 8.30 – 10 og eftir það snakk og bíodagur og hátíðarmatur a LaGeiri.

Eitthvað var búið til af nýrri leikmynd í ár en einnig mikið nýtt frá fyrri árum. Enn vantar upp á geymslumöguleika fyrir leikmynd og má bæta mikið úr bara með því að smíða stærri hillur inn í stólageymslu. Textúlkennari gerði mikinn skurk í tiltekt í stólageymslu að árshátíð lokinni og er þar orðið allt annað um að litast nú. Þó má mikið bæta úr með einföldum hillulausnum.

Skipulag og endurmat á árshátíð er að finna í möppunni “Árshátíð” inn á samgögnum.

Þátttaka og undirbúningur heimilisfræðikennara vegna viðburða í skólanum

Veitingar fyrir árshátíð

Heimilisfræðikennarinn ásamt nemendum í unglingavali bjuggu til 10 plötur af döðlugotti fyrir árshátíðina. Þar sem nemendur þóttu þetta lítið spennandi var skrópað í þessum tímum og ákvað kennarinn að hver hópur gerði döðlugott einu sinni í stað tveggja tíma. Kennarinn tók það á sig að gera restina í undirbúningstímanum sínum. Heimilisfræðikennarinn og annað starfsfólk sá um að gera allt klárt fyrir fyrsta kaffihlaðborðið sem gekk vel. Gólfíð var skúrað á milli hlaðborða. Plastdúkar voru settir yfir dúkana til að spara tíma og þvott. Heimilisfræðikennarinn skipulagði hvað átti að fara mikið fram af kræsingum á hvert hlaðborð. Kræsingarnar voru flokkaðar eftir sýningum og merktar með miðum frá 1 upp í 4. Einnig skrifaði heimilisfræðikennarinn upp á töflu hvað átti að fara mikið af hverju fyrir hverja sýningu. Foreldrar nemenda í 10. bekk stóðu sig töluvert betri í ár og einnig voru skólaliðar og stuðningfulltrúar fengnir til að aðstoða, algjör snilld. Frágangur gekk vel og dagurinn dásamlegur.

Veitingar á útskrift 10. bekkjar



Heimilisfræðikennarinn var beðinn um að útbúa tvær plötur af döðlugotti og tvær franskar súkkulaðikökur. Sendur var póstur á foreldra nemenda í 9. bekk og þeir beðnir um að koma með kræsingar á kaffihlaðborðið og áttu allir að skila af sér fyrir kl 15. Það vantaði kræsingar frá 14 foreldrum og slapp það til að þessu sinni. Foreldrar voru mjög duglegir að sjá um hlaðborðið og frágang, heimilisfræðikennarinn sá varla um neitt.

Foreldrasamstarf

List- og verkgreinakennarar taka ekki mikinn þátt í foreldrasamstarfi og fá t.d. ekki að vera með á haustkynningarfundum í skólanum sem okkur hefur þótt mikið miður því að foreldrarhópur skólans vita ekki einu sinni hvernig við lítum út. List- og verkgreinakennarar skrifa mentorfærslu inn í dagbók ef þurfa þykir eða hringja sjálfir heim í foreldra ef upp koma vandamál í smiðjum. Sjaldan eða aldrei er leitað til okkar vegna upplýsinga um nemendur fyrir útfyllingar á eyðublöðum vegna greiningaferlis. Myndir af verkum nemenda og af nemendum við vinnu sína voru reglulega settar inn á bekkjarsíðu inn á Facebook. Heimilisfræðikennarinn þurfti að vera í samstarfi við foreldra barns í öðrum bekk vegna mikils bráðafnæmis.

Nemendur

Líðan nemenda í smiðjum er almennt mjög góð og finnst þeim mörgum hverjum smiðjurnar það skemmilegasta sem þau gera í skólanum. Í fyrsta skipti í sögu skólans fylgdu stuðningsfulltrúar eftir tveimur börnum í smiðjur sem voru með fullan stuðning á svæðunum og því ber að fagna. Okkur hefur fundist það mjög skrítið og höfum rætt reglulega að stuðningsfulltrúar fylgi ekki með nemendum í smiðjur.

Samstarf teymis

Samstarfið gekk bara nokkuð vel að venju, en teymið stóð sig þó illa í að hittast fyrir utan vinnu og styrkja böndin en frekar, vonandi verður breyting þar á næsta skólaári. Teymisfundir héldu sér að mestu einu sinni í viku fyrir áramótin en voru mjög stopulir og dettum við greinilega á hverju ári í þann farveg. Fundir voru á þriðjudagsmorgnum en þar sem mikil veikindi starfsmanna kom upp í vetur tóku sérgreinakennarar að sér forfallakennslu sem leiddi til þess að fundum var frestað ítrekað. Ákveðið var að halda fundi í staðinn á miðvikudögum eftir kennslu sem gekk upp og ofan því einn kennarinn varð fyrir byltu í hálku og þurfti að mæta í sjúkaþjálfun á þeim tímum. Ný fundartíminn ákveðin á mánudögum 14:45. Þorgeir hélt utan um teymið í ár og stóð sig með prýði og einstaklega gott að leita til hans þar sem hann býður upp á einstaklega gott viðmót. Margir fundir féllu niður en þar sem teymið er frekar geðgott og samstarfsfúst þá kom það kannski ekki að sök.



Almenn samantekt

Miklar vangaveltur áttu sér stað í vetur um námsmatið sem við gerum í verkgreinum. Undanfarin tvö ár höfum við hakað við í markmið inn á mentor, skrifað umsögn um hvern og einn nemanda og þær settar í hugmyndabók og inn á mentor. Einnig gerðu nemendur sjálfsmat í hugmyndabækurnar sínar. Hugmyndir kennara fyrir næsta skólaár er að haka við í mentor og láta nemendur gera sjálfsmat/einstaklingsmat eftir hvern tíma, áður en þeir yfirgefa stofurnar. Með sjálfsmati eða einstaklingsmati er reynt að fá nemendur til að vera meðvitaðri um hvað markmiðavinna er og hvað þeir þurfa að gera til að ná sínu markmiðum, ásamt því að þeir átti sig á því að þeir læri helling af nýjum hlutum í hverjum tíma. Umræður um umsagnir bíða svo til haustsins.

Fundir með stjórnendum þurfa að okkar mati ekki að vera vikulega, þurfum ekki að halda fund bara til að halda fund sem leiðir til minna álags á alla. Mikilvægt er hins vegar að stjórnendur leiði fundina næsta vetur með markvissum hætti þar sem helmingur af kennurum teymissins eru nýjir skólaár 2018-2019. Okkur þykir mikilvægt að tekið sé vel á móti nýju starfsfólki og það vel upplýst hvernig hlutirnir fara fram og þeir séu settir vel inn í málin, t.d mentor. Með því að taka betur á þessum málum er hægt að komast hjá því að allt álagið, sem þessu fylgir, hvíli á gömlum starfsmönnum. Það er auka álag að koma nýju starfsfólki inn í starfið en að sjálfssögðu aðstoðar teymið nýtt starfsfólk eins og það getur án þess að búa til auka álag.

Árshátíð skólans er einn stærsti viðburður skólaársins og hefur tekist vel til undanfarin ár. Verkgreinateymið hefur tekið að sér allt utanumhald um árshátíðina undanfarin ár með mikilli gleði en breytinga er þörf til þess að verkgreinakennararnir geti sinnt sinni daglegu vinnu þó svo að árshátíðarundirbúningur sé í fullu blasti. Sniðug hugmynd fæddist hjá Þorgeiri í vetur að það væru engar smiðjur með hefðbundnu sniði vikuna fyrir árshátíð. Nemendur og kennarar geta leitað til smiðjukennara og unnið sameiginlega að búningum og sviðsmyndum. Og gera ráð fyrir undirbúningsviku og árshátíðarvikunni sjálfri þegar smiðjuskil eru reiknuð út. Smiðjukennurunum finnst þetta **GEGGJUD** hugmynd og vert að prófa á næsta skólaári.

Annars erum við bara nokkuð sátt við árið í heild sinni og okkur líður vel í því sem við erum að sýsla í dags daglega. En mikil eftirsjá er af smíðakennaranum sem heldur á vit nýrra ævintýra.



Ársskýrsla íþróttateymis

Námsumhverfi/skipulag

Að hausti settum við upp kennsluáætlanir fyrir veturinn í íþróttum og sundi. Þar kom fram áætlun vikunnar, áhersluatriði hvers tíma og hvenær eigi að meta nemendur. Sér skipulag er sett upp fyrir íþróttir og sund.

Íþróttir

Íþróttir voru kenndar í umsjónarhópum upp að unglingastigi og skiptum við íþróttakennarar í upphafi með okkur umsjónarhópum þannig að hvert okkar var ábyrgt fyrir sínum íþróttahóp. Vegna mikilla breytinga í kennarahópnum á tímabilinu varð lítið um þetta skipulag þegar leið á veturinn og við unnum þetta í sameiningu eins og okkur fannst þetta vinnast best.

Nemendafjöldi var á bilinu 30-45 og voru 2 íþróttakennarar með hvern tíma. Hver hópur fékk tvo 40 mínútuna íþróttatíma á viku. Við nýttum okkur útisvæði skólans, Kjarnaskóg, Hamarkotstún og Naustaborgir í september og í maí.

Til að ná sem mestum árangri í íþróttakennslu, þarf hópaskipting í hverri kennslustund að vera vel heppnuð. Leiðir sem voru farnar í hópaskiptingu voru kynjaskipting, getuskipting, félagsleg skipting (vinir saman), öllum blandað saman sem og aldursskipting. Oftast skiptum við þó umsjónarhópum í minni hópa áður en við sameinuðum vinnu okkar ef við ætluðum að nýta allan salinn og vinna saman.

Kennslufyrirkomulag var margs konar. Flestir íþróttatímar hófust með upphitun, svo tók við aðalhluti og tímanum lauk oftast með niðurlagi. Til þess að þessir þrír hlutar heppnist vel og tíminn í heild sinni skili tilætluðu markmiði væri æskilegt að hver tími væri 60 mínútur.

Vetrinum var skipt upp í tímabil. Tímabili urðu eftirfarandi í ár:

Fyrir áramót: Útivist, hópefli og leikir - handbolti - bandý og spaðar – leikir – körfubolti - bardagaíþróttir og dans

Eftir áramót — leikir og samvinna – blak – fimleikar – boltaíþróttir – frjálsíþróttir – fótubolti – útiíþróttir

Fimleikar mættu vera fyrir og eftir áramót og í styttri tímabil í hvert sinn. Byrja fljótlega á stuttu fimleikatímabili. Erum sammála um að tímabilin í heild mættu vera styttri, fer eftir eðli íþróttarinnar og hvernig við í teyminu erum að okkur í viðkomandi íþróttagrein.

Kennsluhættir voru fjölbreyttir. Mikið var um sýnikennslu og svo verklega kennslu í gegnum leiki og æfingar. Fræðsla fór fram í gegnum spjall í upphafi og í lok kennslustunda. Við fengum



til okkar heimsóknir og kynningu á starfsemi íþróttafélaga frá KA blak, KA fótbolta, Þór körfubolti og VMA íþróttافرæðinemar komu og tóku æfingakennslu hjá okkur.

Námsaðlögun var ýmis konar. Reynt var að koma til móts við nemendur sem það þurftu með ýmsum hætti. Sem dæmi má nefna val um gönguferðir, styrktaræfingar auk þess að verkefnir voru aðlöguð að getu nemenda hverju sinni. Einstaklingstími var undirbúinn fyrir einn nemanda í 6. bekk en er e.t.v. e-ð sem þarf að gera fyrir fleiri nemendur og fá til liðs við okkur aðstoð við þann undirbúning. Þessi nemandi var þó með í þeim tímum sem hann treysti sér í, fékk svolítið að velja það sjálfur. Gekk mjög vel með hann og hann tók miklum framförum í vetur.

Kennsluáætlanir voru einungis sýnilegar kennurum og þeim kennurum og foreldrum sem um það báðu.

Sund

Kennt var í Sundlaug Akureyrar frá hádegi á mánudögum þar sem allir 3 íþróttakennararnir voru að kenna hvert sínum hóp. Á miðvikudögum var sama upp á teningnum en þá kenndum við 3 frá klukkan 8 og fram eftir degi.

Kennslan fór fram í árgangahópum hjá öllum kennslustigum. 1.-5. bekkur var í 4 hópum. 1., 4. og 5. Bekkur í 30 mín tímum sem gekk ágætlega en væri æskilegra að hafa þá 40 mín. 1. bekkur var í föstum sundhópum út frá frístundatíma. 2. og 3. Bekkur kom í sínum umsjónarhópum, hefði mátt athuga það fyrir að vetrinum að skipta hópunum upp og jafnvel getuskipta, spurning um að prufa það næsta vetur og jafnvel stokka hópana upp tvisvar sinnum yfir veturinn. 4. og 5. Bekkur voru í rúllu yfir veturinn þannig að einhverntíma kláraði hver hópur skóladaginn í sundi.

Kennslan í 6.-7. bekk fór fram í árgangahópum. Kennslan var einu sinni í viku, 40 mín. í senn. 6. í 3 hópum og 7. bekkur í 2 hópum. Kennslan var keyrð í rúllu þannig að allir hópar voru einhverntíma í síðasta tíma dagsins í sundi.

Kennsla í 8.-10. bekk var einu sinni í viku 40 mín. í senn. Í 10. bekk var tilraunaverkefni að nemendur sem höfðu náð að mæta í 17 tíma og náðu markmiðunum sem voru könnuð þá fengu frí frá sundi. Sundtíminn þeirra var 3 tími dagsins, það hefði verið heppilegra að sundtími hefði verið fyrst að morgni þannig að gúlrotin yrði að þau fengju að mæta seinna til skóla þennan dag ef þau næðu markmiðum og mættu þessa 17 tíma. Þeir nemendur sem ekki höfðu uppfyllt þessi skilyrði voru tvímælalaust duglegir að mæta eftir að stór hluti nemenda var hættur, einn nemandi sem aldrei mætti í sund hóf að mæta þarna sem var gleðiefni. Spurning hvort hægt væri að nýta þessa tíma sem aukasund fyrir aðra nemendur af yngri stigi sem á þyrftu að halda.

Lagt var upp með að nemendur væru meðvitaðir um markmið hvers tíma í upphafi tímans. Hjá yngri hópunum byrjaði tíminn oftast á léttum leik fyrir vinnu að settu markmiði og ef tími var til náðum við frjálsum eða skipulögðum leik síðustu mínúturnar. Reynt var að koma til móts við þarfir hvers og eins með mis góðum árangri, notast við hjálpartæki og unnið í samvinnu við foreldra. Fyrir 6.-10. bekk hófust kennslustundirnar á innlögn og umræðum um markmið og verkefni tímans.

Kennsluáætlanir voru einungis sýnilegar kennurum og þeim kennurum og foreldrum sem um það báðu.



Námsmat

Námsmat var í formi símats þegar kom að „huglægum“ markmiðum, t.d. hvað varðar virkni, framkomu og viðhorf.

Þegar kom að mælanlegum markmiðum voru kennslustundirnar nýttar í að meta nemendur. Þetta mat var dreift nokkuð jafnt yfir allt skólaárið.

Einungis voru notuð markmið til að meta nemendur sem hefur reynst vel og höfum við mætt allmennri ánægju foreldra með þau skil. Foreldrar fá tilfinningu fyrir því hvar barn þeirra er statt og hvað þau gætu gert til að efla það enn frekar ef þörf er á því.

Foreldrasamstarf

Við boðuðum foreldra í viðtöl í tengslum við viðtalsdaga og gaf það góða raun. Einnig hringdum við í foreldra og ræddum hluti sem þurfti að ræða. Við fengum líka foreldra í heimsókn í íþrótt- og sundtíma. Foreldrar voru líka duglegir að hafa samband ef þeim fannst eitthvað athugasemjulegt eða ábótavant.

Við tókum mikið af myndum og myndbrotum í íþrótt- og sundtímum sem við birtum á lokuðum facebookhópum innan skólans, það vakti mikla ánægju.

Samstarf í teyminu

Í teyminu skólaárið 2017-2018 voru Sigmundur Birgir (100%), Þórey Sjöfn (83,5%), Þorsteinn (62%, fram í október), Birna (30%, fram að jólum), Ásdís (62%, frá október fram að jólum) og Heimir (100%, frá janúar fram á vor).

Fundarskipulag var hefðbundið. Teymisfundur með stjórnanda, Öllu, einu sinni á tveggja vikna fresti, sem féll þó nokkuð oft niður vegna veikinda eða annarra verka. Teymið hafði engan fastan sameiginlegan tíma til undirbúnings og funda utan þessa tíma. Náðum oft góðum tíma saman eftir kennslu á þriðjudögum og fram að kennara/nefndarfundi. Miðvikudagarnir í sundlauginni nýttust okkur líka vel þar sem við vorum öll saman og náðum stuttum sameiginlegum mínútum.

Samstarf innan teymisins batnaði til muna eftir áramót þegar stöðuleiki komst í starfsmenn teymisins.

Við áttum gott samstarf við aðra íþróttakennara innan Akureyrarbæjar, áttum 3 góða fundi þar sem skólarnir skiptust á að bjóða heim. Þar voru ýmis mál rætt og námsmarkmið stóð þar hæst. Við fylgdumst með fjölda íþróttæfinga og horfðum á kennslustundir í sundlauginni sem og öðrum skólum bæjarins. Auk þess æfðum við öll okkar sport og fylgdumst með nemendum okkar við sína íþróttaiðju ef færi gafst til.

Að hafa einn dag þar sem við erum öll saman í lauginni með innilaug og útilaug kom nýttist vel, þennan dag sem íþróttahúsið var í útleigu.



Við hefðum getað verið duglegri við að virkja nemendur betur í að setja sér einstaklingsmarkmið og meta sig sjálf. Þyrftum að gefa okkur tíma í íþrótt- og sundkennslu í almenna uppfræðslu um heilbrigði, heilnæman lífstíl, líkamsvitund, hlutverk ólíkra vöðvahópa og ákveðinn grunn í líffærafræði. Sem við gerðum þó tilraun til að innleiða í vetur en vorum ekki nógu markviss í.

Markmiðin í íþróttakennslunni og sundkennslunni voru alltof mörg og við erum öll sammála um að fara í gegnum þau hið fyrsta og taka út, mörg innihéldu alltof svipuð markmið sem væri hægt að setja undir sama hátt með öðru orðalagi.

Almenn samantekt

Það er full þörf á því að taka tillit til eðlis íþrótt- og sundkennslu við gerð stundarskrár. Þegar íþróttatími á að hefjast 8:10 þegar bjallan hringir eru nemendur ekki klárir í íþróttafötum til að byrja tímann sinn. Íþróttakennarinn sem á að stjórna þessum tíma þarf einnig að mæta vel tímanlega í vinnuna til að vera klár þegar tími hefst, búin að stilla upp áhöldum og skrúfa niður tæki og tól ef þess þarf og því þarf að taka tillit til þess í vinnuramma. Eins og staðan á íþróttahúsinu er í dag, þar sem enginn húsvörður er við þá féll það einnig í okkar hlut að fylgjast með frágangi og upplýsa um umgang og meðhöndlun tækja og tóla þegar aðrir starfsmenn voru að nota húsið eða húsið í leigu.

Það fer á köflum mikill tími í að taka á móti nemendum, sinna gæslu o.fl. í sundlauginni.

Markmiðalistanna þarf að nýta með markvissum hætti. Skoða þarf listanna og meta á gagnrýninn hátt til að koma auga á annmarka, ef einhverjir eru. Nýta svo í framhaldinu til að bæta kennsluna og nám.

Áhersla okkar var að umgengni í íþróttahúsinu væri góð, þar inni væri borin virðing fyrir búnaði jafnt sem samnemendum og starfsfólki. Við fínþússuðum umgengi og reglur hússins og bættum við í útbúnaðinn það sem við höfðum séð að hefði mátt bæta við og með notkun sést auðvitað á hinum ýmsu áhöldum og jafnvel ónýtt sumt og það þurfti að endurnýja.

Heilsu og lífstílsvenjur eru atriði sem skólinn mætti leggja áherslu á næsta skólaár. Hollt mataræði og nesti - hverskonar drykkjarföng viljum við sjá innan veggja skólans - erum við heilbrigðar fyrirmyndir í þessum venjum.

Agamál er eitthvað sem þarf alltaf að vinna að og var gert mun meira að í vetur en undanfarið. Hvert viljum við stefna, verðum að halda áfram að halda uppi jákvæðs aga stefnunni svo að allir séu meðvitaðir um stefnuna, nemendur, kennarar og annað starfsfólk. Hvernig erum við í samskiptum við hvort annað og börnin okkar í skólanum. Hvernig hegðun sættum við okkur við að þau sýni hvert öðru. Hvar drögum við línuna, hvenær er barn komið of langt og hvernig á þá að bregðast við. Hvar liggur ábyrgð foreldra hvað varðar hegðun og agamál.



Ársskýrsla náms- og starfsráðgjafa

Nokkrir punktar um starf náms- og starfsráðgjafa

Náms- og starfsráðgjafinn var í 65% starfi þennan veturinn.

Viðtöl


Mikill hluti af starfi náms- og starfsráðgjafans fór í einstaklingsviðtöl. Viðtölin tóku allt frá fimm mínútum og uppí rúmar 60 mínútur en algengast var að viðtölin tækju um 20 mínútur. Ákveðnir nemendur hafa átt fasta tíma í hverri viku. Algengast er að kennarar eða foreldrar sækist eftir því að barn fái tíma hjá náms- og starfsráðgjafa. Þó er alltaf einhver hluti sem kemur að eigin frumkvæði og eru það þá helst nemendur á efstu stigum skólans. Foreldrar og starfsmenn skólans komu einnig þó nokkuð í viðtöl til náms- og starfsráðgjafa.

Veturinn 2017-2018 voru nemendur Naustaskóla 392 og voru það alls 98 nemendur sem nýttu sér þjónustu hans þennan veturinn sem eru tæplega 30% nemenda skólans. Alls skráði náms- og starfsráðgjafinn hjá sér 392 heimsóknir frá þessum 98 nemendum.


Fjöldi viðtala eftir árgöngum

Eins og kemur fram hér að ofan fékk náms- og starfsráðgjafinn alls 392 heimsóknir þetta skólaárið. Flestar heimsóknirnar voru frá nemendum á unglingastigi eða alls um 213. Heimsóknir frá 1, 2, 3 og 4 bekk voru alls 67 og frá 5, 6 og 7 bekk voru heimsóknir um 90. Fjölda heimsókna af unglingastigi má rekja til viðtala er 10 bekkingar fengu eftir að búið var að leggja fyrir áhugasviðskonunina Bendil í byrjun árs þar sem farið var einstaklingslega yfir niðurstöðu könnunarinnar og rætt um námsframvindu og möguleika í framtíðinni. Ef þær heimsóknir sem einvörðungu snéru að Bendil eru teknar út má fækka heimsóknum á unglingastigi um 31 skipti.

**Heildarfjöldi nemenda sem heimsótti náms- og starfsráðgjafa,
flokkað eftir bekk.**



Heildarfjöldi heimsóknna til náms- og starfsráðgjafa, flokkað eftir stigum



Önnur verkefni náms- og starfsráðgjafans



Fyrir utan þau viðtöl sem talin eru hér að ofan sinnti náms- og starfsráðgjafinn einnig öðrum aðkallandi málum sem töluverður tími fór í bæði í formi einstaklingsviðtala, hópviðtala, foreldrasamstarfs og annarra funda sem töluverður tími fór í.

Samstarf við aðra

- *Fundir:* Náms- og starfsráðgjafinn sat fasta fundi í hverri viku í nemendaverndarráði. Fundaði í hverri viku með tengilið félagsmiðstöðvarinnar. Þar að auki fundaði hann með öðrum náms- og starfsráðgjöfum grunnskóla Akureyrarbæjar 1x í mánuði ásamt því að sitja reglulega fundi með forvarnarfulltrúa bæjarins. Fundað var einnig með námsráðgjöfum MA og VMA.
- *Starfamessa:* Námsráðgjafar grunnskólanna á Akureyri stóðu fyrir svokallaðri Starfamessu annað árið í röð þar sem fyrirtæki í bænum komu saman í Háskólanum á Akureyri og kynntu starfsemi sína fyrir nemendum í 9 og 10 bekk grunnskóla bæjarins sem og nemenda úr nágrannasveitunum. Náms- og starfsráðgjafarnir sáu alfarið um alla skipulagningu því tengdu í nánú samstarfi við atvinnulíf bæjarins sem krafðist mikils tíma, funda og annað því tengdu.

Eineltis- og samskiptamál

Náms- og starfsráðgjafinn sinnti vinnu við eineltismál sem upp kom ásamt samskiptavandamálum bæði meðal drengja og stúlkna á unglingastigi, svo eitthvað sé nefnt.

Fundir

Töluverður tími fór einnig í fundarsetu og sat náms- og starfsráðgjafinn allnokkra fundi með kennurum og foreldrum vegna einstakra mála nemenda. Einnig mætti náms- og starfsráðgjafinn á teymisfundi með teyimum skólans nokkrum sinnum yfir veturinn.

Önnur verkefni

Náms- og starfsráðgjafinn hafði einnig yfirumsjón með nemendaráði skólans og hjálpaði nemendum við að koma hugmyndum sínum og skipulagningu áleiðis inn í skólastarfið.



Fræðsla sem nemendum Naustaskóla var boðið uppá veturinn 2017/2018

Nemendur á yngsta og miðstigi fengu námstækni frá námsráðgjafa en auk þess fengu bekkirnir eftirfarandi fræðslu.

- 1. *Bekkur*: Námsráðgjafi var með hjúkrunarfæðingi skólans með fræðsluna „Þetta er líkaminn minn“.
- 2. *Bekkur* Fékk fræðslu er nefnist „krakkarnir í hverfinu“ og tekur á ofbeldi gagnvart börnum.
- 3. *Bekkur* Námsráðgjafi sá um fræðsluna „Leyndarmálið“ sem fjallar um kynferðislega misnotkun á börnum.
- 4. *Bekkur* var eini bekkurinn sem fékk ekki fræðslu á vegum námsráðgjafa.
- 5. *Bekkur* fékk fræðslu er nefnist netið og ég og fjallar meðal annars um áhrif netnotkunar á sjálfsmyndina og rétt einstaklinga varðandi myndbirtingar á netinu.
- 6. *Bekkur* Þessi árgangur fékk fræðslu um fjölmenningu á vegum Alþjóðastofu sem og fræðslu sem hefur verið nefnd „ég er eins og ég er“ þar sem fjallað er meðal annars um að standa með sjálfum sér og virða fjölbreytileikann í hvert öðru. Þessi árgangur fékk einnig fræðslu frá VÍS þar sem farið var yfir hjólanotkun, hjálmanotkun og almennt um umferðina.
- 7. *Bekkur* Þessi árgangur fékk fræðslu frá hinsegin norðurlandi þar sem meðal annars er rætt um mismunandi fjölskyldumynstur og mismunandi kynhegðun fólks. Þau fengu einnig fræðslu frá Aflinu sem eru samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi. Þessi árgangur fékk einnig fræðslu er snýr að netinu og samskiptum þar.
- 8. *Bekkur* fékk fræðslu frá Siggu Dögg kynfræðingi og var foreldrum þessara barna einnig boðið uppá fræðslu um mál tengd kynlífi og kynheilbrigði. Einnig fengu þau fræðslu um einelti er horft var á íslenska heimildarmynd um einelti. Þá sá félagsmiðstöðin um fræðslu um áfengis-, vímuefna- og tóbaksnotkun og einnig kom fræðsla á vegum SAFT þar sem farið er í tölvunotkun ýmiskonar og hvaða hættur geta leynst á netinu. VÍS kom einnig í heimsókn í 8 bekk líkt og í 6 bekk of ræddi um hættur í umferðinni, hjálmanotkun, reiðhjól og rafvespur í tengslum við umferðina.
- 9. *Bekkur* fékk fræðslu frá hinsegin norðurlandi, Grófin geðverndarmiðstöð og sjálfsbjörg. Einnig fengu þau fræðslu frá jafnréttisstofu sem og fræðslu um áfengis-, vímuefna- og tóbaksnotkun frá félagsmiðstöðvunum.) bekkur fór einnig tvisvar sinnum í Hof ásamt 9 og 10 bekkjum grunnskóla bæjarins, annars vegar til að horfa á Þörupilta sem er leiksýning sem fræðir unglinga um kynlíf og kynhegðun á skemmtilegan hátt og hins vegar til að horfa á kvikmynd eftir Baltasar Kormák, Eiðurinn sem fjallar um heim fíkniefna. Auk alls þessa var 9 bekk boðið á kynningu í Verkmenntaskólanum á Akureyri ásamt því að Menntaskólinn á Laugum kom og kynnti fyrir þeim námsframboð skólans.
- 10. *Bekkur* fékk fræðslu frá báðum framhaldsskólum bæjarins nokkrum sinnum, bæði ein og með foreldrum. Einnig var þeim boðið í afar skemmtilega heimsókn í Menntaskólann á Tröllaskaga þar sem tækifærið var einnig notað til að skoða Síldarminjasafnið á Siglufirði. Menntaskólinn á Laugum kom og kynnti fyrir þeim námsframboð skólans. Einnig fengu þau kynningu á áhugasviðskönnunni Bendil, ásamt einstaklingsviðtölum til að fara yfir niðurstöður hennar. En þess fyrir utan fengu þau



fræðslu frá Jafnréttisstofu, fræðslu um fjármálavit, fræðslu um áfengis-, vímuefna- og tóbaksnotkun. Þorgrímur Þráinsson kom einnig og ræddi við þau um markmiðssetningu. Til þeirra kom einnig starfsmaður frá stéttarfélagi og kynnti þeim réttindi sín og hvernig lesa ætti í launaseðla svo eitthvað sé nefnt. Auk þess að fara í Hof ásamt 9 bekk og horfa annars vegar á Þörupilta og hins vegar Eiðinn.

Veturinn 2017/2018

Eva Björg Skúladóttir

Náms –og starfsráðgjafi Naustaskóla

Mat á skólastarfinu

Haustið 2017 varð nokkur breyting á starfsmannahópnum frá því á fyrra starfsári. Nýr deildarstjóri tók til starfa og ráðinn var tölvuumsjónarmaður í 50% starf. Nokkur breyting var á kennaralið skólans, þrír kennarar fóru í launalaust leyfi og voru kennarar ráðanir í þeirra stað, en kennari var í veikindaleyfi frá áramótum. Íþróttakennari í hlutastarfi var sagt upp störfum þar sem hagsmunum skólans þjónaði betur að hafa íþróttakennara í fullri stöðu. Ráðið var í hans stað íþróttakennari sem lét af störfum nokkru seinna innan reynslutíma ráðningar. Þriðji íþróttakennari hóf síðan störf í janúar og starfaði til vors. Nokkrar breytingar urðu í skólaliðahópnum og einnig bættust við nýir stuðningsfulltrúar Teymin héldu sínum sömu kennslusvæðum. Skólabyrjun fór vel af stað og allur undirbúningur fyrir skólaárið gekk vel. Áherslan í skólaþróuninni þetta árið lá sem fyrr í að efla starfshætti teymanna með það að markmiði að ná enn frekar fram þeim kostum sem í teymisvinnunni geta falist og skerpa á öllu verklagi í vinnu teymanna. Lögð var áhersla á að teymin héldu áfram að vinna út frá verklagsreglum fyrir teymi sem lögð voru fram á síðasta skólaári. Stjórnendur skiptu á milli sín teyminum skólans, sátu vikulega fundi með teyminum, bæði á nemenda- og trúnaðarfundum. Þetta skipulag var ákveðið í kjölfar þess að kennarar óskuðu eftir meiri stuðningi af hálfu stjórnenda. Einnig var fundað reglulega með teymi sérgreinakennara, íþróttakennara og skólaliða. Þetta skipulag og aðkoma stjórnenda, skiptu miklu máli og stuðluðu að samræðum á milli starfsfólks og stjórnenda um ýmiss málefni tengd skólaþróun, nemendamálum og líðan starfsfólks. Önnur aðaláhersla vetrarins fólst í áframhaldandi innleiðingu á Jákvæðum aga, einnig var áhersla lögð á að klára að endurmeta markmið og skólanámskrá skólans, ásamt því að búa til markmiðalista í tungumálum og samfélags- og náttúrufræði.

Í unglingadeild var unjnið í þróunarveerkefni sem fékk heitið Trú á eigin getu en til verkefnisins fékk skólinn styrk frá Sprotasjóði og Endurmenntunarsjóði grunnskóla.

Á haustönn leiðbeindi Ingvar Sigurgeirsson hópnum, en verkefnið hélt áfram eftir áramót og einn liður í því var að kennarar í unglingadeild heimsæktu unglingadeild Norðlingaskóla. Einnig var lögð áhersla á að auka sjálfstæði nemenda með því að setja allar námsáætlanir í



google classroom. Nokkuð vel tókst að tölvuvæða alla nemendur sem óskuðu eftir tölvum frá skólanum.

Í upphafi skólaárs var lögð áhersla á að kennarateymin myndum nýta sér n'ámsáætlanakerfið K3 í Mentor og ágúst fengu kennarar tveggja daga námskeið í gerð námáætlana í Mentor. Markmið þessarar vinnu var að þróa og samræma form og áherslur á árs- og námsáætlunum fyrir Naustaskóla. Einnig að nýta Mentor við gerð námsáætlana og dýpka enn frekar og þróa þau vinnubrögð, þannig að námsáætlanirnar gefi enn betri innsýn í inntak og framkvæmd kennslunnar, efnistöð og útfærslu námsmats og séu aðgengilegri foreldrum.

Hér á eftir má finna samantekt og mat á því hvernig við teljum að til hafi tekist við framkvæmd umbóta á liðnu skólaári og nokkrar tillögur sem fara inn í starfsáætlun næsta skólaárs sem viðfangsefni til úrbóta. Við mat á starfi skólans er stuðst við ýmis gögn sem safnað er allan veturinn og má þar helst telja:

- Gögn úr mentor.is, t.d. yfirlit yfir mætingar og forföll nemenda og starfsmanna, námsmatsgögn o.fl.
- Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk
- Niðurstöður starfsmannasamtala.
- Niðurstöður úr könnun Skólapúlsins meðal nemenda í 6.-10. bekk.
- Niðurstöður úr læsisprófum í 1.-3. bekk.
- Niðurstöður mats og úrbótatillagna í skýrslum teyma starfsmanna hér að framan.
- Mat teyma á stöðu starfs m.t.t. viðmiða um starfshætti sem fram eru sett í stefnu skólans.

Drjúgan hluta þessara gagna má finna á heimasíðu skólans á slóðinni

http://www.naustaskoli.is/page/matsgogn_skyrslur

Uppgjör á umbótatillögum skólaársins 2017 – 2018

Helstu þættir sem settir voru fram í starfsáætlun ársins, og þar af leiðandi sem unnið var að varðandi úrbætur á skólastarfinu veturinn 2017-2018 voru eftirfarandi (Merkt með grænu lettri sem gekk eftir, gulu sem gekk eftir að hluta en rauðu sem ekki gekk eftir):

Námsaðlögun:

- Eftirfylgd með þróun starfsáætlanir kennsluteyma með það að markmiði að þær gefi sem besta mynd af starfsháttum í hverju teymi og hvernig námsþættir og áherslur í starfinu raðast á skólaárið.
 - Ábyrgð: Kennsluteymi og stjórnendur.



- Vörður: Stjórnendur yfirfari starfsáætlanir og skili athugasemdir til teyma fyrir lok október. Endurskoðun í nóvember. Endurskoðaðar áætlanir birtar í desember ef með þarf.
- Kynna fyrir foreldrum

Þetta gekk eftir – leggja þarf áherslu á að kynna starfsáætlnir betur fyrir foreldrum t.d. í vikupóst og í Fréttabréfi skólans þar sem aðgengi og staðsetning er kynnt.

- **Lögð verði áhersla á að samræma form og áherslupætti kennsluáætla skólans og gerð áætlun um innleiðingu á 3. kynslóð mentorkerfisins í því skyni.**
 - Ábyrgð: Stjórnendur / kennarar.
 - Vörður: Markmið að allir kennarar geri reglulegar námsáætlanir – í Mentor eða gamla formi
 - Markmið að allir séu farnir að vinna námsáætlunir í Mentor/K3

Þetta gekk eftir – námskeið á notkun K3 í Mentor að hausti og eftirfylgd um veturinn. Kennarar þróuðu og eflðu þekkingu sína og færni yfir veturinn.

Leggja þarf áherslu á meiri samfellu á milli einstakra þátta í námsáætlunum og nánari útfærslu á námsmati í samræmi við sett viðmið og aðalnámskrá. Einnig þarf skýrari útfærslur á framkvæmd kennslunnar.

- **Leggja þarf áherslu á að öll kennarateymi nýti námsmarkmiðakerfið í mentor, þ.e. að setja þar inn markmið og meta þau eftir því sem náminu vindur fram, þannig að kennarar, foreldrar og nemendur geti á auðveldan hátt fylgst með námsframvindunni.**
 - Ábyrgð: Kennarar/ eftirfylgd stjórnendur
 - Vörður: Regluleg eftirfylgd af hálfu stjórnenda. Í nemenda- og foreldraviðtölum sé fastur liður að skoða námsmarkmið í sameiningu.
 - Leggja áherslur á kennarar merki jafnt og þétt við markmið í Mentor og tryggi á þann hátt sem besta yfirsýn á námsframvinduna.

Þetta náðist að einhverju leiti – umsjónarkennarar voru meðvitaðir um þessar áherslur. Stjórnendur fylgdu þessu máli eftir á teymisfundum. Festa þarf nemendasamtöl enn betur í sessi – leggja áherslu á stutta skráningu í Mentor. Finna þarf leiðir með kennurum til að koma þessum samtölum við.



- **Aukin notkun upplýsingatækni. Nemendur á unglingastigi komi með sín eigin tæki eða fáí lánuð hjá skólanum þannig að allir nemendur í 8.-10. bekk hafi sína eigin tölvu að staðaldri. Á yngra- og miðstigi verði til staðar bæði spjaldtölvur og tölvuver til notkunar. Horft verði til að innleiða og kynna forritun fyrir nemendum. Leggja áherslu á að nýta/innleiða Nearpod í kennslu til þess að tryggja fjölbreytni í kennslu.**
 - Ábyrgð: Skólastjóri / kennarar.
 - Vörður: Allir nemendur á unglingastigi hafi tæki fyrir lok september. Spjaldtölvur á yngra- og miðstigi teknar í notkun fyrir 20. september. One note í almennri notkun á unglinga- og miðstigi fyrir lok október. Notkun á Nearpod almenn meðal kennara fyrir lok desember.

Allir nemendur á unglingastigi höfðu tölvur til afnota fyrir sig frá haust. Flestir nemendur völdu að koma með sínar eigin tölvur. Fleiri spjaldtölvur voru til afnota á yngri stigum, kennarar á miðstigi hófu innlagn á kennslu í notkun Google Classroom og forritun. Nearpod er nýtt á miðstigi.

Auka þarf tölvukost enn frekar, kynna þróunarverkefni unglingadeildar fyrir kennurum, einnig hvernig við nýtum forritun og öpp í kennslunni.

- **Halda þarf áfram að þróa notkun á námsmöppum. Skoða þarf möguleika á rafrænum námsmöppum með tilkomu K3 í Mentor.**
 - Ábyrgð: Stjórnendur / kennarar.
 - Vörður: Reglulegar umræður um notkun á námsmöppum á teymis- og deildarfundum í vetur. Kaflar um námsmöppur í starfsáætlun tekinn til endurskoðunar í febrúar og þá með hliðsjón af möguleikum á rafrænum möppum.

Gekk ekki eftir – mikill misbrestur var að nemendur væru sendir heim með möppur og að tímasetningar möppuskila væri virtur. Rætt á skólaráðsfundi og línur lagðar um áframhald.

- **Átak í læsi í samstarfi við aðra grunnskóla á svæðinu.**
 - Ábyrgð: Stjórnendur og læsisnefnd.
 - Vörður: Læsisnefnd skipuð fyrir miðjan september. Útfærsla á læsisstefnu fyrir Naustaskólasem tekur mið af læsisstefnu Akureyrar tilbúin í janúar/.
 - Læsisstefna Akureyrar kynnt fyrir kennurum og foreldrum. Gerð sýnileg á heimasíðu skólans.



Læsisnefnd starfaði í vetur og skipulagði tvisvar læsisátak – einnig lagði hún drög að læsisstefnu Naustaskóla út frá læsisstefnu Akureyrar. Læsisstefna Akureyrar sett inn á heimsíðu skólans.

Kynna þarf læsisstefnu Akureyrar betur fyrir kennurum og foreldrum.

- **Vinna þarf að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár grunnskóla.**
 - Allar starfs- og kennsluáætlanir taki tillit til grunnþátta menntunar og vinnu með lykilhæfni.
 - Heildarfyrirkomulag námsmats við skólann verði þróað áfram og lagað að kröfum aðalnámskrárinnar.
 - Rýnt verði markvisst í kennsluhætti og hversu vel þeir endurspeglar áherslur aðalnámskrár. Varðandi kennsluhætti verði sérstaklega horft til hópaskiptinga, nýtingar og skipulagningar á kennslurýmum, samvinnunáms, speglaðrar kennslu o.fl.
 - Ábyrgð: Kennarar og stjórnendur.
 - Vörður: Yfirlestri og uppfærslu starfsáætlana lokið í september. Stjórnendur taka stikkprufur af kennsluáætlunum og koma ábendingum á framfæri varðandi tengingar við grunnþætti og lykilhæfni. Lögð áhersla á að nýta K3 við gerð kennsluáætlana.

Gekk eftir.

- **Varðandi endurmenntun verði unnið skv. endurmenntunaráætlun og áhersla lögð á sömu þætti og á undanförunum misserum þ.e. Jákvæðan aga, námsaðlögun og kennsluhætti á opnum svæðum, Byrjendalæsi, vinnu í teymi og mótun námssamfélags. Einnig verður lögð áhersla á þróun og gerð kennsluáætlana.**
 - Ábyrgð: Stjórnendur.
 - Vörður: Sjá endurmenntunaráætlun.

Jákvæður agi.

Haldin voru námskeið í JA aga fyrir nýliða, stofnuð var JA aga nefnd sem kom reglulega með innlegg á kennara – og starfsmannafundi. Fimm starfsmenn fóru á leiðtoganámskeið í JA aga í apríl – einnig varð JA sýnilegrí í skólanum - settir voru upp víðsvegar um húsið lausnastaðir og lausnahjólið var sýnilegt víða. Reglulegir



bekkjarfundir þar sem mál eru sett á dagskrá eru að festast í sessi og bekkjarfundir voru haldnir a.m.k einu sinni til tvisvar í viku.

Leggja þarf meiri áherslu að hausti á jákvæðan aga bæði fyrir nýja starfsmenn og eldri. Fræðsla og eftirfylgd þarf að vera markvissari allan veturinn og samræma þarf viðbrögð við agavandamálum og kynna verkfæri JA vel fyrir starfsfólki skólans. Möguleiki á að nýta betur JA nefnd og það starfsfólk sem farið hefur á leiðtoganámskeið í jafningjastuðning og til að koma með innlegg á kennara – og starfsmannafundi. Mörg teymi birtu verkfæri vikunnar í vikupóstum sínum – en leggja þarf áherslu á að gera þau sýnilegri öllu starfsfólki t.d. í vikupósti stjórneda.

Rætt var um leiðir, form og markmið námsaðlögunar á kennarafundi og á teymisfundum með stjórnendum – bæð með hliðsjón af stefnunni skóli án aðgreiningar og stefnu Naustaskóla. Leitast var við að fylgja eftir gerð einstaklingsnámskrár og framkvæmd námsaðlögun á teymisfundum og nemendaverndarráðsfundum.

- **Leitast við að námsaðlögun sé haldið áfram þar sem frá var horfið þó nemandi fari milli aldurstiga eða kennsluteyma.**
 - Ábyrgð: Kennarar.
 - Vörður: Stjórnendur taki til umræðu á teymisfundum reglulega yfir veturinn.

Þetta gekk nokkuð vel hjá okkur. Þó er nauðsynlegt að leggja enn meiri áherslu á að merkja jafnt og þétt við markmiðin þegar þeim er náð, til að tryggja sem besta yfirsýn á námsframvinduna. Bæði til hagsmuna fyrir nemendur, foreldra og kennara.

Fylgja þarf betur eftir námsaðlögun og gerð einstaklingsnámskrár – leggja fram tillögur að framkvæmd og útfærslum.

Athvarf:

- **Fræðsla til kennara m.a. um skipulagningu og nýtingu námssvæða í samstarfi við Ingvar Sigurgeirsson**
 - Ábyrgð: Stjórnendur
 - Vörður: Fræðsludagur í ágúst. Umræður á kennara- og teymisfundum reglulega yfir veturinn. Þróunarverkefni í unglingadeild.

Þróunarverkefni í unglingadeild gekk vel og verður framhaldið.



- **Hrinda þarf í framkvæmd áformum um vinabekki.**
 - Ábyrgð: Stjórnendur.
 - Vörður: Fyrirkomulag kynnt og virkjað í lok október.

Gekk ekki eftir.

- Vinna þarf að nánari útfærslu á því stefnumiði skólans að „skólinn sé miðstöð hverfisins“.
 - Ábyrgð: Stjórnendur og hverfisnefnd.
 - Vörður: Óskað eftir hugarflugsfundi með hverfisnefnd eftir áramótin til að afla hugmynda og útfæra þær.

Gekk ekki eftir.

Umhyggja og virðing:

- Auka þarf fræðslu um Jákvæðan aga til starfsmanna.
 - Ábyrgð: Skólastjóri.

Haldin voru námskeið í JA aga fyrir nýliða, stofnuð var JA aga nefnd sem kom reglulega með innlegg á kennara – og starfsmannafundi. Fimm starfsmenn fóru á leiðtoganámskeið í JA aga í apríl – einnig varð JA sýnilegri í skólanum - settir voru upp víðsvegar um húsið lausnastaðir og lausnahjólið var sýnilegt víða. Reglulegir bekkjarfundir þar sem mál eru sett á dagskrá eru að festast í sessi og bekkjarfundir voru haldnir a.m.k einu sinni til tvisvar í viku.

Leggja þarf meiri áherslu að hausti á jákvæðan aga bæði fyrir nýja starfsmenn og eldri. Fræðsla og eftirfylgd þarf að vera markvissari allan veturinn og samræma þarf viðbrögð við agavandamálum og kynna verkfæri JA vel fyrir starfsfólki skólans. Möguleiki á að nýta betur JA nefnd og það starfsfólk sem farið hefur á leiðtoganámskeið í jafningjastuðning og til að koma með innlegg á kennara – og starfsmannafundi. Mörg teymi birtu verkfæri vikunnar í vikupóstum sínum – en leggja þarf áherslu á að gera þau sýnilegri öllu starfsfólki t.d. í vikupósti stjórnenda.



- **Nýta þarf bekkjafundi enn betur til að kenna nemendum að leysa ágreiningsmál og styrkja þá til að finna lausnir á málum.**
 - Ábyrgð: Teymisformenn /kennarar.
 - Vörður: Áætlanir varðandi framkvæmd bekkjafunda vetrarins liggi fyrir í síðasta lagi í janúarlok, en þá þurfa gæðahringir, með dagskrármálum frá nemendum, að Vörður: Áætlanir varðandi framkvæmd bekkjafunda vetrarins liggi fyrir í síðasta
 - lagi í janúarlok, en þá þurfa gæðahringir, með dagskrármálum frá nemendum, að vera komnir til framkvæmda í öllum námshópum.
 - Vörður: Ítarlegri nýliðanámskeið að hausti en áður. Verkfæri vikunnar sett í vikupóst. Fræðslufundir skipulagðir 4 sinnum yfir veturinn auk sérstakrar fræðslu til annarra starfsmanna en kennara.
 - vera komnir til framkvæmda í öllum námshópum.

Haldin voru námskeið í JA aga fyrir nýliða, stofnuð var JA aga nefnd sem kom reglulega með innlegg á kennara – og starfsmannafundi. Fimm starfsmenn fóru á leiðtoganámskeið í JA aga í apríl – einnig varð JA sýnilegri í skólanum - settir voru upp víðsvegar um húsið lausnastaðir og lausnahjólið var sýnilegt víða. Reglulegir bekkjarfundir þar sem mál eru sett á dagskrá eru að festast í sessi og bekkjarfundir voru haldnir a.m.k einu sinni til tvisvar í viku.

Leggja þarf meiri áherslu að hausti á jákvæðan aga bæði fyrir nýja starfsmenn og eldri. Fræðsla og eftirfylgd þarf að vera markvissari allan veturinn og samræma þarf viðbrögð við agavandamálum og kynna verkfæri JA vel fyrir starfsfólki skólans. Möguleiki á að nýta betur JA nefnd og það starfsfólk sem farið hefur á leiðtoganámskeið í jafningjastuðning og til að koma með innlegg á kennara – og starfsmannafundi. Mörg teymi birtu verkfæri vikunnar í vikupóstum sínum – en leggja þarf áherslu á að gera þau sýnilegri öllu starfsfólki t.d. í vikupósti stjórnenda.

- **Skólasáttmáli og viðmið um aðgerðir endurskoðuð og kynnt rækilega fyrir nemendum, foreldrum og starfsfólki.**
 - Ábyrgð: Skólastjóri
 - Vörður: Ný viðmið varðandi ástundun og viðbrögð við þeim innleidd og kynnt fyrir lok september. Heildarendurskoðun skólareglna lokið fyrir áramót. Kynning til foreldra í gegnum fréttabréf og heimasíðu í janúar, einnig á viðtalsdegi.

Skólasáttmáli var kynntur á starfsmannafundi í haust.



Ýtarlegri kynning þarf að faara fram reglulega á starfsmannafundum. Endurskoða þarf skólareglur og kynna þarf ný samræmd viðmið um ástundun innan grunnskóla Akureyrar.

Samvinna:

- Reglulegum nemendasamtölum verði komið á fót.
 - Ábyrgð: Umsjónarkennarar
 - Vörður: Fyrstu umferð nemendasamtala skal lokið fyrir lok nóvember, annarri umferð fyrir lok mars.

Nemendasamtölum fylgt eftir af hálfu stjórnenda – nemendasamtöl tekin hjá einhverjum teyllum.

Nemendasamtöl eru þó ekki skipulögð reglulega.

- **Leitað leiða til að auka þátt nemenda og foreldra í námsmati.**
 - Ábyrgð: Stjórnendur og kennarar
 - Vörður: Námsmatsnefnd geri tillögur fyrir lok mars.
- **Halda þarf áfram þjálfun í vinnubrögðum teymisvinnu, nýta þá leiðtogahæfileika sem finnast í starfsmannahópnum til forystu í ákveðnum verkefnum. Endurskoðun og frekari útfærsla á starfsreglum teyma.**
 - Ábyrgð: Stjórnendur og kennarar.
 - Vörður: Stjórnendur sitja vikulega fundi með öllum kennsluteyllum. Leitast við að nýta vinnumat til að fela starfsmönnum afmörkuð verkefni. Endurskoðun á starfsreglum teyma í apríl.

Gekk eftir – stjórnendur sátu vikulega teymisfundi – þar sem unnið var út frá starfsreglum teyma.

- Stjórnendur skipti áfram á milli sín teyllum skólans, sitji sem flesta fundi með þeim og verði þannig starfsmönnum til halds og trausts.
 - Ábyrgð: Skólastjóri
 - Vörður: Stjórnendur skipta með sér verkum í ágúst. Endurskoðun á fyrirkomulagi í



- apríl meðfram endurskoðun á starfsreglum teyma.

Gekk eftir – stjórnendur sátu vikulega teymisfundi – þar sem unnið var út frá starfsreglum teyma.

- **Fundafyrirkomulagi innan skólans verði breytt.**
 - Ábyrgð: Skólastjóri.
 - Vörður: Breytt fundafyrirkomulag tekið upp í skólabyrjun. Ítarlegra skipulag funda tilbúið og birt í starfsáætlun vetrarins.

Gekk eftir – þarf þú að útfæra fundarskipulag betur.

- **Í samvinnu við nemendaráð verði haldið skólalöng með nemendum á mið- og elsta stigi.**
 - Ábyrgð: Skólastjóri.
 - Vörður: Undirbúið í febrúar.

Gekk ekki eftir.

Táp og fjör:

- Auka þarf enn frekar útikennslu og nýtingu skólalóðar og umhverfis til kennslu.
 - Ábyrgð: Stjórnendur / kennarar / íþróttakennarar.
 - Vörður: Stjórnendur gangi eftir því við kennsluteymi að umhverfið sé notað reglulega í kennslu. Íþróttakennarar útbúi leikjahandbók og kenni nemendur að nýta skólalóð í útiþróttatímum.

Gekk ekki eftir.

- **Stjórnendur leggi áfram áherslu á hvatningu til starfsmanna og einstaklingsviðtöl við starfsmenn til að ræða líðan og starfsþróun.**
 - Ábyrgð: Stjórnendur
 - Vörður: Fyrstu umferð samtala lokið fyrir lok nóvember. Annarri umferð fyrir lok febrúar. Formleg starfsþróunarsamtöl í febrúar-mars.

Gekk eftir – viðtölum var þó fækkað úr þremur í tvö.



